JENNÝ ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR

*Sinnir bæði andlegri og líkamlegri heilsu sinni*

heilsa bækur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



AUSTURLAND

*Austfjarðaþokan liðast inn með fjöllunum*

Sérblað um Austurland

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SKÚLI BJÖRN SIGURÐSSON

*Lomber, bókavaka herragarðskvöld*

Margt á döfinni á Skriðuklaustri

AUSTURLAND Í MIÐJU BLAÐSINS




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. október 2007 — 295. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Til liðs við Regnbogabörn



Þorgrímur Þráinsson reynir fyrir sér á nýjum vettvangi í stjórn Regnbogabarna.

FÓLK 34

### Ölvuð og týnd



Hver Lost-stjarnan á fætur annarri gerist sek um ölvunarakstur.

FÓLK 29

### Börn og dagheimili

„Öll börn sem eru að vaxa úr grasi í mínu umhverfi hafa verið á dagheimilum eða hjá dagmæðrum og síðan í leikskólum," skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 18

### Ólafur í stað Eyjólfs



KSÍ réð Ólaf Jóhannesson í starf landsliðsþjálfara karla í gær. Ólafur stýrir sínum fyrsta leik á Parken í lok nóvember.

ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUÐAUSTAN TIL** - Í dag verður norðan strekkingur austast á landinu, annars mun hægari. Él norðan og vestan til en lengst af bjart veður á landinu suðaust anverðu. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4






# Þúsund til landsins vegna tölvuleiks

**Um þúsund manns koma til Íslands um helgina til þess að sækja uppskeruhátíð fjölspilunarleiksins EVE Online. Hátíðin er orðin svipuð Airwaves að stærð. Framkvæmdastjóri CCP segir félagsskapinn, spjallið og skemmtunina laða fólk að.**

**TÖLVULEIKIR** Um þúsund erlendir gestir leggja leið sína til landsins um helgina vegna uppskeruhátíðar EVE Online-tölvuleiksins frá CCP. Hátíðin, sem kallast Fanfest, verður haldin í Laugardalshöll að þessu sinni, en hún hefur sprengt utan af sér Loftkastalann og Hótel Nordica undanfarin ár vegna stærðar.

„Við erum ekki að fara að fylla Laugardalshöllina, en ef áfram heldur sem horfir gætum við þurft að finna stærra húsnæði fyrir árið 2009," segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. „Ég man ekki eftir fjölmennari ráðstefnu á Íslandi í svipinn, það er helst Airwaves eða eitthvað slíkt sem gæti slegið þetta út."

Á annað þúsund erlendir gestir, blaðamenn og tónlistarmenn komu til landsins vegna Airwaves-tónleikahátíðarinnar sem haldin var 17. til 21. október síðastliðinn.

Flestir erlendu gestanna koma frá Bretlandi, en sumir fljúga yfir hálfan hnöttinn frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi til að taka þátt í hátíðinni.

En hvað fær fólk til að ferðast þúsundir kílómetra til Íslands vegna tölvuleiks? „Ég held að fólk komi hingað til að hitta þá sem það hefur verið að spila með, hitta okkur sem erum að gera leikinn og spjalla um hvað er að gerast í heiminum," segir Hilmar. „Þetta er miklu frekar fögnuður yfir EVE Online-leiknum sem slíkum en að fólk sé að koma til að sjá eitthvað ákveðið." - sþs / 

sjá síðu 28



**SNÖR HANDTÖK** Mikið var að gera á dekkjaverkstæðum landsins í gær, enda til siðs hjá Íslendingum að setja vetrardekkin undir eins seint og mögulegt er. Björn, Rafau og Rimas á Max 1 dekkjaverkstæðinu í Jafnaseli strituðu allan liðlangan daginn við að koma sem flestum af sleipu sumardekkjunum og á eitthvað gripbetra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hálfíslenskur maður varinn af lögfræðingi Slobodans Milosevic í sakamáli:

# Sakaður um að kúga konungborna

**BRETLAND** Íslenskættaður maður, Ian Strachan, situr í gæsluvarðhaldi í Bretlandi grunaður um að hafa reynt að kúga fé af bresku konungsfjölskyldunni. Mál hans verður tekið fyrir í lok desember.

Málið snýst um kynlífsmyndband þar sem meðlimur bresku konungsfjölskyldunnar er sagður koma fyrir en Strachan og félagi hans eru sagðir hafa krafist fyrir það. Þeir eru sakaðir um að hafa reynt að nota myndbandið til að hafa sex milljónir króna af þeim sem kemur fram í myndbandinu.

Verjandi Strachans í málinu er Giovanni Di Stefano, fyrrverandi verjandi Slobodans Milosevic og Saddams Hussein. Hann segist sannfærður um sakleysi skjólstæðings síns.

„Hann líður fyrir það að aðalborinn maður á hlut að máli. Þetta væri ekki svona ef þetta væru bara þú og ég," segir hann í samtali við Fréttablaðið. Ástæðan fyrir því að Di Stefano tók þetta mál að sér er að sonur hans og Strachan eru góðir vinir.

Ian Strachan heitir fullu nafni Paul Einar Ian Adalsteinsson og ólst upp í skosku borginni Aberdeen. Hann er sonur Aðalsteins Aðalsteinssonar og Elizabeth Strachan. Þau skildu þremur árum eftir að Ian kom í heiminn.

Málið hefur vakið mikla athygli í Bretlandi og hafa dagblöð fjallað ítarlega um það. - sþs / fgg / 

sjá síðu 34


Notaðir bílar 100% lán

Nú býðst þér Golf Variant árgerð 2006

18.990 kr. á mánuði*

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

* Miðað við 100% lán frá SP Fjármögnun í 84 mánuði. Athugið að með fjármögnun verður heildargreiðsla láns hærri en kaupverð bílsins.




**DALATANGI** „Við erum ekki undarlegri en aðrir," segja vitaverðirnir á Dalatanga, Heiðar og Marsibil. MYND/KAREN JENNY

Vitaverðir á Dalatanga:

# Veðrið hefur batnað mikið

**FÓLK** „Það er greinilegt að veðurfar er að breytast á Íslandi," segir Heiðar W. Jones, sem hefur ásamt eiginkonu sinni, Marsibil Erlendsdóttur, verið vitavörður á Dalatanga í fimmtán ár. Einangrun á Dalatanga hefur minnkað mikið síðastliðin ár en áður voru þau hjónakorn oft innilokuð frá byrjun nóvember og fram í júní.

Þá urðu börn þeirra að hafa vetursetu hjá móðursystur sinni frá því þau byrjuðu sex ára gömul í skóla í Brekku í Mjóafirði. „Það var einfaldlega ekki hægt að fara á milli vegna ófærðar," segir Heiðar. Í viðtali við hjónin í sérblaði um Austurland í miðju Fréttablaðsins segja þau frá lífinu á Dalatanga. - sg

Karlmaður á áttræðisaldri lést:

# Ók af veginum og lenti á staur

**SLYS** Karlmaður á áttræðisaldri lést í bílslysi við Ærlæk, skammt norðan við Egilsstaði, á fimmta tímanum í gær. Hann var einn á ferð í jepplingi þegar hann fór út af veginum.

Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, segir að bifreið mannsins hafi farið yfir endann á ræsi við veginn og farið út af honum vinstra megin við akstursstefnu. Þar hafi hann lent á staur og stöðvast. Bíllinn valt ekki við útafaksturinn. Að sögn Óskars voru aðstæður með góðu móti þegar slysið varð, engin hálka á veginum.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. - sþs

Niðurstaða 668 síðna skýrslu:

# Allt of margar skýrslur í Texas

**BANDARÍKIN** Of mikið er um skýrslur í Texas-ríki. Þetta er niðurstaða skýrslu sem ríkisbókasafnið hefur gert í samvinnu við skjalasafnsnefnd Texas. Skýrslan er 668 síður og tók eitt og hálft ár að skrifa.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar viðamiklu skýrslu væri hægt að spara þúsundir vinnustunda og álíka mörg tonn af pappír ef hægt væri að draga úr skýrslugerðarþörf ríkisstarfsmanna. Stofnanir séu látnar skila skýrslum um hitt og þetta, þó að engin sé þörfin.

Skýrsluskýrslan er þó ekki fullgerð, heldur verður unnið í henni næsta árið. - sþs

## SPURNING DAGSINS



*Einar, er súlan ykkur ljós í myrkrinu?*

„Já, þetta er algjör öndvegissúla!“

Viðeyjarferðir sigla daglega aukaferð til að ferja ferðamenn út í Viðey sem vilja skoða friðarsúlu Yoko Ono. Einar Steinþórsson starfar hjá Viðeyjarferðum.

Leiðtogafundur Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna:

# Áhugi á föngun koltvísýrings

**ÓSLÓ, FRÉTTABLAÐIÐ** Aðgerðir til að hamla gegn gróðurhúsaáhrifunum voru aðalmálið á dagskrá leiðtogafundar Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna í Ósló í gær. Venja er að þessi svonefndi „5+3“-leiðtogafundur fari fram í tengslum við árlegt þing Norðurlandaráðs.

Gestgjafinn Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, sagði á blaðamannafundi að meðal þess sem leiðtogarnir hefðu rætt um væru tilraunir Norðmanna með nýja tækni til að fanga koltvísýring frá gasorkuverum og dæla honum niður í borholur á hafsbotni. Þar sem norsk stjórnvöld verja miklu fé til verkefnisins,



**JENS STOLTENBERG** Gestgjafi leiðtogafundar Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.

sem þó er unnið af einkaaðilum, hafa þau lent í útistöðum við samkeppnisyfirvöld Evrópusambandsins vegna málsins. Stoltenberg og nokkrir starfsbræður hans, þar á meðal Geir H. Haarde, vona að sú deila leysist farsællega.

Á fundinn vantaði danska forsætisráðherrann, Anders Fogh Rasmussen, sem nú er á kafi í kosningabaráttu eftir að hann boðaði til þingkosninga fyrir viku. Gestgjafinn Stoltenberg sagði að þótt norræni leiðtogafundurinn væri mikilvægur væri kosningabarátta enn mikilvægari og því væri fjarvera Foghs afsökuð. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði eftir fundinn aðspurður að hann myndi sennilega ekki heldur mæta á svona fund ef hann væri í miðri kosningabaráttu. - aa

Umboðsmaður Alþingis:

# Fær svör frá borginni í dag

**STJÓRNSÝSLA** Frestur borgaryfirvalda í Reykjavík til þess að svara tólf spurningum Umboðsmanns Alþingis varðandi Orkuveitu Reykjavíkur (OR), Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysi Green Energy (GGE) rennur út í dag.

Borgarlögmaður, Kristbjörg Stephensen, svarar spurningum fyrir hönd borgarinnar en samkvæmt upplýsingum frá ráðhúsi Reykjavíkur var ekki búið að ganga frá endanlegri útgáfu af svörunum seinni partinn í gær.

Umboðsmaður spurði ítarlega út í málefni OR, REI og GGE. - mh

Forseti Norðurlandaráðs:

# Norrænt öryggismálasamstarf

**ÓSLÓ, FRÉTTABLAÐIÐ** Norðurlönd myndu hafa mikið gagn af að auka samstarf sín í milli á sviði utanríkis- og varnarmála. Þetta segir Dagfinn Høybråten, forseti Norðurlandaráðs, í samtali við Fréttablaðið. 59. þing Norðurlandaráðs hefst í Ósló í dag.



**DAGFINN HØYBRÅTEN** Forseti Norðurlandaráðs. NORDEN.ORG

Í nýrri viðhorfskönnun, sem ráðið lét gera á öllum Norðurlöndunum, kemur meðal annars fram að Íslendingar og Norðmenn eru sérstaklega áhugasamir um að Norðurlönd efli samstarf í utanríkis- og öryggismálum.

„Ég tel að við lifum á nýjum tímum hvað varðar utanríkis- og öryggismál í norrænu samhengi,“ segir Høybråten. - aa

Olmert Ísraelsforseti:

# Greinist með krabbamein

**JERÚSALEM, AP** **Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, skýrði í gær frá því að hann væri með krabbamein í blöðruhálskirtli.**

**Hann tók þó fram að hann muni ná fullum bata og verði fær um að gegna störfum sínum áfram. Hann þurfi að gangast undir aðgerð innan fárra mánaða og verði ekki frá störfum nema í fáeina klukkutíma.**

**„Samkvæmt áliti lækna verður engin þörf á geislameðferð eða lyfjameðferð,“ sagði Olmert í gærmorgun.Verði Olmert lengur frá vinnu er reiknað með að Tzipi Livni utanríkisráðherra taki við á meðan.** - gb

# Segir meirihlutann bæði með og á móti

**Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir frávísunarkröfu OR á máli Svandísar Svavarsdóttur sýna ótrúverðuga stöðu meirihlutans í málinu. Málið fer sína leið og skoðunin á málum OR og REI heldur áfram segir Svandís Svavarsdóttir. Frávísunarkrafan verður tekin fyrir eftir tæpa viku.**

**DÓMSMÁL** „Það liggur fyrir núna að Svandís, sem er fulltrúi meirihlutans í borgarstjórn og staðgengill borgarstjóra, er að höfða mál gegn OR sem meirihlutinn stýrir. Meirihlutinn er síðan á móti Svandísi og krefst frávísunar á málinu. Þetta er eins ótrúverðugt og það mögulega getur verið,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, um að lögmenn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hafi krafist þess að máli Svandísar Svavarsdóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna, gegn OR verði vísað frá.

Svandís höfðaði mál þar sem hún taldi ólöglega hafa verið boðað til eigenda- og stjórnarfundar OR 3. október síðastliðinn þar sem sameining Reykjavík Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE) var samþykkt, þótt enn hafi hún ekki gengið lögformlega í gegn. Svandís fer fram á að fundurinn verði dæmdur ógildur og þar með ákvarðanir sem á honum voru teknar. „Þetta mál mun fara sína leið en ég mun að öðru leyti ekki hafa áhrif á heildræna skoðun á málum OR og REI sem er í gangi núna,“ sagði Svandís.

Í greinargerð lögmanna OR vegna málsins kemur fram að vísa beri málinu frá þar sem Svandís hafi ekki lögvarða hagsmuni af málinu sem „veitt geti henni rétt til sóknaraðildar“ eins og segir í greinargerðinni. Þá er málsóknin talin gölluð þar sem stefna hefði átt öllum sem áttu aðild að fyrrnefndum fundi, það er REI, GGE, Akranesbæ og Borgarbyggð, en ekki einungis OR. Þá segir í greinargerðinni að vísa beri málinu frá þar sem ekki sé hægt að beina spjótunum einungis að eigendafundinum heldur hefði einnig þurft að gera kröfu um að stjórnarfundurinn yrði dæmdur ógildur. „Fundi verður ekki skipt upp í smærri einingar eins og virðist vera gert ráð fyrir í kröfugerð stefnanda.“

Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður er samkvæmt upplýsingum frá Héraðsdómi Reykjavíkur lögmaður OR í málinu. Ákveðið hefur verið að Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður fari með umsjón málsins fyrir hönd OR þar sem Helgi var fundarstjóri á fyrrnefndum eigenda- og stjórnarfundi og gæti verið kallaður fyrir sem vitni.

Arnar Þór Stefánsson héraðsdómslögmaður og samstarfsmaður Helga og Þórunnar á lögmannsstofunni Lex mun hins vegar flytja málið fyrir hönd OR næsta mánudag þegar frávísunarkrafan verður tekin fyrir í héraðsdómi.

magnush@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Frávísunarkrafa Orkuveitu Reykjavíkur á máli Svandísar Svavarsdóttur verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Segir málsókn sína ekki trufla skoðun meirihlutans í Reykjavík á málefnum REI og OR.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON** Segir stöðu meirihlutans í málinu ótrúverðuga.



**KAFFI HLJÓMALIND** Húsið sem kennt er við Hljómalind er friðað en ekki er víst hvort það muni standa áfram á horni Klapparstíg og Laugavegs.

Hljómalindarreitur:

# Ekki ljóst hvort húsið verði flutt

**SKIPULAGSMÁL** **Hugmyndir að skipulagi við Laugaveg 21 verða kynntar í vikunni. Einn eigenda Festa, fyrirtækisins sem byggir á reitnum, segir ekki ljóst hvort húsið sem hýsir Kaffi Hljómalind víki fyrir nýbyggingunum.**

**Samkvæmt hugmyndum Festa, sem lagðar verða fyrir borgarskipulag í vikunni, er gert ráð fyrir hóteli og verslunarhúsnæði á reitnum.**

**Benedikt T. Sigurðsson, eigandi Festa, er einnig eigandi BTS bygginga sem keypti nýlega reitinn hinum megin við Klapparstíginn af Strýtuseli ehf. Skipulag reitsins liggur ekki fyrir en hugmyndir eru um, að sögn Benedikts, að fjölga íbúðum frá upphaflegum áætlunum Strýtusels.** - eb

## UMFERÐIN

### 23 óhöpp á fjórum tímum

Alls urðu 23 umferðaróhöpp á fjórum og hálfum tíma í hálkunni á höfuðborgarsvæðinu í gær. Að sögn lögreglu var um minniháttar slys að ræða og urðu þau öll síðdegis.

## KALIFORNÍA

### Ríkisstjórinn reykti gras

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, hefur gengist við ólöglegri vímuefnaneyslu sinni. Hann hafi reykt maríjúana á áttunda áratugnum. „Það er ekki eiturlyf, það er lauf,“ sagði hann í viðtali við tímaritið GQ.


Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar.
Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

www.murbudin.is
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is


Laugavegur 74 verður endurbyggður í upprunalegri mynd:

# Kunnuglegt hús við Laugaveg

**SKIPULAGSMÁL** Verslunar- og íbúðahúsnæði rís í upprunalegri mynd við Laugaveg 74, milli Vinnufatabúðarinnar og Barónspöbbs. Hafist verður handa við byggingu 1.100 fermetra húsnæðis eftir þó nokkrar tafir.

„Lóðin reyndist öðruvísi í laginu en upphaflega var gefið upp og munaði nokkrum fermetrum þar sem húsin í kring ná inn á okkar lóð,“ segir Arnór Heiðar Arnórsson, eigandi Laugavegs 74 efh. sem byggir húsið. Orri Árnason arkitekt hjá Zeppelin arkitektum teiknaði húsið.

Unnið var að því í gærdag að dæla upp tæplega tveggja metra djúpu vatni í grunni hússins, sem safnast hafði fyrir í rigningum síðustu vikna, og talið var að gæti reynst hættulegt.

Húsið, sem verður tilbúið eftir um það bil eitt ár, verður kunnuglegt. Samkvæmt ákvæðum deiliskipulags verður götumyndinni ekki breytt. Bakhlið hússins verður þó með öðru móti en áður.

Á jarðhæðinni verður 400 fermetra verslunarhúsnæði, eins og áður, en ekki er ljóst hvaða verslun kemur til með að verða rekin þar að sögn Arnórs Heiðars.



**Í UPPRUNALEGRI MYND** Á jarðhæð hússins verður verslun en sex íbúðir á hæðunum fyrir ofan.

Á efri hæðunum verða sex íbúðir, samtals 700 fermetrar, með görðum og veröndum til suðurs.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á næstu dögum og húsið verði tilbúið eftir um það bil eitt ár. - eb




Fyrirtækjaþjónusta

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is

## GENGIÐ 29.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,17 | 60,45 |
| Sterlingspund | 123,83 | 124,43 |
| Evra | 86,65 | 87,13 |
| Dönsk króna | 11,623 | 11,691 |
| Norsk króna | 11,243 | 11,309 |
| Sænsk króna | 9,431 | 9,487 |
| Japanskt jen | 0,5254 | 0,5284 |
| SDR | 94,36 | 94,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,917

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Úrskurður í máli átján ára afbrotamanns í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Skal framseldur til Litháen

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að litháískur karlmaður sem dvalið hefur hér á landi að undanförnu skyldi framseldur til Litháen að kröfu þarlendra dómsyfirvalda. Þau höfðu lagt fram beiðni um framsal mannsins, sem er átján ára, til dómsmálaráðherra sem varð við beiðninni.

Í framsalsbeiðninni kom fram að maðurinn sætti rannsókn lögreglu í Raseiniai-sýslu í Litháen vegna fimm þjófnaðarbrota sem hann er grunaður um að hafa framið í félagi við fleiri á síðasta ári. Var um að ræða innbrot í íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Maðurinn kannaðist við brotin og að hafa framið þau þegar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kynnti honum framsalsbeiðnina. Hann hefur ekki gerst brotlegur hér á landi. Maðurinn vildi hins vegar ekki yfirgefa landið og kærði lögmaður hans úrskurðinn til héraðsdóms, sem staðfesti úrskurðinn.

Þá sitja nú í farbanni hér á landi til 1. nóvember þrettán Litháar sem grunaðir eru um stórfelldan þjófnað úr fjölmörgum verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Farið var fram á farbann yfir þeim þar til fyrir lægi ákvörðun um það hvort sækja ætti þá til saka. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Staðfesti úrskurð dómsmálaráðuneytisins um framsal.

Sviptur í þrjá mánuði:

# Setti hraðamet á Seyðisfirði

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður mældist á 186 kílómetra hraða á klukkustund á þjóðvegi 1 á Jökuldal aðfaranótt laugardags. Enginn hefur mælst á jafn miklum hraða í umdæmi Seyðisfjarðarlögreglunnar, en mesti hraði sem mælst hafði þar fram að þessu var 159 kílómetrar á klukkustund fyrir nokkrum árum.

Maðurinn var sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði samkvæmt fréttatilkynningu frá lögreglunni á Seyðisfirði. Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvun við akstur á sunnudagskvöld, en að öðru leyti var helgin róleg hjá lögreglumönnum. - sþs



**HVALVEIÐAR** Ekki var gefinn út kvóti á langreyðar í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÍ kanna afstöðu til hvalveiða:

# Meirihluti styður ráðherrann

**HVALVEIÐAR** Tveir af hverjum þremur Íslendingum styðja þá ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra að gefa ekki út hvalveiðikvóta fyrr en markaðsaðstæður breytast.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands og Alþjóðlega náttúruverndarsjóðinn (IFAW).

Alls sögðust 66,3 prósent sammála ákvörðun Einars, 11 prósent tóku ekki afstöðu og 22,6 prósent sögðust ósammála.

Rúmlega 1.200 Íslendingar á aldrinum 16-75 ára lentu í úrtakinu könnunarinnar, valdir af handahófi úr þjóðskrá. Svarhlutfallið var um 62 prósent. - bj

## MENNTUN

### Læknanemar stóðu sig vel

Íslenskir sjötta árs læknanemar stóðu sig með afbrigðum vel í bandarísku prófi sem þeir þurfa að taka til þess að fá að stunda framhaldsnám í læknisfræði í Bandaríkjunum. Að því er segir á vefsetri Landspítalans stóðu Íslendingarnir sig betur en bandaríski samanburðarhópurinn sem prófið miðast við.

# Árekstrar á Hólmsheiði

**Fjölmargar hugmyndir eru um uppbyggingu Hólmsheiðar. Séu þær birtar á einu korti má sjá stóra athafnabyggð inni í skógi vöxnu landi þétt uppi við flugvöll, fangelsi og losunarsvæði mengunarvarna borgarinnar. Ekki eru allir á eitt sáttir og hafa borist mótmæli vegna allra framkvæmdanna.**

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavík mun teygja anga sína allt til Hólmsheiðar á næstu árum. Nú er þar vatnsból Reykvíkinga, losunarsvæði fyrir mengaðan jarðveg og skógræktarland. Ráðgert er að þar rísi fangelsi milli nýs athafnasvæðis og Reykjavíkurflugvallar, verði hann færður á heiðina.

Flestar þessar framkvæmdir hafa valdið nokkrum deilum. Skógræktarfélag Reykjavíkur mótmælir áætlunum um að reisa nýtt athafnasvæði mitt í skóglendi sem skólabörn hafa ræktað síðan um miðjan níunda áratuginn á Hólmsheiði.

Deiliskipulagið nær yfir svæði sem er samanlagt um 170 hektarar að stærð og afmarkast svæðið af Suðurlandsvegi og Hólmsá í suðri og borgarmörkum Reykjavíkur í austri. Aðkoma að athafnasvæðinu er um Hafravatnsveg og um tengibraut að vestan, neðan við hesthúsasvæði í nágrenninu.

Í tillögunni frá skipulagssviði Reykjavíkurborgar segir að markmið borgarinnar séu að á svæðinu verði fjölbreytt framboð lóða með góðum tengingum við meginumferðarkerfi ásamt því að fella byggðina vel að landi og náttúrulegum aðstæðum.

„Við höfum gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum vegna skógræktarinnar á svæðinu. Í því felst að nýta þann gróður sem fyrir er innan lóða og er kvöð á lóðahöfum að fimmtán prósent lóðarinnar séu skógi vaxin. En við gerum okkur grein fyrir því að heilmikið af skógi fer undir bílastæði og byggingar,“ segir Björn Axelsson skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Á athafnasvæðinu er gert ráð fyrir að nýtt fangelsi rísi í þeim tilgangi að færa gæsluvarðhaldsfanga nær lögreglu og dómstólum í höfuðborginni. Því hafa fangaverðir á Litla-Hrauni mótmælt, enda eru þeir margir búsettir á Suðurlandi í nágrenni fangelsisins.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvert eigi að færa Reykjavíkurflugvöll og þykir Hólmsheiðin vera heldur langt frá miðborginni fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Þá hefur hugsanleg staðsetning flugvallarins verið gagnrýnd því hann þykir vera of nálægt vatnsbóli Reykvíkinga og má sama segja um losunarsvæði mengunarvarna borgarinnar sem ráðgert er að stækki á næstunni.

Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna umhverfissviðs Reykjavíkurborgar telur ekki ástæðu til að óttast mengun.

„Samkvæmt mínum upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur renna ekki grunnvatnsstraumar undir losunarsvæðið, auk þess sem ekki er um marga staði að ræða til þess að hreinsa mengaðan jarðveg.“ eva@frettabladid.is




**ÞÉTT BYGGÐ** Þar sem ráðgert er að rísi athafnasvæði er nú að finna skóg sem reykvísk skólabörn hafa ræktað frá því um miðjan níunda áratuginn. Þarna er einnig áætlað að byggja fangelsi.





Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MORGUNDAGURINN.** Það er yfirleitt rólegheitaveður á landinu í dag en á morgun snýst hann í allhvassa og sums staðar hvassa suðaustan átt, fyrst suðvestanlands. Þessu veðri fylgir myndarlegt úrkomusvæði og þar sem hitinn á landinu verður undir núllinu til að byrja með má búast við snjókomu í fyrstu sem síðan þróast yfir í slyddu og rigningu. Úrkomuloftið nær norður yfir land síðdegis á morgun.

**REYKJAVÍK Í DAG** Hæg breytileg átt og skýjað. Él seinni partinn. Hiti við frostmark.




10-18 m/s sunnan og vestan, til annars hægari. Hvessir norðan til síðdegis.

Víða strekkingur.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C léttskýjað | London | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 11°C léttskýjað |
| Billund | 10°C skúrir | París | 14°C skúrir | Lúxemborg | 11°C skúrir |
| Osló | 9°C rigning | Amsterdam | 13°C skúrir | Alicante | 22°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skúrir | Frankfurt | 12°C skúrir | Róm | 19°C léttskýjað |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 13°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



”Tók mér opnum örmum
Í Vildarþjónustu Sparisjóðsins færð þú persónulega þjónustu sem lagar sig að þínum þörfum
Starfsfólk Sparisjóðsins sér til þess að þú fáir ávallt það besta sem í boði er hverju sinni, því það er okkur kappsmál að hámarka ánægju viðskiptavina. Kynntu þér málið á spar.is.
Félagar í Vildarþjónustu fá meðal annars: Lán án ábyrgðarmanna | lægri yfirdráttarvexti og hærri innlánsvexti | frítt debetkort og afslátt af árgjaldi kreditkorta sérkjör á bílafjármögnun | 50% afslátt af lántökugjöldum lána til allt að 5 ára námskeið og ráðgjöf í fjármálum | ýmis sértilboð reglulega
SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú vilja fá greidd laun í evrum?*

| | |
|---|---|
| Já | 50% |
| Nei | 50% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að Kolaportið verði áfram í Tollhúsinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Spáð hefur verið rúmlega 1,5 milljarða króna halla á rekstri Landspítalans á árinu en ekki brugðist við:

# Skulda birgjum yfir einn milljarð króna

**HEILBRIGÐISMÁL** Gjaldfallnar skuldir Landspítalans við birgja eru nú á bilinu 1 til 1,1 milljarður króna, segir Magnús Pétursson, forstjóri spítalans. Hann reiknar með því að Landspítalinn muni greiða tugi milljóna króna í vexti og dráttarvexti á árinu.

„Það er ekki samræmi milli þess sem Landspítalinn er að gera, og á að gera, og þeirra fjármuna sem til hans eru ætlaðir,“ segir Magnús. Hann segist hafa rætt málið við nýjan heilbrigðisráðherra en málið snerti einnig fjármálaráðherra og í raun stjórnvöld í heild.

Reglulega hafa birst fréttir á undanförnum árum af skuldum Landspítalans við birgja, en Magnús viðurkennir að nú séu skuldirnar óvenju miklar og í raun allt of miklar. Landspítalinn sé þó hvergi nærri einn á báti, aðrar heilbrigðisstofnanir séu í svipaðri stöðu eða verri.

Magnús segir tvær meginskýringar á því að reikningar birgja séu ekki greiddir. Sú fyrri sé að legið hafi fyrir að halli á rekstri Landspítalans yrði fjögur til fimm prósent í upphafi árs. Þá hlaðist upp skuldir þegar líði á árið. Nú sé spáð 4,5 prósenta mun á tekjum og gjöldum á árinu, sem sé um 1,5 til 1,6 milljarðar króna.

Síðari skýringin sé sú að Landspítalanum gangi illa að innheimta kröfur vegna þjónustu sem spítalinn innir af hendi fyrir aðrar ríkisstofnanir, svo sem önnur sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Nú séu um 350 milljónir útistandandi sem greiða eigi spítalanum fyrir rannsóknir og fleira.

Þannig segir Magnús Landspítalann á vissan hátt fjármagna aðrar ríkisstofnanir, og þar með bíti vandinn í skottið á sér. - bj



**SKULDAVANDI** Landspítalinn á útistandandi kröfur upp á 350 milljónir króna hjá öðrum heilbrigðisstofnunum sem illa gengur að innheimta. Þannig bítur skuldavandinn í halann á sér segir forstjóri spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tugir starfsmanna fá laun sín í evrum

**Nokkrir tugir starfsmanna á Íslandi fá greitt í evrum. Hjá Straumi-Burðarási þiggja tæplega fjörutíu starfsmenn helming launa sinna, eða meira, í evrum. Stjórnendur margra fyrirtækja taka vel í að skoða málið komi sú ósk fram.**

**VINNUMARKAÐUR** Tugir starfsmanna hjá Straumi-Burðarási fá laun sín greidd í evrum, eða um þriðjungur. Langflestir þeirra eða alls 38 starfsmenn fá helming launa sinna, þrjá fjórðu eða 100 prósent í evrum. Aðeins sjö starfsmenn fá aðeins fjórðung launa sinna í evrum.

Straumur-Burðarás varð fyrst íslenskra fyrirtækja til að gefa starfsmönnum kost á að taka laun í erlendum gjaldmiðli. Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs, segir að ekkert þak sé á hlutfallinu. Straumur-Burðarás sé alþjóðlegt fyrirtæki.

„Fólk gerir þetta yfirleitt í beinu samhengi við þær skuldbindingar sem það hefur í erlendum lánum og það er ákveðin trygging þar,“ segir hún og hefur af þessu góða reynslu, tekur sjálf laun að fullu í evrum. „Þetta er fyrst og síðast persónulegt val og hefur reynst mér prýðilega.“

Sú þróun að fá greidd laun í evrum virðist skammt á veg komin hjá öðrum fyrirtækjum. Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi hjá Kaupþingi, segir að þessi ósk hafi ekki komið fram svo hann viti en yrði ábyggilega skoðuð hjá hverjum og einum ef þess yrði óskað.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segir að hugmyndin hafi ekki verið rædd innan fyrirtækisins. „Ég tel að meðan fyrirtæki er með tekjur í íslenskum krónum sé eðlilegt að greiða í íslenskum krónum en svo er þetta spurning um upptöku á evrunni,“ segir hann.





**REYNST PRÝÐILEGA** Hátt í fjörutíu starfsmenn Straums-Burðaráss á Íslandi fá fimmtíu til hundrað prósent launa sinna í evrum. Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs, er ein þeirra. Þetta „hefur reynst mér prýðilega“, segir hún.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir að félagið hafi um helming tekna sinna í erlendum gjaldeyri. Krónan geri fyrirtækinu lífið erfitt. Greiðslur í evru hafi ekki komið til skoðunar „en það er ljóst að við þurfum að skoða okkar gang varðandi allt tengt þessum málum,“ segir hann og telur koma til greina að greiða starfsmönnum í evrum.

Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri BHM, bendir á gengisáhættu sem fylgi því að taka laun í evrum nema það sé á móti húsnæðislánum í erlendri mynt. „Við kaupum allt í íslenskum krónum og því væri þetta bara gengisáhætta frá okkar bæjardyrum séð nema þetta væri valkvætt og gæti verið með á móti lánum.“

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu ætlar Marel að gefa starfsmönnum sínum kost á því að fá laun í evrum. ghs@frettabladid.is

**ÞAU FÁ LAUN Í EVRUM**

- 15 starfsmenn hjá Straumi-Burðarási fá 100 prósent launa sinna í evrum.
- 10 starfsmenn fá 75 prósent launa sinna í evrum.
- 13 starfsmenn fá 50 prósent.
- 7 starfsmenn fá 25 prósent.
- Samtals eru þetta 45 starfsmenn hjá Straumi-Burðarási.

Samgönguráðherra segir menn hafa farið fram úr sér í umræðu um þjóðvegi:

# Á ekki að færa vegi án aura

**SAMGÖNGUR** „Ríkisvaldið er ekkert að taka neina vegi á höfuðborgarsvæðinu og færa þá yfir á sveitarfélögin án þess að tekjur komi á móti,“ segir Kristján Möller samgönguráðherra.

Hann segir „menn hafa farið fram úr sér í þessu máli síðustu daga“ og þetta hafi verið „blásið upp“ í sjónvarpsfréttum.

Þar lýsti Sigurður Magnússon, bæjarstjóri Álftaness, þungum áhyggjum af því að um þriðjungur þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu verði gerður að svokölluðum sveitarfélagavegum. Þetta sé mikil aðför að fjárhag sveitarfélaganna, því engir aurar komi á móti.

Kristján bendir hins vegar á að í sjálfri flutningsræðu fyrrverandi samgönguráðherra með vegalögum hafi verið horfið frá þeirri hugmynd að færa veghald til sveitarfélaga, vegna andstöðu sveitarstjórnarmanna. Þar segir jafnframt að hefði svo orðið hefðu sveitarfélög fengið úthlutað fé af tekjustofnum til vegagerðarinnar.

Ofan á allt hafi vegamálastjóri ekki lagt fram tillögur um að færa vegi frá Vegagerð til sveitarfélaga. Kristján fundaði um þetta við Jón Rögnvaldsson vegamálastjóra, síðast í gær.

„Þetta er auðvitað mál sem á eftir að vinna mikið og ræða miklu meira. Og þetta verður ekki gert á næstunni,“ segir Kristján.

Hann minnir einnig á að málið sé ekki bundið við höfuðborgarsvæðið. - kóþ



**MÝTVATNSSVEIT** Samgönguráðherra segir ríkisvaldið ekki vera að færa vegi á höfuðborgarsvæðinu yfir til sveitarfélaga án þess að tekjur komi á móti.



**ABDULLAH, KONUNGUR SÁDI-ARABÍU** Í opinberri heimsókn í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konungur Sádi-Arabíu:

## Bretar hunsa viðvaranir

**BRETLAND, AP** Abdullah, konungur Sádi-Arabíu, segir að Bretar hafi ekki brugðist við viðvörunum, sem þeim hafi borist frá Sádi-Arabíu, um hættu á hryðjuverkaárásum. Meðal annars hefðu slíkar upplýsingar getað komið í veg fyrir hryðjuverkin sem framin voru í London 7. júlí árið 2005.

Þetta sagði Abdullah í viðtali við breska útvarpið BBC, sem birt var skömmu áður en hann kom í heimsókn til London í gær.

„Ég held að flest lönd taki þessi mál ekki mjög alvarlega, þar á meðal, því miður, Bretland,“ sagði Abdullah um hættuna á hryðjuverkum. - gb



**NICOLAS SARKOSY** Stöðvaði fréttamann 60 mínútna, Leslie Stahl, þegar honum þótti spurningarnar orðnar óþægilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimskulegt og stór mistök:

## Pirraður Sarkozy í viðtali

**BANDARÍKIN, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti batt snögglega enda á viðtal sem hann var í hjá fréttaskýringaþættinum 60 mínútur og sýndur var á sunnudagskvöld með þeim orðum að það hefði verið „heimskulegt“ og „stór mistök“.**

**Áður en viðtalið hófst kallaði hann fjölmiðlafulltrúa sinn „fávita“ fyrir að hafa bókað viðtal á erfiðum degi.**

**Í viðtalinu ræddi hann samskipti Frakklands og Bandaríkjanna en varð pirraður þegar hann var spurður út í eiginkonuna, Ceciliu. „Ef ég hefði eitthvað að segja um Ceciliu þá myndi ég sannarlega ekki gera það hér,“ sagði Sarkozy og lýsti svo viðtalinu lokið.** - sdg

Í nógu að snúast um helgina:

## Þrjátíu teknir fyrir óspektir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af þrjátíu manns vegna óláta og óspekta um helgina. Sextán áttu erfitt með að haga sér eðlilega aðfaranótt laugardags og fjórtán nóttina á eftir. Tuttugu og níu þeirra voru karlmenn og langflestir á þrítugsaldri, eftir því sem segir í tilkynningu.**

**Meðal þess sem fólkið gerði af sér var að kasta af sér þvagi á almannafæri, henda rusli, trufla umferð og kasta grjóti. Einn var handtekinn fyrir að trufla störf lögreglumanna, en hann sagðist ekki ætla að hætta því nema hann yrði handtekinn. Honum varð að ósk sinni.** - sþs



**VÍGSLUBISKUP Í SKÁLHOLTI** Sigurður segir sumarhúsabyggð munu styrkja Skálholt fjárhagslega og menningarlega.

Biskupinn í Skálholti:

## Útsýni breytt af annarri byggð

**SKIPULAGSMÁL** Sigurður Sigurðsson, vígslubiskup í Skálholti, segir fyrirhugaða 100 sumarhúsa byggð vestur af staðnum munu styrkja Skálholt bæði fjárhagslega og menningarlega. Að sögn Ríkisútvarpsins leggjast bæði Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun gegn byggðinni en sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur úrslitaorðið.

„Þegar talað er um menningarlandslag er líklega verið að tala um útsýni frá Skálholti eins og það mun hafa verið í þúsund ár. En allt í kringum Skálholtsstað; í austri, suðri og vestri er verið að byggja bæði íbúðarhús og frístundabyggðir sem eru í beinni sjónlínu frá Skálholti. Og því ráðum við ekkert,“ bendir Skálholtsbiskup á. - gar

**ALHEIMURINN**

**Ferð Discovery lengist**

Lengja á för geimskutlunnar Discovery um einn dag til að áhöfn hennar geti rannsakað skemmdir á sólarspeglum stöðvarinnar. Tækjabúnaður stöðvarinnar bilaði fyrir skemmstu og án speglanna getur hún ekki fengið nægt rafmagn.





# Skemmtilegri leið til að ferðast!

Við bjóðum þér að leggja upp í ánægjulegt ferðalag með okkur, allt frá bókun til lendingar. Skilvirkt bókunarkerfi og hlýtt viðmót um borð tryggja **skemmtilegt** ferðalag með Iceland Express.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir forsetafrúin sem nú er orðin forseti Argentínu?*
2. *Hvað heitir bandaríska leikkonan sem gaf kærasta sínum endajaxl í afmælisgjöf?*
3. *Hvað heitir danski gamanþátturinn sem verður á dagskrá Ríkissjónvarpsins í fyrsta sinn í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Ekki fjárveiting til framkvæmda við mislæg gatnamót þótt þau séu á samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010:

# Tillaga að tengingu við Vesturlandsveg

**SKIPULAGSMÁL** Vegagerðin og framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar kynntu í gær hugmyndir sínar um nýjan veg sem tengja á Grafarvog annars vegar og Hamrahlíðar hins vegar með mislægum gatnamótum við Vesturlandsveg.

Um er að ræða svokölluð drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þar er sagt frá því hvaða atriði er áætlað að verði til skoðunar þegar umhverfisáhrif þeirra eru metin. Frestur þeirra sem hagsmuna hafa að gæta til að skila athugasemdum við drögin er til og með 12. nóvember næstkomandi.

Tilgangurinn með framkvæmdunum er að tengja Grafarvogshverfið og hverfi í Hamrahlíðum saman, og tengja þau Vesturlandsveginum.

Mislægu gatnamótin eru á samgönguáætlun 2007-2010, en fjárveiting er þó ekki á áætlun þeirra ára, þó gera megi ráð fyrir henni á árunum 2011-2014, að því er fram kemur í frétt frá Vegagerðinni. **- bj**




**GATNAMÓT** Kortið sýnir mögulegt vegstæði tengingar Grafarvogs og Hamrahlíða við Vesturlandsveg. Tillaga að matsáætlun var kynnt í gær.








**HJÓNIN SKIPTA UM HLUTVERK** Cristina Fernández de Kirchner fagnaði í gær sigri í forsetakosningum og tekur í desember við embættinu af manni sínum Nestor Kirchner.

# Forsetafrú verður forseti í Argentínu

**Cristina Fernández de Kirchner hlaut yfirburðakosningu í forsetakosningunum í Argentínu sem fram fóru á sunnudag. Cristina, sem er 54 ára lögfræðingur, tekur við af eiginmanni sínum, Nestor.**

**ARGENTÍNA, AP** Cristina Fernández de Kirchner hafði, þegar meira en 96 prósent atkvæða höfðu verið talin í gær, hlotið um 45 prósent atkvæða í fyrri umferð forsetakosninganna í Argentínu á sunnudag.

Þar með hafði hún tryggt sér embættið, því seinni umferð kosninganna er ekki haldin nema efsti frambjóðandi hafi hlotið innan við fjörutíu prósent atkvæða eða minna en tíu prósent muni á tveimur efstu frambjóðendum.

Fernández er 54 ára lögfræðingur og þingmaður í öldungadeild landsins og hefur auk þess verið forsetafrú Argentínu síðustu fjögur árin.

Fréttaskýrendur segja að hún muni njóta þess að eiginmaður hennar hafi nú þegar komið landinu út úr alvarlegri efnahagskreppu, en á hinn bóginn verði hún að nota tækifærið og lagfæra ýmislegt sem aflaga hefur farið í stjórnartíð eiginmannsins, meðal annars himinháa verðbólgu og síminnkandi afgang á fjárlögum, að öðrum kosti njóti hún varla stuðnings kjósenda lengi.

Kosningabarátta hennar þótti heldur óvenjuleg. Hún neitaði að taka þátt í kappræðum við mótframbjóðendur, en sást þeim mun oftar á ferðalögum erlendis þar sem hún stillti sér upp til myndatöku með þjóðhöfðingjum.

Mörgum þykir hún minna svolítið á Evitu Peron, hina vinsælu eiginkonu Juans Peron forseta – að minnsta kosti þykir klæðaburðurinn svipaður, hvað svo sem út úr því má lesa.

Cristina Fernández verður önnur konan sem gegnir forsetaembætti í Argentínu. Isabel Peron, sem giftist Juan Peron eftir að Evita lést, var varaforseti hans og tók við embættinu þegar Peron féll frá árið 1974. Hún gegndi starfinu í 20 mánuði en þá steypti herinn henni af stóli.

Stóra spurningin í argentínskum stjórnmálum nú er hins vegar hvað eiginmaður hennar ætlar að gera þegar hann víkur úr embætti fyrir Cristinu. Sjálfur segist hann hæstánægður með að verða eiginmaður forsetans, en fáir virðast þó trúa því að hann ætli að halda sig alveg baksviðs.

Jafnvel hafa heyrst vangaveltur um að þau hafi hug á að skipta aftur um hlutverk í næstu forsetakosningum árið 2011.

gudsteinn@frettabladid.is

## ARGENTÍNA

- Argentína er næststærsta land Suður-Ameríku á eftir Brasilíu og það áttunda stærsta í heiminum með 2,8 milljón ferkílómetra landsvæði.
- Íbúafjöldi er 38,2 milljónir samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2006.
- Opinbert tungumál er spænska og eru algengustu trúarbrögðin kristni.
- Argentína lýsti yfir sjálfstæði 9. júlí 1816. Áður var landið undir stjórn Spánverja.









OKTÓBERSKOT Í HÁTÆKNI
FULL HD
FRÁBÆRT VERÐI
1080 HD 1920 x 1080
37"
Verð áður 199.995 kr.
Tilboðsverð 179.995 kr.
HITACHI
L37V01
37" LCD flatskjár
Veggfesting og borðstandur fylgir.
Aðeins örfá tæki með þessum afslætti!
NÝR CUBO KOMINN
10% afsláttur af Yamaha heimabíómögnurum
YAMAHA iPod ready
Yamaha RX-V2700 heimabíómagnari
Verð 159.995 kr.
YAMAHA iPod ready
Yamaha RX-V1800 heimabíómagnari
Verð 129.995 kr.
YAMAHA iPod ready
Yamaha RX-V1700 heimabíómagnari
Verð 99.995 kr.
YAMAHA iPod ready
Yamaha RX-V861 heimabíómagnari
Verð 94.995 kr.
YAMAHA iPod ready
Yamaha RX-V661 heimabíómagnari
Verð 69.995 kr.
YAMAHA
Yamaha RX-V461 heimabíómagnari
Verð 44.995 kr.
Tilboðspakki 1
32"
PALLADINE
32" LCD flatskjár EPT 3250M
YAMAHA
Yamaha RD-X710
Verð áður 139.990 kr.
Tilboðsverð 109.995 kr.
Tilboðspakki 2
47"
PALLADINE
47" LCD flatskjár EPT 4710M
YAMAHA
Yamaha YSP1100 heimabíóhátalari
Verð áður 379.990 kr.
Tilboðsverð 289.995 kr.
Tilboðspakki 3
42"
HITACHI
42" Plasma flatskjár P42T01
KEF
KEF KHT 3005 heimabíóhkerfi
5 hátalarar + bassi
YAMAHA
Yamaha RX-V661 heimabíómagnari
Verð áður 409.985 kr.
Tilboðsverð 339.995 kr.
Tilboðspakki 4
42"
HITACHI
42" Plasma flatskjár P42T01
KEF
KEF 5005.2 heimabíókerfi
Þráðlausir bakhátalarar
Einstök tæki
YAMAHA
Yamaha RX-V861 heimabíómagnari
Verð áður 514.990 kr.
Tilboðsverð 409.995 kr.
Tilboðspakki 5
26"
PALLADINE
26" LCD flatskjár EPT 2650M
KEF
KEF Picoforte 3 iPod hljómtæki
Verð áður 129.995 kr.
Tilboðsverð 99.995 kr.
Tilboðspakki 6
22"
PALLADINE
22" LCD flatskjár EPT 2230M
KEF
KEF Picoforte 1 iPod hljómtæki
Verð áður 99.995 kr.
Tilboðsverð 74.995 kr.
Losaðu þig við allar gömlu fjarstýringarnar. Logitech Harmony stjórnar öllum græjunum.
Logitech
Sjónvarpið, DVD-tækið, heimabíóið, hljómflutningstækin – öllum græjum heimilisins stjórnað með einni fjarstýringu.
Opnunartími: virka daga 9-18 | laugardaga 12-17
Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is
Hátækni
PIPAR • SÍA • 72036



**GRJÓTI SLÖNGVAÐ** Palestínumaður notar slöngvu til að grýta ísraelska hermenn við mótmæli gegn Ísraelsstjórn. Hópur fólks mótmælti því að ekki væri enn búið að færa hluta aðskilnaðarmúrsins á Vesturbakkanum eins og hæstiréttur Ísraels úrskurðaði fyrir nokkrum mánuðum. NORDICPHOTOS/AFP

Ögmundur Jónasson kallar eftir umræðu um „samkrull" forsetans og auðmanna:

# Telur forsetann þjón braskara

**STJÓRNMÁL** „Ef sá Ólafur Ragnar Grímsson, sem ég þekkti ágætlega, er orðinn feiminn við opinbera umræðu, þá er mér illa brugðið," segir alþingismaðurinn Ögmundur Jónasson á heimasíðu sinni.

Tilefni orða Ögmundar er nýleg ummæli forsetans um að íslenska þjóðin yrði að gera það upp við sig hvort hún vildi að forsetaembættið yrði notað til að styrkja stöðu Íslendinga á heimsvísu eða hvort hafa ætti forsetann einvörðungu til „heimabrúks".

Ögmundur segir að eftir sem liðið hafi á forsetatíð Ólafs Ragnars hafi hinn síðarnefndi lagt sífellt meiri áherslu á að aðstoða íslensk fyrirtæki og fjárfesta í svokallaðri útrás þeirra.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Illa brugðið ef Ólafur Ragnar Grímsson er feiminn við opinbera umræðu, segir alþingismaður Vinstri grænna.

„Mér finnst forsetinn ganga allt of langt í að þjóna fjárfestingarbraski, sem iðulega hefur gengið út á að komast yfir einkavæddar eigur og auðlindir víðs vegar um heiminn," skrifar Ögmundur, sem enn fremur gerir að umræðuefni ummæli Ólafs Ragnars um að hann taki ekki þátt í opinberri umræðu um ferðir sínar og ferðamáta:

„Að sjálfsögðu á að ræða þessi mál til hlítar, það er til hvers við ætlumst af forsetaembættinu og þá ekki síst samkrull þess við auðmenn, innlenda sem erlenda." - gar

Angela Merkel kanslari:

# Þvinguð hjónabönd refsiverð

**ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, vill herða viðurlög við þvinguðum hjónaböndum. Þykir þetta enn eitt merki um þverrandi þolinmæði gagnvart siðum íslamskra innflytjenda sem stríða gegn frjálslyndum viðhorfum í Þýskalandi.**

**„Ég er fullkomlega fylgjandi því að refsa eigi fyrir þvinguð hjónabönd sem glæp," sagði Merkel á kvennaráðstefnu Kristilega demókrataflokksins.**

**Í þau fáu skipti sem saksóknarar ákæra vegna þvingaðra hjónabanda þurfa þeir að styðjast við lög sem banna árásir.** - sdg

Hafrannsóknastofnunin:

# Dálítill bati á rækjustofni

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Dálítill bati virðist vera á rækjustofninum í Ísafjarðardjúpi og einnig virðist rækjustofninn í Arnarfirði hafa náð sér aðeins á strik.

Þetta sýna niðurstöður haustkönnunar Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjumiðunum á Vestfjörðum og úti fyrir Norðurlandi. Nýliðun rækju virtist góð í Ísafjarðardjúpi, Skjálfanda og Öxarfirði.

Minna var af eins árs þorski og eldri á öllum svæðum en kannanir Hafrannsóknastofnunarinnar hafa sýnt síðustu vetur. Hins vegar var mikið af ýsu eins árs og eldri, einkum fjögurra ára ýsu. Sá árgangur hefur verið áberandi inni á öllum fjörðunum í fjögur ár á meðan þorskurinn virðist ekki eins staðbundinn. - jss

Hæstiréttur um mál Afls gegn NCL á Kárahnjúkum:

# Lettneski túlkurinn skal sæta farbanni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Austurlands þess efnis að lettneskur ríkisborgari, sem starfaði hér á landi sem túlkur á vegum starfsmannaleigunnar NCL og GT verktaka, verði í farbanni fram til þriðjudagsins 6. nóvember meðan verið er að rannsaka hvort hann hafi gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum.

Í úrskurðinum kemur fram að yfirheyrslum yfir kærða sé ekki lokið og enn eigi eftir að bera undir hann gögn sem hafi grundvallarþýðingu í málinu. Þá eigi eftir að yfirheyra minnst tvo menn sem liggi undir grun og líklega verði að bera framburð þeirra undir kærða. Hætta sé á að hann reyni að komast úr landi áður en meðferð málsins lýkur og koma sér þannig hjá fullnustu refsingar. Honum er því gert að sæta farbanni.

Í úrskurði Hæstaréttar kemur fram að kærði sé sakaður um að hafa boðið þrettán starfsmönnum fyrirtækis fé ef þeir færu tafarlaust úr landi og gæfu engar frekari skýrslur hjá lögreglu. Þá hafi kærði, ásamt öðrum manni, hótað að sverta nöfn starfsmannanna gagnvart öðrum fyrirtækjum hérlendis og erlendis. Átta af starfsmönnunum þrettán hafi yfirgefið landið og rökstuddur grunur leiki á að til standi að senda kærða einnig úr landi. - ghs



**FJÓRAR TIL FIMM FYRIRSPURNIR** Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir líffræðingur fær fjórar til fimm fyrirspurnir á viku vegna myglusvepps í híbýlum fólks.

# Myglusveppir geta valdið heilsubresti

**Myglusveppir í húsum geta valdið ofnæmi hjá heimilisfólki og eiturefnin sem þeir gefa frá sér geta valdið heilsubresti. Talið er að töluvert sé um myglusveppi í gömlum húsum og nýjum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Talsvert er um myglusveppi í gömlum og nýjum húsum, sérstaklega þar sem raki er vandamál. Sveppirnir geta valdið ofnæmi hjá heimilisfólkinu og eiturefni sem þeir gefa frá sér geta valdið heilsubresti. Ekki er vitað hversu mikið vandamál þetta er á Íslandi en Björgvin Víglundsson verkfræðingur segir að „allt of mikið" sé um þetta í nýjum húsum.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir líffræðingur þekkir þetta vandamál af eigin raun en hún rekur fyrirtækið Hús og heilsa. Hún segist fá fjórar til fimm símhringingar á viku. Lítið sé um þetta vitað en myglusveppir geti haft áhrif á öndunarfæri. „Myglusveppurinn lifir á röku svæði, oft í gluggum og þvottavélum. Hann getur lifað á þvottaefni og mýkingarefni og stundum sést slikja í sápuhólfum. Þegar mikill sveppur er í þvottavél þá er uppsprettan annars staðar í húsinu. Myglusveppavöxtur er yfirleitt dökkleitur, svartur, grár eða brúnn og sést gjarnan innan á rúðum," segir hún.

Lítið er vitað um það tjón sem eiturefni frá sveppum valda heilsu manna. Fólk sem er með ofnæmi gagnvart myglusveppum getur fengið nefrennsli, rauð augu, hnerra, hósta og önnur einkenni í öndunarfæri auk þess sem sýkingar geta komið fram í lungum og ennisholum. En eituráhrif sveppanna geta í fyrstu valdið bólguviðbrögðum og flensulíkum einkennum en síðan geta einkennin orðið sterkari og er til dæmis talið að síþreyta og stanslausir verkir geti komið upp.

> Myglusveppurinn lifir á röku svæði, oft í gluggum og þvottavélum. Hann getur lifað á þvottaefni og mýkingarefni og stundum sést slikja í sápuhólfum.
>
> SYLGJA DÖGG SIGURJÓNSDÓTTIR
> LÍFFRÆÐINGUR

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á eituráhrifum sveppanna. Gunnar Jónasson barnaofnæmislæknir segir að ekki hafi mörg börn greinst með ofnæmi fyrir myglusveppum og trúlega sé þetta algengara hjá fullorðnum. Davíð Gíslason ofnæmislæknir segir engar rannsóknir til og því lítið vitað.

„Ég hef látið rækta nokkrum sinnum í heimahúsum en mín tilfinning er sú að það sé lítið um sveppi í húsum," segir hann og kveðst hefðu orðið var við vandamálið ef talsvert væri um það.

„Tæknin er ekki nógu fullkomin til að mæla þetta og kannski skortir þekkinguna líka. Það er greinilegt að allur þorri fólks þolir sveppi í híbýlum en svo eru einstaka sem þola það ekki. Þeir þurfa vafalítið að forðast þetta. Fyrir þá er ekki annað að gera."

ghs@frettabladid.is


PIRELLI nokian DEKK

Tími þinn er dýrmætur

Þú færð vetrardekkin hjá okkur á Max1



Engar tímapantanir

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Bíllinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

Max-einn dregur nafn sitt af því að við ljúkum allri þjónustu við bílinn þinn innan klukkustundar frá því þjónusta hefst. Max-einn skiptir um bremsur, dempara, olíu, rafgeyma, perur, rúðuvökva og dekk og býður einnig ný dekk frá Nokian og Pirelli.

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.

Hjólbarðaþjónusta
Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian og Pirelli.

Smurþjónusta
Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.

Rafgeymaþjónusta
Þarftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.

Demparaþjónusta
Eru demparanir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.

Bremsuþjónusta
Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.

Önnur þjónusta
Við skiptum líka um þurrkublöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:
Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098.
Bíldshöfða 5a. Símar 515 7095 og 515 7096.
Jafnaseli 6. Sími 587 4700.

OPIÐ:
Virka daga frá kl. 8-18.
Laugardaga frá 9-13.

Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

Héraðsdómur Austurlands:

# Stútur dæmdur í sektargreiðslu

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Austurlands til að greiða 160 þúsund krónur til ríkissjóðs fyrir ölvunarakstur. Hann var einnig sviptur ökuleyfi í eitt og hálft ár og látinn greiða tæpar tvö hundruð þúsund krónur í sakarkostnað.**

**Maðurinn ók ölvaður eftir þjóðveginum frá Einarsstöðum í Fljótsdalshéraði í átt til Egilsstaða 13. maí síðastliðinn. Bílferðinni lauk með því að hann missti stjórn á bílnum og lenti utan vegar. Fyrir dómi hélt maðurinn því fram að hann hefði ekki ekið bílnum, en dómurinn tók ekki mark á því.** - sþs

Yfirlýsing frá flugfélaginu JetX vegna atviks við lendingu á Keflavíkurflugvelli:

# Bremsuskilyrði verri en flugturn sagði til um

**SAMGÖNGUR** „Lending vélarinnar var með eðlilegum hætti en við lok lendingarbruns varð áhöfninni ljóst að bremsuskilyrði voru algerlega ófullnægjandi og önnur en samkvæmt upplýsingum frá flugturni.“

Svo segir í yfirlýsingu frá flugfélaginu JetX ehf. vegna atviksins um helgina þegar vél frá flugfélaginu rann út af flugbrautinni á Keflavíkurflugvelli.

Rannsóknarnefnd flugslysa fer með rannsókn málsins, sem hún lítur á sem alvarlegt flugatvik.

Nefndin mun taka flugritagögn til greiningar og rannsaka flug og lendingu flugvélarinnar nánar.

Í tilkynningu frá rannsóknarnefndinni segir að í aðflugi að Keflavíkurflugvelli hafi bremsuskilyrði verið uppgefin sem góð með ís á stöku stað. Í lendingarbruni hafi áhöfnin orðið vör við að bremsuskilyrðin voru ekki eins og búist hafði verið við.

Í tilkynningu JetX segir að með tilliti til þessara aðstæðna og í samræmi við almennar verklagsreglur í flugi hefði flugstjórinn valið að beita harðri lendingu. - jss



**RANNSÓKN** Rannsóknarnefnd flugslysa fer með rannsókn atviksins á Keflavíkurflugvelli.



**MINKUR** Ríflega 220 minkar hafa veiðst í gildrur en hundar veiddu 80.

Minkaveiðiátak gengið vel:

# Minkaveiðin minnkar ekki

**NÁTTÚRA** Vel hefur gengið að fækka mink í veiðiátaki á Snæfellsnesi og í Eyjafirði sem hófst í janúar síðastliðnum. Fram kemur á vef Umhverfisstofnunar að 312 minkar hafi veiðst það sem af er árinu.

Ríflega 220 minkar hafa veiðst í gildrur en hundar veiddu tæplega 80. Afgangurinn var ýmist skotinn eða fannst dauður. Óvenju hátt hlutfall af læðum veiddist í vorveiðinni, allt að helmingi fleiri en áður hefur verið, segir í frétt á vef Umhverfisstofnunar.

Alls verður varið 135 milljónum króna til að fækka mink á Snæfellsnesi og í Eyjafirði í átaki sem standa á til ársloka 2009. - bj



**BEÐIÐ EFTIR AÐSTOÐ** Nýi meirihlutinn í borginni ætlar að leggja áherslu á aukna barnavernd og aðstoð við fátæk börn.

Reykjavíkurborg:

# Einhugur í velferðarráði

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í velferðarráði Reykjavíkur segja áhersluatriði nýs meirihluta ráðs byggja að nánast öllu leyti á áherslum fyrri meirihluta. „Enda snúast þessi atriði um hlutverk okkar og lúta að því að auka velferð borgaranna,“ segja sjálfstæðismenn.

Meðal þess sem nýi meirihlutinn kveðst ætla að leggja áherslu á eru húsnæðismál og málefni barna og aldraðra. Hvað börn snertir segir meirihlutinn að áhersla verði aukin á barnavernd og forvarnastarf og stuðning og aðstoð við fátæk börn og börn í áhættuhópi. - gar


DODGE CHRYSLER Jeep

JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC

Vinnustofan | október 2007



HÖFÐINGI!

JEEP COMMANDER LIMITED

Vél V-6 3,0 / Dísel / 218 HÖ / 510 NM.



| | |
|---|---|
| 5 þrepa sjálfskipting með handskiptivali | Rafstýrð framsæti með minni |
| Hátt og lágt drif m. flæðilæsingum | Aukamiðstöð aftur í |
| Hraðanæmt vökva- og veltistýri | Rafstýrðar rúðuvindur |
| Tvívirk hitastýrð miðstöð (AC) | Fjarstýrð samlæsing |
| Útvarp og geislaspilari | Upplýsingamiðstöð (aksturstölva) |
| Hraðastillir | Nálægðarskynjarar framan & aftan |
| Rafstýrð, hæðarstillanleg ástig | Þokuljós framan & aftan |
| Tvívirk hitastýrð miðstöð (AC) | 7 manna |
| Leðurklæðning | **Verð 5.985.000 kr.** |

Tilboðsverð **5.685.000 kr.**

Opnunartími:
**Mánudaga - föstudaga**
**10 - 18**
**Laugardaga**
**10 - 14**




JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

JDC bílar




**KYNHNEIGÐ ER EKKI VAL** Umdeild auglýsing sem sýnir ungbarn með armband sem á stendur „samkynhneigður“ hefur vakið mikil viðbrögð þar sem hún hefur verið sýnd á Ítalíu. Á auglýsingunni stendur líka „Kynhneigð er ekki val“. NORDICPHOTOS/AFP

Franskir hjálparstarfsmenn líklega fangelsaðir segir innanríkisráðherra Tsjad:

# Ætluðu að smygla 103 börnum

**PARÍS, AP** Sex franskir starfsmenn hjálparsamtakanna Örkin hennar Zoey verða líklega fangelsaðir fyrir að hafa reynt að smygla 103 börnum frá Tsjad til Frakklands í síðustu viku að því er innanríkisráðherra Tsjad, Ahmad Mahamad Bachir, sagði í samtali við fréttavef BBC. Tíu í viðbót voru handteknir, þar af sjö manna spænsk áhöfn þotunnar sem samtökin leigðu til að flytja börnin.

Þotan sem um ræðir er íslensk og í eigu Loftleiða, dótturfélags Icelandair, að því er fréttavefurinn visir.is greinir frá. Spænska flugfélagið Girjet leigir þotuna til ársins 2009 án áhafnar en Loftleiðir sjá um viðhald hennar. Hjálparsamtökin segja börnin munaðarleysinga frá Darfur-héraði í Súdan sem þau hafi ætlað að koma til ættleiðingar í Frakklandi og þvertaka fyrir að þau hafi ætlað að selja þau.

Hins vegar segja starfsmenn Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna að mörg barnanna sem eru nú á munaðarleysingjahæli í Tsjad kalli nöfn foreldra sinna um nætur og segist vera frá tsjadneskum þorpum.

„Þeir útbjuggu fölsuð vegabréf ... Í okkar augum er mannrán meira en glæpur. Þeir gætu þurft að sitja í fangelsi í nokkur ár,“ sagði Bachir um starfsmennina.



**BARNAHÓPURINN** Forseti Tsjad, Idriss Deby, heimsótti börnin á munaðarleysingjahæli í borginni Abeche. NORDICPHOTOS/AFP

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur sagt aðgerðir samtakanna ólöglegar og óásættanlegar. - sdg

Fangelsi og ævilöng svipting:

## Dæmdur fyrir að aka ölvaður

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í 60 daga fangelsi og til 60 þúsund króna sektar og ævilangrar sviptingar ökuréttar vegna ölvunaraksturs.**

**Maðurinn sagðist við skýrslutöku hafa drukkið sex hálfs lítra bjóra fyrir aksturinn, sem endaði utan vegar. Játninguna dró hann síðan til baka fyrir dómi. Dómurinn taldi vitni sem báru að maðurinn hefði ekki ekið bifreiðinni ótrúverðug.**

**Þetta var í fjórða skipti sem maðurinn er sakfelldur fyrir ölvunarakstur.**

**Héraðsdómur Suðurlands kvað upp dóminn.** - jss

Laða fjölskyldur til Álandseyja:

## Hækka bætur fyrir fjórða og fimmta barn

**ÁLANDSEYJAR Álendingar stefna að því að hækka barnabætur á næsta ári. Barnabæturnar hækka mest fyrir fjórða og fimmta barnið í fjölskyldunni. Þannig vonast heimastjórnin á Álandseyjum til að bæta kjör þeirra sem erfiðast eiga og lokka fleiri barnafjölskyldur til Álandseyja, að sögn Hufvudstadsbladet.**

**Heimastjórnin er um þessar mundir að ganga frá fjárhagsáætlun með afgang upp á rúmar 900 milljónir króna. Ný skýrsla sýnir að stórar barnafjölskyldur og einstaklingar eiga fjárhagslega erfitt og því eru bætur hækkaðar verulega.** - ghs



**KEPPNISSKAP OG STYRKUR** Eldri borgararnir sem hittast á ringóæfingum í Kópavogi hafa enn yndi af því að stunda íþróttir þótt aldurinn hafi færst yfir. Margrét Bjarnadóttir íþróttakennari, sem mikið hefur látið sig varða líkamsrækt eldri borgara, segir skort hafa verið á íþróttagreinum fyrir frískt eldra fólk, en eftir að ringó barst til landsins hafi breyting orðið á. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ný íþrótt ryður sér til rúms meðal eldra fólks á Íslandi:

# Ringó heillar eldri borgara

**TÓMSTUNDIR** „Það hefur virkilega skort íþróttagreinar fyrir fríska eldri borgara hér á landi,“ segir Margrét Bjarnadóttir íþróttakennari, sem mikið hefur látið sig varða líkamsrækt eldri borgara. Hún segir íþróttina ringó, sem vaxandi áhugi er fyrir hér á landi, tilvalda fyrir eldra fólk.

Leikurinn er upprunninn í Tékklandi og hefur hann meðal annars orðið vinsæll í Danmörku á skömmum tíma en þar kynntist Margrét einmitt íþróttinni. Hún segir leikinn á margan hátt minna á blak og reglurnar svipaðar. Í stað bolta sé þó leikið með tvo gúmmíhringi.

„Þegar ég sá þessa íþrótt fyrst spilaða hugsaði ég strax með mér að þetta væri gaman að leika á ættarmótum vegna þess hve íþróttin hentar öllum aldurshópum vel, ekki síst þeim eldri,“ segir Margrét.

Íþróttin barst fyrst hingað til lands um áramót en er nú stunduð í Kópavogi, Garðabæ og Akranesi auk þess sem æfingar hefjast í ÍR-heimilinu í Breiðholti á föstudag klukkan hálf ellefu og verða tímarnir eldri borgurum að kostnaðarlausu. - kdk

Menningarhátíð Akraness:

## Landsþekktir skemmtikraftar troða upp

**AKRANES** Menningarhátíðin Vökudagar hefst á Akranesi á morgun. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin. Umfang hátíðarinnar hefur aukist ár frá ári og nýtur hún vaxandi vinsælda meðal bæjarbúa og annarra.

Á Vökudögum í ár koma landsþekktir listamenn fram í bland við heimamenn. Meðal annars mun tónlistarfólk á borð við Margréti Eir og Magna Ásgeirsson troða upp með nemendum grunn- og fjölbrautaskóla bæjarins, Möguleikhúsið sýna leikritið „Langafi prakkari“ og Úlfhildur Dagsdóttir halda fyrirlestur um japanskar teiknimyndasögur. - eb

Öryggisverðir Blackwater:

## Njóta friðhelgi við rannsókn

**BANDARÍKIN, AP** Utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna hét öryggisvörðum Blackwater friðhelgi við rannsókn á skotárás, þar sem 17 Írakar voru skotnir til bana.

Öryggisverðirnir eru sagðir hafa skotið á óvopnað fólkið.

Þetta minnkar líkurnar á því að nokkur verði sóttur til saka vegna morðanna. Samskipti milli írösku ríkisstjórnarinnar og þeirrar bandarísku hafa verið erfið vegna skotárásarinnar og er ekki búist við að þau batni við þetta. - kóþ

Færður í fangageymslu:

## Ók á vegvísi og póstkassa

**LÖGREGLUMÁL Fólksbíll fór út af Hvammsvegi, skammt austan við Hveragerði, um hádegi á laugardag. Ökumaður bílsins, sem var ölvaður, ók honum á vegvísi og póstkassa.**

**Lögreglan á Selfossi handtók manninn og flutti hann í fangageymslu þegar í ljós kom að hann var talsvert ölvaður. Hann neitaði sök, en samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni voru vitni að því þegar hann ók út af.** - sþs



Skákborðsmorðinginn:

## Lífstíðardómur fyrir 48 morð

**RÚSSLAND, AP Skákborðsmorðinginn í Rússlandi var í síðustu viku dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa myrt 48 manns.**

**Alexander Pichushkin, 33 ára gamall smiður, merkti fórnarlömb sín inn á reiti skákborðs og var markmið hans að fylla alla 64 reitina. Aðeins náðist að sanna á hann 48 morð en Pichushkin gortaði af því að hafa myrt 63 manns.**

**Ekkert hliðstætt morðmál í Rússlandi hefur vakið jafn mikla athygli síðan Andrei Chikatilo var líflátinn árið 1994 fyrir morð á 52 börnum og ungum konum á tólf ára tímabili.** - sdg

Kona dæmd til dauða fyrir að ræna barni sem leiddi til dauða móðurinnar:

# Skar barn úr móðurkviði

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk kona, Lisa Montgomery, var í síðustu viku sakfelld fyrir mannrán sem leiddi til dauða eftir að hún skar barn úr móðurlífi óléttrar konu sem lést síðar. Barnið tók hún heim með sér. Montgomery, sem er 39 ára gömul, var dæmd til dauða fyrir glæpinn.

Verjendur sögðu hana þjást af geðröskun og ranghugmyndum um að hún væri ólétt, og þar sem komið hefði verið að lokum ímyndaðrar óléttu Montgomery og blekkingin í hættu hefði hún verið í draumkenndu ástandi þegar hún framdi verknaðinn.



**LISA MONTGOMERY** Var gripin af lögreglu daginn eftir að Stinnet dó þar sem hún var að sýna barnið sem sitt eigið. NORDICPHOTOS/AFP

Saksóknari sagði Montgomery hafa stjórnast af ótta við að fyrverandi eiginmaður hennar myndi komast að því að hún væri að ljúga til um óléttuna og nota það gegn henni í forræðisdeilu yfir tveimur börnum þeirra.

Montgomery hafði sagst eiga von á sér í desember 2004. Þegar sá tími nálgaðist setti hún sig í samband við 23 ára ólétta konu, Bobbie Jo Stinnet, undir því yfirskyni að ætla að kaupa af henni hvolp og mælti sér síðan mót við hana.

Saksóknari segir Montgomery hafa reynt að kyrkja Stinnet, sem var gengin átta mánuði, með reipi. Stinnet hafi þó verið með meðvitund og reynt að verja sig þegar Montgomery byrjaði að skera barnið úr kviði hennar með eldhúshnífi. - sdg

Skipi hvolfdi í Femern-sundi:

## Talið að fimm hafi drukknað

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Björgunarmenn fundu lík tveggja skipverja vöruflutningaskips sem hvolfdi á Femern-sundi á milli Danmerkur og Þýskalands á sunnudag. Björgunarmenn eru vonlitlir um að finna fimm manns, sem enn er saknað, á lífi. Ellefu voru um borð í skipinu sem er skráð í Slóvakíu og var þremur bjargað stuttu eftir að það sökk um borð í rússneskt skip. Þrjú lík hafa fundist.

Skipið, sem er 80 metrar að lengd, var að flytja ammóníumklóríð. Ekkert benti til þess að farmurinn né eldsneyti hefði lekið úr skipinu í gær. Óljóst er hvers vegna skipinu hvolfdi. - sdg

Velferðarráð Reykjavíkur:

## Gegn frjálsari sölu áfengis

**SVEITARSTJÓRNIR** „Velferðarráð Reykjavíkurborgar varar við hugmyndum um aukið frelsi á áfengissölu sem lagt er til í nýju frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi Íslendinga,“ segir í ályktun velferðarráðsins.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR**

„Rannsóknir í Svíþjóð, Finnlandi, Bandaríkjunum og Kanada sýna fram á margföldun á neyslu þegar aðgengi er aukið með afnámi einkasölu,“ segir velferðarráðið og bætir við: „Líklegt er að þeir sem muni nýta sér aukið aðgengi að áfengi séu þeir sem síst skyldi. Afleiðingarnar munu bitna á börnum og ungmennum sem nú þegar búa við erfið uppeldisskilyrði vegna áfengisneyslu forráðamanna sinna.“ - gar

Allir sluppu ómeiddir:

## Þyrla hrapaði á olíuflutningabíl

**NOREGUR, AP Betur fór en á horfðist þegar lítil þyrla hrapaði á olíuflutningabifreið í Noregi í gær.**

**Þrír menn voru um borð í þyrlunni og sluppu þeir allir ómeiddir. Enginn var í bifreiðinni sem var kyrrstæð á byggingasvæði.**

**Þyrlan lenti á hvolfi á bifreiðinni og munaði minnstu að hún lenti á olíutankinum, en í tanknum voru sjö þúsund lítrar af eldfimri dísilolíu.**

**„Þetta er býsna ótrúlegt,“ sagði Rune Arneberg, yfirmaður lögreglunnar í Sarpsborg.**

**Þyrlan var á sveimi yfir byggingasvæðinu í þeim tilgangi að kvikmynda það þegar óhappið varð.** - gb

Grímuklæddir verndarar:

## Ofurhetjur tína rusl á götum New York

**BANDARÍKIN, AP** Þrettán manns sem segjast „raunverulegar ofurhetjur“ tíndu rusl og dreifðu forvarnarbæklingum gegn glæpum á sunnudaginn í New York. Kvikmyndagerðarmaðurinn Chaim Lazaros myndaði hópinn eftir að hann rakst á ofurhetjurnar í netsamfélaginu MySpace og vinnur nú að heimildarmynd um þær.

Ofurhetjurnar vildu ekki gefa upp nöfn sín en sögðust flestar starfa í nágrenni heimila sinna. Fyrrverandi vændiskona sem kallar sig Götuhetjuna gætir nú öryggis annarra vændiskvenna. Maður sem kallar sig Húsvörðinn lagar hins vegar rafmagn hjá fólki. - sdg




LEGACY




## Subaru Legacy

SUBARU

| | |
|---|---|
| Sport Sedan, beinsk. | **2.550.000 kr.** |
| Sport Sedan, sjálfsk. | **2.680.000 kr.** |

**Blogg** á vísir.is, fimmtudaginn 18. október kl. 9:44



### HVERNIG ER BÍLAUMBOÐIÐ ÞITT?

Það er eitt sem oft kemur upp í samræðum á milli manna, en það er hvernig bílaumboðið þitt er þ.e.a.s. hvernig er umboðið sem bíllinn þinn er frá, og samskiptin á milli þín og umboðs. Nú hef ég átt nokkra bíla frá mismörgum umboðum ekki ætla ég að telja þau öll upp en óneitanlega eru þau misgóð. Nú um daginn verslaði ég mér annan bíl (notaðan) bara svo það komi fram, en því er ekki að neita að notaðir bílar eru í misgóðu ástandi, en stundum má segja það einnig um nýja bíla þó svo að það skipti ekki máli í þessu dæmi. Nema hvað að það sem þurfti að gera við bílinn við kaup voru tvö atriði, ekkert tiltökumál og ákvað umboðið að taka það á sig og laga þessa hluti, ekki nóg með það heldur redduðu þeir mér öðrum bíl á meðan viðgerð fór fram
(mjög ánægður með það) stór + … Nú svo um daginn er ég að garfa við mottu á milli fram og aftursæta er ég verð var við frekar

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

# R VETUR!

## FJÓRHJÓLADRIFINN MEÐ ÖLLU* Á AÐEINS **2.550.000** KR.
## TAKTU BETUR Á MÓTI HÁLKUNNI Í SUBARU

Við Íslendingar erum engir kjánar. Þegar Subaru Legacy er borinn saman við aðra bíla í sínum flokki kemur ýmislegt í ljós: Allt sem þú sérð á þessari mynd er staðalbúnaður. Þar með er ekki allt upp talið því hann hefur líka fjórhjóladrifið umfram aðra. Það er því engin furða að Subaru Legacy sé nú mest seldi bíllinn í sínum flokki.

*Staðalbúnaður í Subaru Legacy: Sítengt aldrif, 17" álfelgur, 150 hestafla vél, 6 diska geislaspilari, aksturstölva, hraðastillir, tvískipt tölvustýrð loftkæling, kastarar í framstuðara, hiti í framrúðu, hiti í sætum og speglum.




vonda tilfinningu, viti menn og já konur, að allt er á floti öðru megin á gólfinu fyrir aftan framsæti, nú ég renni beint í umboðið sem ég keypti bílinn frá og fór að ræða málin við sölumann á staðnum, betri þjónustu hef ég ekki fengið frá nokkrum manni en frá þessum ágæta manni, fumlaust og án þess að hika setti þessi ágæti sölumaður málið af stað og innan 15 mínútna var búið að panta tíma fyrir bílinn í viðgerð og ég kominn á lánsbíl frá umboðinu.
Ingvar Helgason og starfsfólk. Þakka kærlega fyrir mig, frábær þjónusta.
**Kv, IROK.**

IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

### Bara kanínan

**„Þótt við séum bjartsýn eftir orð Dags er björninn ekki unninn.“**

GUNNAR HÁKONARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI KOLAPORTSINS, UM FRAMTÍÐARÁFORM PORTSINS.
**Fréttablaðið 29. október**

### Með góðum óskum

**„Leikhússtjóraferill Guðjóns Petersen er senn á enda. Það er góð tilhugsun.“**

JÓN VIÐAR JÓNSSON LEIKLISTARGAGNRÝNANDI VAR EKKI SÁTTUR VIÐ TVÖ VERK Í BORGARLEIKHÚSINU.
**DV. 29. október**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURGRÍMUR SKÚLASON SVIÐSSTJÓRI

## *Rúta til Akureyrar og flug suður*



„Við erum að fara yfir samræmdu prófin í fjórða og sjöunda bekk. Þetta er rúmur tugur af kennurum sem er í yfirferðinni og gerir ýmis konar handtök kringum prófin. Við þurfum til dæmis að gæta þess að það berist próf frá öllum nemendum sem próf eiga að berast frá, kanna hvort mikið er af eyðum í prófheftunum, til að mynda hvort nemandi hafi notað ljósan blýant því að þá sést hann ekki, og svo eru alls konar smáatriði,“ segir Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun.

„Í fjórða og sjöunda bekk eru þetta um 18 þúsund einingar, eða um 36 þúsund prófhefti, því að nemendurnir eru níu þúsund og fjögur hefti á hvern nemanda.“

Sigurgrímur er mikið á ferð og flugi því að hann er nýlega fluttur til Húsavíkur með fjölskyldu sína. Hann segist vera í bænum frá mánudegi til fimmtudags en þegar um hægist verði hann aðra hvora viku. „Ég tek rútuna á Akureyri og flýg svo þaðan. Það er ekkert mál,“ segir hann.

Fjölskyldan er efst á listanum þegar áhugamálin eru annars vegar. „Svo er ég líka að gramsa svolítið í tónlist, fyrst og fremst spunatónlist. Ég hlusta mikið á Grateful Dead. Mér finnst stúdíóupptökurnar þeirra ekki áhugaverðar en svo er gífurlega mikið af tónleikaplötum sem eru áhugaverðar,“ segir hann og kveðst ekki fikta neitt við tónlist í dag en hafi gert það í gamla daga.

## VÍSINDI:
### NÚLLTA LÖGMÁL VARMAFRÆÐINNAR



■ Þegar vísindamenn uppgötvuðu eiginleika varmafræði voru smíðaðar þrjár meginreglur, sem nefnast fyrsta, annað og þriðja lögmál varmafræðinnar. Eitt lögmál til viðbótar átti þó eftir að koma í ljós, sem segir að tveir hlutir sem eru hvor um sig í hitajafnvægi við þriðja hlut, eru sjálfir í hitajafnvægi hvor við annan. Þar sem þetta lögmál þótti enn meira undirstöðuatriði í varmafræði en hin þrjú þótti ástæða til að hafa það fyrst, en titillinn „fyrsta lögmálið“ var upptekinn. Til að redda því var nýja lögmálið einfaldlega nefnt núllta (e. zeroth) lögmál varmafræðinnar.

## SJÓNARHÓLL
### LAUNAGREIÐSLUR Í EVRUM

## *Hið besta mál að greiða laun í evrum*



**TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON**
Listmunasali.

„Ef fólk á þess kost held ég að það sé hið besta mál, í fínu lagi alveg,“ segir Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali, spurður um möguleika á því að laun verði greidd að hluta til í evrum. Til greina kemur að rætt verði um launagreiðslur í evrum í komandi kjarasamningum og hefur Marel þegar ákveðið að bjóða starfsmönnum upp á að fá hluta launa sinna í evrum frá og með næstu áramótum.

„Ég held nú samt að það komi sér best fyrir fólk almennt að fá laun í þeirri mynt sem notuð er í landinu,“ segir Tryggvi. Stóra spurningin sem á endanum þarf að svara er hvort taka eigi upp evru hér á landi í stað krónunnar. „Hvað sem okkur finnst um þetta hlýtur það að enda með því að við tökum upp evruna,“ segir Tryggvi, upptaka evrunnar sé að því er virðist óumflýjanleg þróun á komandi árum hér á landi.








**SETUSTOFAN** Fangar geta slakað á í setustofunni á milli vinnustunda og horft á sjónvarpið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Boðlegt vandlátustu vistmönnum Kvíabryggju

**Fangelsið Kvíabryggja, sem er steinsnar frá Grundarfirði, er skilgreint sem opið fangelsi. Fangarnir hafa meira frjálsræði en í öðrum fangelsum landsins. Aðstaðan á Kvíabryggju er nú boðleg jafnvel vandlátustu vistmönnum.**



**LÍKAMSRÆKTIN** Vistmenn geta komið sér í gott form í æfingasal Kvíabryggju.

Miðvikudaginn 3. október síðastliðinn var fangelsið Kvíabryggja tekið formlega í notkun eftir endurbætur. Í fangelsinu má nú hýsa 22 fanga af báðum kynjum í vistlegum herbergjum með fyrirtaks aðstöðu til leiks og starfs.

Kvíabryggja er nú skilgreind sem „opið fangelsi“. Engir rimlar eru fyrir gluggunum og engin girðing er kringum fangelsissvæðið. Klefar fanganna, ef svo mætti kalla þá, eru notalegir og úr mörgum þeirra er glæsilegt útsýni yfir fjöruna. Í tómstundum sínum geta fangar nýtt sér líkamsræktarsalinn, spilað billjarð, grúskað í bókasafninu eða slappað af í setustofunni.

Á Kvíabryggju eru vistaðir fangar með stuttan sakaferil og þeir sem hafa hegðað sér til sóma. Fangarnir skrifa undir samning við upphaf afplánunar og heita því að endurgjalda traustið og axla þá ábyrgð sem fylgir frjálsræðinu. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir það vera stefnu yfirvalda að auka möguleika fanga á vistun í „opnu fangelsi“ og til stendur að koma upp svipaðri aðstöðu á Litla-Hrauni.

steindor@frettabladid.is



**KVÍABRYGGJA** Fangelsið stendur við fjöruna og vinna fangarnir við ýmis störf sem tengjast sjónum og útgerðinni.



**NOTALEGAR VISTARVERUR** Herbergin á Kvíabryggju eru hugguleg og minna á engan hátt á fangaklefa.


42PT85
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
199.900
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
42” Plasma
LG
50” Plasma
239.900
50PC52
50” Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
Stór góð sjónvörp
129.900
37LC51
37” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
159.900
42PC52
42” Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
179.900
42LC51
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
259.900
42LY95
42” LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
LG Life's Good
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
Útsölustaðir út á landi: Rönning Akureyri S. 4600 800 • Rönning Keflavík S. 420 7200 • Rönning Reyðarfirði S. 470 2020

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Færeyingar hafa nánast engan innlendan landbúnað sem þarf að vernda.

## Lukkunnar pamfílar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hvernig skyldi standa á því að matvöruverð er töluvert lægra í Færeyjum en á Íslandi? Umfang færeyska matvörumarkaðarins er aðeins lítið brot af þeim íslenska og samkeppni milli matvöruverslana umtalsvert minni. Engu að síður kostar til dæmis eitt kíló af ungnautahakki 234 prósentum meira út úr íslenskri matvörubúð en færeyskri, eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum.

Svarið við þessu er einfalt. Færeyingar eru svo ljónheppnir að þar er hverfandi innlendur landbúnaður. Fyrir vikið geta þeir keypt landbúnaðarvörur þar sem þeim sýnist og flutt inn án þess að á þær leggist himinháir verndartollar.

Þeir sem hafa ferðast um Færeyjar vita að þær standa vel undir nafni. Sauðfé er uppi um allar hlíðar í eyjunum átján, þar sem aldrei er lengra en fimm kílómetrar til hafs. En þrátt fyrir öfluga sauðfjárrækt annar heimaframleiðslan aðeins um fjörutíu prósentum af eftirspurninni. Restin af því lambakjöti sem rennur ofan í frændur okkar kemur héðan frá Íslandi og svo öllu lengra að, alla leið frá Nýja-Sjálandi.

Af nautakjöti framleiða Færeyingar takmarkað og lítið eða ekkert af eggjum og kjúklinga- og svínakjöti. Nóg er þó úrval af öllum þessum vörum í færeyskum búðum og veitingahúsum. Sá sem hér skrifar snæddi til að mynda unaðslega nýsjálenska nautasteik á steikhúsinu Rio Bravo í Þórshöfn fyrr í þessum mánuði og greiddi fyrir verð sem fá íslensk veitingahús í sama gæðaflokki gætu boðið upp á. Og Færeyingar láta sér ekki duga að flytja inn nautakjöt frá Nýja-Sjálandi heldur flytja það líka frá Þýskalandi og jafnvel Brasilíu. Hefur það kjöt hvorki komið niður á heilsu né buddu neytenda.

Ástandið í þessum efnum er sem sagt gjörólíkt í Færeyjum og á Íslandi. Hérlendis er rekinn margfalt umfangsmeiri landbúnaður og stjórnvöld hafa kosið að slá öflugri skjaldborg um innlenda framleiðslu á kjöti, mjólkurafurðum og eggjum. Tollar og skattar eru með þeim hætti að innflutningur á þessum vöruflokkum er ekki raunhæfur og samkeppni við erlenda framleiðslu því útilokuð.

En það er ekki nóg með að hér sé óyfirstíganlegur múr verndartolla, heldur eru Íslendingar líka heimsmeistarar í landbúnaðarstyrkjum, eins og kemur fram í nýrri í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar (OECD). Heildarstuðningur okkar skattborgaranna við íslenskan landbúnað nemur um 62 prósentum af afurðaverðmætinu. Það er um það bil tvöfalt hærra hlutfall en að meðaltali í OECD-ríkjunum. Og samt er verðlag á landbúnaðarvörum óvíða hærra en hér.

Við borgum sem sagt mest til landbúnaðarins og greiðum svo líka hæsta verðið út úr búð fyrir vörur sem við erum búin að niðurgreiða. Þetta er óhætt að kalla hörmulegan samning fyrir hönd heimilanna í landinu. Mesta neytendamál okkar tíma er að semja um þessi mál frá grunni og fella niður innflutningshöft. Fyrr mun verð á matvöru ekki lækka sem neinu nemur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík •









Nýjar áherslur í Reykjavík

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um nýjar áherslur í Reykjavík, miðvikudaginn 31. október, kl. 20.30–22.00 á Hallveigarstíg 1.

Húsið verður opnað kl. 20.00

Gestir fundarins eru:

- Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi,
- Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi
- Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi.

Fundarstjóri: Dofri Hermannsson, varaborgarfulltrúi.

Kaffi og meðlæti - Allir velkomnir

Borgarmálaráð Samfylkingarinnar

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

• Félagsfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Loftvogin

Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi og örlagavaldur Reykvíkinga, er byrjaður aftur að blogga eftir æpandi þögn í hálfan annan mánuð. Síðasta færsla hans fyrir hlé birtist hinn 7. september en eftir það heyrðist ekki bofs, þar til á sunnudag þegar Björn Ingi endurbirti á Eyjunni grein sem hann skrifar í Fréttablaðið á laugardag. Máski má lesa blogg Björns Inga sem eins konar pólitíska loftvog. Fjarvera hans frá netheimum hófst rétt áður en allt varð vitlaust út af REI en líklega er það til marks um að moldviðrið í ráðhúsinu sé gengið yfir að Björn Ingi gefur sér tíma til að blogga aftur. Nettengdir áhugamenn um pólitík munu að minnsta kosti fylgjast vel með þegar næsta lægð brestur á.



### Svag fyrir nýjungum

Allsherjarþing Ásatrúarfélagsins fór fram um helgina, þar sem meðal annars voru kjörnir nýir stjórnarmenn. Á heimasíðu sinni lýsir Stefán Pálsson, sagnfræðingur og ásatrúarmaður, furðu sinni á því að sitjandi gjaldkeri hafi verið felldur í stjórnarkjöri, „ekki vegna þess að sérstök óánægja væri með störf hans, sem eru prýðileg, heldur af nýjungagirni". Leikmönnum kemur það óneitanlega spánskt fyrir sjónir að af öllum fyrirbærum sé það nýjungagirni sem ræður ríkjum í Ásatrúarfélaginu.

### Keppst um flottustu ævisöguna

Undarlegt æði ríður nú yfir bloggheima; að upplýsa að óskað hafi verið eftir kröftum bloggara til að skrifa ævisögu þekktra manna. Þannig upplýsir Egill Helgason að hann hafi verið beðinn um að skrifa ævisögu Davíðs Oddssonar og Björn Ingi Hrafnsson reynir að bæta um betur með því að hafa verið boðið að skrifa ævisögu Jóhannesar í Bónus. Af hvorugri bókinni varð þó.



bergsteinn@frettabladid.is
svanborg@frettabladid.is

# Börn og dagheimili

Ef börn undir þriggja ára aldri eru látin vera á dagheimilum alla virka daga getur það haft áhrif á geðheilsu þeirra þegar fram líða stundir. Þau gætu orðið árásargjörn, þunglynd og átt erfitt með að mynda tilfinningatengsl. Rannsóknir sýna ótvírætt að fyrstu tvö árin þroskast heilastarfsemin best með því að barnið sé í umsjá einnar manneskju. Geti annað hvort foreldrið ekki komið því við að annast það, er best að fá náinn ættingja sem er treystandi til að annast barnið eða ráða til þess hæfa barnfóstru. En fyrsta árið ætti það skilyrðislaust að vera í umsjá foreldris.



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Börn

Þetta er inntakið í bókinni Raising Babies – Should under 3s go to Nursery? sem kom út í Bretlandi snemma á síðasta ári. Höfundur bókarinnar er sálfræðingur að nafni Steve Biddulph sem hefur stundað rannsóknir á uppeldi og atferli ungra barna í þrjá áratugi og skrifað um það bækur sem selst hafa í milljónum eintaka í Bretlandi. Biddulph var á árum áður mikill hvatamaður þess að foreldrar hefðu aðgang að góðum dagheimilum og lagði sitt af mörkum til uppbyggingar þeirra. Boðskapur bókarinnar gengur því þvert á fyrri kenningar hans.

Steve Biddulph stundaði í fimm ár rannsóknir á börnum sem dvöldu daglangt í umsjá fóstra á dagheimilum og komst að framangreindri niðurstöðu. Hann hikaði lengi við að greina frá henni. Vissi að henni yrði ekki fagnað í nútíma samfélagi. En þegar rannsóknir hans staðfestu æ betur fyrri niðurstöðu, sem og niðurstöður kollega hans í Bretlandi og Bandaríkjunum, ákvað hann að skrifa þessa bók og kynna efni hennar.

Hann segir meðal annars að vist barna á dagvistarheimilum sé svo vel markaðssett að foreldrar séu farnir að trúa því að þeir séu ekki eins góðir uppalendur og fagfólkið á þessum heimilum. Einnig sé svo komið í lífsgæðakapphlaupinu að fólk hafi ekki lengur efni á að annast sín eigin börn.

### Misvitrir foreldrar

Bókin lýsir skoðunum og reynslu sálfræðingsins Steve Biddulph og sjálfsagt að taka henni með fyrirvara eins og öðru, en það má líka velta fyrir sér innihaldi hennar og ræða það.

Öll börn sem eru að vaxa úr grasi í mínu umhverfi hafa verið á dagheimilum eða hjá dagmæðrum og síðan í leikskólum. Allt eru þetta sjálfstæðir, heilbrigðir og dugmiklir krakkar þó að þessi tilhögun eigi augljóslega betur við sum börn en önnur. Það er hins vegar undantekning ef það er boðið upp á annað. Áður fyrr voru vissir fordómar gagnvart mæðrum sem unnu utan heimilis. Síðan var skipt um fordóma og nú beinast þeir gjarnan að þeim sem kjósa að vinna heima hjá sér. Á sínum tíma var reifuð sú hugmynd hjá Reykjavíkurborg að foreldri sem kysi fremur að sjá um barn sitt sjálft en senda það á dagheimili fyrstu árin fengi greidda þá upphæð sem hið opinbera greiðir með hverju barni í dagvist, sem gat munað um ef börnin voru tvö eða þrjú. Þá stóð upp áhrifakona í stjórnmálum og sagði með þjósti að það kæmi ekki til greina að trúa misvitrum foreldrum fyrir slíku fyrirkomulagi. Og þar við sat.

### Njóta börn forgangs á Íslandi?

Í íslensku samfélagi þar sem menn tjá sig um hvað sem er og opna sig um viðkvæmustu mál í fjölmiðlum eru samt alltaf einhver mál sem menn veigra sér við að ræða. Þetta er eitt af þeim. Sé því einhvers staðar hreyft, einkum í hópi ungra foreldra, að það kunni að eiga misvel við börn að vera á dagheimilum, eða að þau séu þar lengur á daginn en æskilegt verður að telja, getur lagst slík þögn yfir herbergið að tíminn nemur staðar. Þetta er högg undir beltisstað. Þetta er árás á frelsi og jafnrétti kvenna. Þetta er atlaga að samvisku ungra foreldra, tilraun til að koma inn hjá þeim samviskubiti.

Þekkt fjölmiðlakona var í viðtali fyrir skömmu og ein spurningin hafði aðdraganda sem var eitthvað á þessa leið: „Þú hefur sagt opinberlega að börn nytu ekki forgangs á Íslandi og ég hef heyrt í mörgum sem skilja þetta svo að þú sért ekki jafnréttissinni og viljir konurnar inn á heimilin aftur."

Þetta eru athyglisverð viðbrögð. Ég tel að íslenskir foreldrar hugsi almennt vel um börn sín, njóti samvista við þau, og tali meira við þau en kannski var gert áður þegar samvera var sjálfsögð alla daga. En það kemur mér verulega á óvart ef einhver er þeirrar skoðunar að börn njóti forgangs hér á landi.

# Dagar víns og rósa

**UMRÆÐAN**

Frumvarp um sölu áfengis



GUNNAR HERSVEINN

Í greinargerð frumvarps til laga um sölu áfengis og tóbaks stendur „Erfitt er að finna rök fyrir tilvist Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn henni". Flutningsmenn vilja afnema ríkiseinkasölu á áfengi og í greinargerð má lesa að þeir vilji einnig lækka áfengisgjald verulega. Niðurstaðan er fljúgandi gott aðgengi að ódýru víni.

Flestallir aðrir en flutningsmenn vita hvað gerist ef ódýr áfengur bjór og ódýrt vín verður selt í matvöruverslunum. Viðamiklar rannsóknir í félags- og heilbrigðisvísindum hafa vitnað um það í áratugi: fleiri munu misnota áfengi, fleiri munu byrja ungir að drekka, fleiri munu aka drukknir, fleiri munu leggjast inn á sjúkrahús og meðferðarstofnanir, fleiri missa stjórn á lífi sínu og fleiri beita ofbeldi gagnvart ástvinum sínum, vinum og ókunnugum.

Vandasamt er að koma auga á umhyggju gagnvart almenningi í greinargerð með frumvarpinu. Því þar ber hæst vilji til að fylgja kenningunni um að ríkið eigi ekki að standa í verslunarrekstri, umhyggja gagnvart verslunarmiðstöðvum og áhyggjur af kostnaði.

Í greinargerð flutningsmanna er engin tilraun gerð til að greina íslenska vínmenningu heldur er „framandi" vínmenning annarra þjóða einfölduð og yfirfærð. Í matvöruverslunum sitja nú aðallega börn við afgreiðslukassana en í greinargerðinni stendur að enginn megi afgreiða áfengi nema tvítugir og eldri.

Hátt áfengisgjald veldur flutningsmönnum áhyggjum af heimabruggi og möguleikanum á að einhver gæti veikst þegar þess er neytt. Greina má áhyggjur flutningsmanna af því að erlendir ferðamenn þurfi að greiða mikið fyrir vínglas.

Og hvers vegna aðeins léttvín og bjór? Auðvitað ætti flutningsmenn að fylgja bjargfastri sannfæringu sinni alla leið og flytja annað frumvarp um algjört afnám ríkiseinkasölu á áfengi óháð styrkleika. Hvers vegna leggja flutningsmenn til að ÁTVR hafi einkaleyfi til smásölu áfengis sem í er meira en 22% af vínanda þegar þeir vilja ekki að ríkið standi í verslunarrekstri?

Trúum ekki þeim sem trúa ekki sjálfum sér og treystum ekki á þá sem falla á eigin prófi.

*Höfundur er rithöfundur.*

**BLEIKA SLAUFAN**
Áhrif hormónameðferðar eru til umfjöllunar í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.
HEILSA 2



**ÖLL Í ÚTGÁFU**
Kristín Arnardóttir, móðir hennar, eiginmaður og sonur hafa öll verið í einhvers konar útgáfu á síðustu misserum.
BÆKUR 3





*Þú ert leikstjórinn í þínu lífi!*
*Nú býðst þér tækifæri til að breyta lífi þínu til framtíðar.*



*Hvernig öðlast þú allsnægtir ?*
Einstakt helgarámskeið þar sem þú lærir öfluga leið til að hafa líf þitt nákvæmlega eins og þú óskar þér. Aukið sjálfsöryggi, jákvæðari samskipti við fólk, góð heilsa og líkamleg meðvitund, er hluti af því sem þú öðlast á þessu námskeiði.

Þú lærir að ná árangri og njóta þess að lifa.

*Skráning hafin á námskeiðið um næstu helgi.*
*2.-4. nóvember.*

*Kennarar*
Guðbjörg Ósk rakel@osk.is
Rakel osk@osk.is

*Verð*
29.900,-
Peaceful Warrior dvd og námsgögn innifalið.

Rope yoga stöðin Ósk.is Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfirði.
*www.osk.is* Símar: 555 3536 / 695 0089

PRODERM™
húðvörn gegn kulda og snertiofnæmi

Lagar fljótt húðþurrk, roðaflekki, þurrkabletti sviða og kláða í andliti og höndum.

Verndar húðina fyrir efnum á **pH1 – pH12**. Engin fituáferð.

Fyrir börn, hlífir húðinni við kulda, munnvatni, tárum og nefrennsli.

Proderm er læknavara. Rannsóknir staðfesta virkni.




**Fæst í apótekum** www.celsus.is



Sköpun heimsins er að sögn Jennýjar Erlu Guðmundsdóttur hugsuð sem andlegt ferðalag og hugleiðsla til að auka almennt heilbrigði.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sætindi fyrir anda og sál

***Jenný Erla Guðmundsdóttir stundar bæði andlega og líkamlega líkamsrækt til að halda sér í góðu formi.***

„Ég þjáðist af mikilli streitu á sínum tíma og fór að stunda jóga til að ná betra andlegu jafnvægi. Jóga er að vissu leyti andleg leið og eftir tímabil þar sem ég kenndi jóga í sex ár náði ég ákveðnum árangri og fann hve mikilvægt er að sinna bæði andlegri og líkamlegri heilsu," segir Jenný Erla Guðmundsdóttir grafíklistakona, sem sendi nýverið frá sér hugleiðslubókina Sköpun heimsins.

„Bókin er mín leið til að stuðla að andlegu heilbrigði fyrir mig og aðra. Markmiðið er að senda lesandann í andlegt ferðalag með hugleiðslu með texta og myndum sem ég vann í tilefni þúsund ára kristnitöku fyrir sjö árum," segir Jenný, sem í dag stundar sígilda líkamsrækt ásamt því að sinna andlegu hliðinni af alúð. „Ég leitaði aftur í barnatrúna og á í dag mjög lifandi trú þar sem ég fann ákveðið jafnvægi milli þess andlega og líkamlega. Þetta finnst mér sérlega mikilvægt fyrir fólk sem er í skapandi störfum þar sem alltaf þarf visst áreiti til þess að geta skapað," útskýrir Jenný sem nefnir þætti eins og streitu og ótta sem veikja líkamann.

„Aðalatriðið er að sinna sjálfum sér og sjá heilbrigði sem heild," útskýrir Jenný, sem segir bókina vera eins konar andlegt góðgæti sem hentar vel samhliða alls konar líkamsrækt. „Við erum upptekin af því að fitna ekki og halda okkur í formi en það má ekki gleyma andlegri næringu. Þess vegna má segja að bókin sé konfekt fyrir anda og sál. Nema það er hægt að njóta hennar að vild og vaxa án þess að þyngjast og fitna," segir Jenný hlæjandi.

*rh@frettabladid.is*



**Krem** er gott að bera á andlit og hendur til að verja húðina þegar kólna tekur.

# Bleika slaufan

**OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN**



## Áhrif hormónameðferðar vegna brjóstakrabbameins

Þegar viðbótarmeðferð eftir skurðaðgerð vegna brjóstakrabbameins er ráðlögð, er það gert út frá áhættumati, sem segir til um líkurnar á því að sjúkdómurinn taki sig upp aftur. Viðtakarnir fyrir kvenhormónin estrógen og prógesterón liggja til grundvallar áhættumatsins sem stýrir eftirmeðferðinni og hafa ekki bara áhrif á horfur, heldur spá þeir einnig fyrir um gagnsemi lyfjameðferðarinnar. Ef hormónaviðtakar eru til staðar í æxlinu er ávallt mælt með andestrógenmeðferð nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem gera slíka meðferð óæskilega.

Hormónameðferð hefur verið þekkt vopn í baráttunni gegn brjóstakrabbameini allt frá árinu 1896 þegar skoski skurðlæknirinn Beatson fjarlægði eggjastokka konu með brjóstakrabbamein á háu stigi, með góðum árangri. Það varð ljóst að sjúkdómurinn er nátengdur kvenhormónaáhrifum og síðar hefur brottnám eða geislameðferð eggjastokka gagnast mörgum sjúklingum. Í dag er þó oftast beitt lyfjum til að ná sömu áhrifum. Hormónameðferð er með öflugustu meðferðum sem þekkjast gegn brjóstakrabbameini og hefur margsannað gildi sitt. Fjölmargar rannsóknir, meðal tugþúsunda kvenna á andestrógenmeðferð, hafa sýnt fækkun endurkomu sjúkdómsins hjá um 50% og lífslíkur aukist um 30%.

Í dag er mælt með 5 ára viðbótarmeðferð með hormónalyfi með andestrógenvirkni. Rannsóknir á meðferð sem skiptir úr einu slíku lyfi í annað, annars vegar eftir 2-3 ár og hins vegar eftir 5 ár, hafa einnig sýnt góðan árangur en enn er ekki ljóst hvaða lyf, í hvaða röð og í hversu langan tíma er best. Lyfið tamoxifen hefur síðustu áratugina verið gullna staðal-hormónameðferðin við brjóstakrabbameini, óháð aldri konunnar eða stigi sjúkdómsins, allt fram á síðustu ár. Tamoxifen er margslungið hormónalyf sem verkar gegn estrógeni í sumum líffærum s.s. brjóstum og leggöngum en hefur estrogenvirkni í beinum, hjarta- og æðakerfi og legi. Tamoxifen veldur því ekki beinþynningu og verndar gegn hjarta-og æðasjúkdómum en eykur svolítið áhættuna á krabbameini í legi. Nýrri lyf af flokki aromatasahemlara (Arimidex, Femar, Aromasin) hafa síðari ár tekið við af tamoxifeni í sumum tilvikum. Viðbótarmeðferð með aromastasahemlara hefur sýnt enn betri árangur m.t.t. endurkomutíðni sjúkdómsins og vægari aukaverkanir ef frá er talin einkenni frá stoðkerfi. Í tilvikum þar sem konan er með þekkta beinþynningu eða liðasjúkdóm er tamoxifen oft besti kosturinn. Ef konan hefur fengið blóðtappa eða er með þekkta storkugalla í blóði er aromatasahemlaralyf hins vegar betri kostur. Meðal yngri kvenna er tamoxifen enn þá staðalmeðferð, þar sem aromatasahemlarar gagnast ekki fyrir tíðahvörf.

Hormónameðferð gegn brjóstakrabbameini veldur oft aukaverkunum sem stafa af minnkuðum estrógenáhrifum í líkamanum. Þetta lýsir sér helst í hitasveiflum, svitakófum, beinþynningu, sálrænum áhrifum, minnkaðri kynlífslöngun og óþægindum við samfarir. Allt eru þetta þættir sem geta haft verulega neikvæð áhrif á lífsgæði. Hægt er að minnka óþægindi frá leggöngum með sleipiefnum eða staðbundinni estrógenmeðferð. Á meðan meðferð með aromatasahemlara stendur er ráðlagt að fylgjast með beinþéttni, taka inn kalk, D-vítamín, hreyfa sig reglulega og hætta reykingum. Algengasta aukaverkun bæði tamoxifens og aromatasahemlara eru svitakóf og hitasveiflur. Estrógenlyf gagnast best gegn þessu en eru óráðleg vegna aukinnar áhættu á endurkomu sjúkdómsins. Ýmis önnur úrræði eru þó til s.s. aukin hreyfing og nálastungumeðferð, sem auka endorfínframleiðslu líkamans og eru hættulaus. Einnig getur hjálpað að draga úr neyslu þess sem framkallar einkennin svo sem neyslu áfengis, heitra drykkja eða bragðsterkrar fæðu. Sjúklingar sem þjást af aukaverkunum eru hvattir til að ræða þessi mál við krabbameinslækni sinn þannig að hægt sé að finna úrræði sem henta best í hverju tilviki.

Eins og fram kom í upphafi er meðferð eftir skurðaðgerðina í fyrirbyggjandi skyni og verður því að vega gagnsemi hennar upp á móti versnun á lífsgæðum. Aukaverkanir eru þó afar einstaklingbundnar og í heildina séð yfirstíganlegar og léttvægar miðað við gagnsemi meðferðarinnar sem er óumdeilanleg.

*Ásgerður Sverrisdóttir*
*krabbameinslæknir*

## Sjálfsagt eða ekki

**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON HELDUR FYRIRLESTUR Í MANNI LIFANDI Í DAG.**



Þorvaldur Þorsteinsson

Veit einhver hvað þetta „sófasett" er að gera inni í stofu? er yfirskrift fyrirlestrar sem Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur með meiru heldur í Manni lifandi, í dag, þriðjudaginn 30. október, frá klukkan 17.30 til 19.00. Í fyrirlestrinum leitar Þorvaldur meðal annars svara við spurningum um hversu sjálfsagðir hlutir sem okkur finnast sjálfsagðir eru. - eö


**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**31. október Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

**03. nóvember Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins**

**06. nóvember Hvernig er staðan á þér?**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

**10. nóvember Hláturjóga með jákvæðu ívafi**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*

**14. nóvember Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*



*Stinnari á 4 vikum...*
*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

**Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag**
Spektro
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
S. 462 - 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
**útsölustaðir:** Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi, Krónan - Bíldshöfða, - Fiskislóð, - Mosfellsbæ og Akranesi, Heilsuhúsið Selfossi

**Birkiaska**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

**Minnistöflur**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

Dregur úr þurrum hósta og ertingu í hálsi.
Fer vel í maga, hefur góð og örvandi áhrif á meltinguna.
Er án alkóhóls.
Hentar allri fjölskyldunni, börnum jafnt sem fullorðnum.



FJALLAGRASA HÁLSMIXTÚRA

**Borðaðu þig granna(n)**
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

Kripalu | DansKinetics ®
**Dansjóga**
Njóttu þess að dansa!
Mánudaga kl. 20:00
Námskeið hefst 5. nóvember
Gerðubergi Reykjavík
*„Í dansjóga fannst mér ég fyllast orku, losna við spennu, strengi og önnur höft í líkamanum. Dansinn liðkar og léttir lundina."*
*- Þóra Halldórsdóttir tölvunarfræðingur.*



Marta Eiríksdóttir
Púlsinn námskeið
Vertu með í fjörinu!
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is

**Goji-ber**
Goji-ber eru stútfull af andoxunarefnum, vernda lifur og styrkja ónæmiskerfið
NOW vítamín og bætiefni fást í helstu heilsubúðum og apótekum um land allt

**Gjafir** er oft erfitt að velja en bækur eru alltaf góð gjöf og það fjölbreyttar að oftast má finna eitthvað sem hæfir áhuga hvers og eins.



# Þrjár kynslóðir í útgáfu

***Mikill sköpunarkraftur einkennir fjölskyldu Kristínar Arnardóttur en hún, móðir hennar, sonur og eiginmaður hafa öll gefið út bækur og annað efni.***

„Þessa miklu útgáfu hjá fjölskyldunni ber alla upp á svipuðum tíma,“ segir Kristín Arnardóttir, sem nýlega gaf út bókina Ég get lesið. Mikill sköpunarkraftur einkennir fjölskyldu hennar en móðir hennar, sonur og eiginmaður hafa öll gefið út bækur og annað efni á undanförnum mánuðum og árum.

Kristín er sérkennari og er Ég get lesið handbók um fyrstu skrefin í lestrarnámi ungra barna. „Bókin kom út fyrr á árinu og er nú komin í um 150 leik- og grunnskóla á landinu og er ætluð elstu leikskólabörnunum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Með henni fylgja auk þess fjölbreytt námsgögn með ýmiss konar stafaleikjum,“ segir hún. Kristín hefur lengi starfað sem sérkennari og byggir hún bókina á reynslu sinni af lestrarkennslu barna með sérþarfir. „Bókin hentar þó vel í almenna lestrarkennslu og er fylgigögnunum ætlað að brjóta kennsluna upp og gera hana skemmtilegri,“ bætir hún við.

Inga Guðmundsdóttir, móðir Kristínar, er á níræðisaldri og gaf hún á árinu út ljóðabókina Þræði. Þetta er fyrsta bók hennar og byggjast ljóðin á reynsluheimi hennar. Þau eru að sögn Steins Kárasonar, eiginmanns Kristínar og tengdasonar Ingu, full af glettni og húmor.

Steinn, sem gefur bækur þeirra mæðgna út, gaf sjálfur út diskinn Helga himneska stjarna fyrir jólin í fyrra en á honum er lag eftir hann í þremur mismunandi útsetningum. Sigurbjörn Einarsson biskup orti sálm við lagið og Atli Heimir Sveinsson útsetti. Scola Cantorum syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Áður hefur Steinn gefið út bækurnar Trjáklippingar og Garðverkin og auk þess gert sjónvarpsþátt um trjáklippingar og umhirðu.

Sindri Freyr Steinsson, sonur þeirra Steins og Kristínar, var svo ritstjóri menntaskólablaðsins Verðanda þar til nýlega en það er fríblað ætlað öllum framhaldsskólanemum. Hann skrifaði mikið af efni blaðsins sjálfur en hefur einnig gefið út ljóð og smásögur hjá bókaútgáfunni Nýhil.

*vera@frettabladid.is*



Sindri Freyr Steinsson, Steinn Kárason, Inga Guðmundsdóttir og Kristín Arnardóttir hafa öll verið í útgáfu af einhverju tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Gerðu námið léttara!

**Minnistækni** - Lærðu að muna ótrúlegt magn upplýsinga!
**Hraðlestur** - Þú getur lært að lesa hraðar!
**Öðruvísi stærðfræði** - Margfaldaðu, án þess að muna margföldunartöfluna!

**Upplýsingar og skráning:**
Kolbeinn Sigurjónsson (kolbeinn@lesblindusetrid.is)
www.lesblindusetrid.is undir “námstækni”
Námskeiðin henta 10-20 ára nemendum og er foreldri boðið frítt með.
Mörg verkalýðsfélög endurgreiða allt að helming kostnaðar.

**Verð aðeins kr. 20.000.- s: 5666664**

## FJÖLSKYLDUBÓKIN Í ÁR!




*ÞÚ ERT FRÁBÆR - bók sem byggir upp sjálfstraust barna - og allra hinna*

**Bókaútgáfan Hólar - holar@simnet.is**




FJÖLVI
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími: 565 6500
Fax: 568 8142
www.fjolvi.is
www.utivera.is
www.tjaldsvaedi.is

## Bók fyrir þá sem vilja skoða heiminn í nýju ljósi

Í nýrri bók Péturs Halldórssonar ***Stærð veraldar***, er byggt á kenningum Einars Pálssonar, þar er dregið fram í dagsljósið stórmerkilegt tákn kerfi heimsmyndar sem hefur verið dulið í margar aldir.
Þetta er leitin að svari við mikilli gátu.
***Hvernig varð þessi forskrift heimsmyndar til og hvaða tilgangi þjónaði hún?***




www.salkaforlag.is

Salka

## Auglýsingasími

# 512 5050




– Mest lesið





**Nýtt**

**Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum.**
**Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar**

**Verð m/ákl. kr. 75.000.-**
**Verð m/ nautaleðri kr. 95.000.-**

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**


# Austurland

**ÞRIÐJUDAGUR 30. OKTÓBER 2007**



## Dagar myrkurs

**Lífgað er upp á dimman nóvembermánuð með ýmsum uppákomum um allt Austurland.**

**BLS. 10**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




** Úr kvæði Karls Jónassonar um Fjarðarselsvirkjun*

60
1947 • 2007

# *..nægir ekki lengur lítil skíma

Það lifir enn á þessari ljósaperu frá árinu 1908, en hún er varðveitt í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði. Í dag viljum við meira en þessa skímu sem þó gladdi framsýna Seyðfirðinga á sínum tíma.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

RARIK ohf • sími 528 9000 • www.rarik.is

SA2007



Gönguhrólfar á Snæfelli virða fyrir sér Austfjarðaþokuna sem læðist yfir fjöllin. Í baksýn má sjá tungur Vatnajökuls og Kverkfjalla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Austfjarðaþokan líðast inn með fjöllum

**Fagurt er í fjörðum, sagði skáldið. Austfirðir eru þar engin undantekning eins og Gunnar V. Andrésson, ljósmyndari Fréttablaðsins, hefur komist að raun um á ferð sinni um Austurland.**

Stórbrotin og ægifögur eru lýsingarorð sem vel eiga við austfirsku fjöllin og firðina. Hver fjörður hefur sinn sérstaka svip þar sem fjöllin skaga til himins á báða bóga.

Austfirðir eru samheiti fjarða á vogskorinni austurströnd Íslands og eru taldir frá Glettingi að Eystrahorni. Áður fyrr var byggð í flestum víkum og fjörðum á milli Borgarfjarðar og Reyðarfjarðar, en lagðist af á mörgum stöðum á fyrri hluta 20. aldar. Enn eru þó þorp í hverjum firði nema Álftafirði og Lónsfirði.

Samgöngur geta verið erfiðar á vetrum þar sem vegir liggja með ströndinni og um snarbrattar skriður. Það ætti hins vegar ekki að fæla ferðamenn og náttúruunnendur frá því fegurð Austfjarða er einstök auk þess sem þjónusta við ferðamenn er fyrsta flokks á flestum stöðum. - sgi



Reyðarfjörður er stærstur Austfjarða, um þrjátíu kílómetra langur. Innst í fjarðarbotninum er samnefndur bær sem áður hét Búðareyri, þar var útgerð og fiskvinnsla töluverð en er nú hverfandi. Atvinnulífið byggist því á vaxandi þjónustu og byggingarstarfsemi vegna álvers Alcoa og Kárahnjúkavirkjunar.



Gamla kirkjan á Stöðvarfirði hefur fengið nýtt hlutverk en hún er nú leigð út til ferðamanna sem geta hvílt lúin bein í húsi þar sem ófáar predikanir hafa farið fram.



Hólsfjöll og Herðubreið, drottning íslenskra fjalla. Hólsfjöll, eða Fjallasveit, nær yfir svæðið austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan núverandi þjóðvegar og allt austur að Dimmafjallagarði og Haugsöræfum.


N1
HJÁ OKKUR FÆRÐU ALLT SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR VETURINN
LÁSSPRAY
N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
N1 VERSLANIR
WWW.N1.IS
Hvort sem það er rúðuvökvi, frostlögur, lásasprey eða snjóskafa sem þig vantar, þá finnur þú það hjá N1. Veturinn er nefnilega kominn, það er engin spurning.
N1 - Meira í leiðinni.

# Ekki undarlegri en aðrir

**Ferð á Dalatanga er ekki hefðbundinn sunnudagsbíltúr. Staðurinn er utan alfaraleiðar; vegurinn hlykkjast um þverhnípi og brattar skriður, en á leiðarenda stendur elsti viti landsins við eitt afskekktasta byggða bólið þar sem heiðurshjónin Heiðar W. Jones og Marsibil Erlendsdóttir hafa staðið vörðinn í fimmtán ár.**

„Hér er dásamlegt að vera og alltaf nóg að gera,“ segir Heiðar, sem er Reykvíkingur í húð og hár og hafði aldrei kynnst sveitamennsku fyrr en Amor skaut ástarörvum að þeim Marsibil í Neskaupstað þar sem Heiðar vann í afleysingum.

„Ég fór fimmtán ára á sjóinn og lærði síðar til loftskeytamanns og að hluta til símvirkjun líka. Það hefur komið sér vel því hér höfum við mikið þurft að standa í viðgerðum og ekki hlaupið á verkstæði,“ segir Heiðar, sem lengst af hefur búið við mikið vetrarríki á Dalatanga.



Heiðar og Marsibil hafa búið á Dalatanga í fimmtán ár. MYND/KAREN JENNY HEIÐARSDÓTTIR

„Það er greinilegt að veðurfar er að breytast á Íslandi. Síðastliðin ár hefur einangrunin minnkað mikið. Hér áður vorum við oft innilokuð frá því í byrjun nóvember og fram í júní. Vegurinn verður jú enn ófær og liggur um skriður í hrikalegu landslagi en Fúsi á Brekku hefur verið duglegur að halda honum opnum upp á sitt eindæmi síðan hann fékk sér jarðýtu,“ segir Heiðar um hina sextán kílómetra löngu leið frá Dalatanga að Brekku í Mjóafirði.

„Fyrir langa vetrarmánuðina þurfti að birgja sig vel upp af vistum, en einstaka sinnum kom hingað póstbátur á leið sinni frá Mjóafirði í Neskaupstað. Þá þurfti að vera ansi gott í sjóinn til að komast að Dalatanga, því víkin er fyrir opnum sjó og reru menn í gúmmíbát til landsins,“ segir Heiðar og neitar því að menn verði skrítnir af svo mikilli einangrun.

„Ja, okkur finnst við að minnsta kosti ekkert undarlegri en annað fólk, og þetta hefur ekki háð okkur,“ segir hann hlæjandi. „Konan mín er fædd norður á Siglunesi, þar sem líka var mikil einangrun, og hefur frá átta ára aldri búið hér utan þess tíma sem hún lærði til búfræðings í Hólaskóla. Hún gæti ekki hugsað sér að flytja í margmennið nema í nauðina ræki og sjálfum finnst mér þetta miklu eðlilegra en að vera úti á sjó því á togurum var ég stundum tvo mánuði úti í einu,“ segir Heiðar og kannast vel við rómantíska tilveru vitavarðarins.

„En hér er líka nóg við að vera í búskapnum. Við erum með belju til heimilisins, kindur, hesta, svín, hænur, endur, holdakanínur og sérþjálfaða border collie smalahunda, en konan er á kafi í hundaræktun. Þessar skepnur eru nauðsynlegar því nú fækkar svo í sveitum og ekki gott að smala hundlaus í fjalllendinu hér,“ segir Heiðar en þau Marsibil eru með fjóra hunda á bænum.



„Það er greinilegt að veðurfar er að breytast á Íslandi. Síðastliðin ár hefur einangrun létt mikið en áður vorum við oft innilokuð frá því í byrjun nóvember og fram í júní,“ segir Heiðar um lífið á Dalatanga. MYND/KAREN JENNY HEIÐARSDÓTTIR

„Börnin okkar tvö eru að nálgast tvítugt. Þau byrjuðu sex ára gömul í skóla á Brekku í Mjóafirði og höfðu þá vetursetu hjá móðursystur sinni, Helgu Erlendsdóttur. Sjálfsagt voru þau með heimþrá en það var einfaldlega ekki hægt að fara á milli vegna ófærðar þótt alltaf væri reynt að koma þeim heim í jóla- og páskafrí og þá farið á hestum á móti þeim,“ segir Heiðar og bætir við að verkefni vitavarðarins sé orðið lítið miðað við það sem áður var.

„Þetta eru aðallega veðurathuganir og eftirlit og svo tilfallandi bilanir; en hér er líka radíóviti fyrir flugið og símkerfi sem hvort tveggja bilar stundum. Veðurstofan kom hingað með tölvu en oft hamlar sambandsleysi því að hana sé hægt að nota. Við erum déskoti góð ef við náum 22,4 kílóbætum í hraða. Hér var einnig þokulúður sem nú hefur verið lagður af því nú er nánast aldrei þoka en það var næstum daglegt brauð hér fyrir nokkrum árum,“ segir Heiðar, sem gleðst yfir miklum gestagangi á Dalatanga. Þar eru tvö hús og alltaf pláss ef fólk langar að gista.

„Það var sagt að það væri reimt í vitanum og jú, jú, maður hefur svo sem orðið var við það, en hér er ekkert illt svo maður skiptir sér ekkert af þeim draugagangi,“ segir hann íbygginn og brosmildur.

*thordis@frettabladid.is*






Árshátíð skólans var haldin um kvöldið en á hana mættu yfir 800 manns.

# Egilsstaðaskóli 60 ára

Egilsstaðaskóli hélt upp á sextíu ára afmæli sitt síðastliðinn laugardag. Um 600 manns mættu á sérstaka afmælissýninu um daginn og virtu fyrir sér ýmislegt af því sem tengist skólahaldi fyrr og nú. Þar mátti meðal annars sjá kennslutæki, námsgögn, muni í eigu „gamalla“ nemenda, gömlu skólabjölluna, gamlar og nýjar myndir úr skólalífinu og sitthvað fleira. Um kvöldið var haldin glæsileg árshátíð í Íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum en þangað mættu um 800 manns; nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir velunnarar.

Þótt Egilsstaðaskóli eigi sér langa sögu var núverandi Grunnskóli Egilsstaða og Eiða stofnaður árið 1999 en hann varð til við sameiningu Barnaskólans á Eiðum og Egilsstaðaskóla.

Skólinn er deildaskiptur og stunda nemendur 1. og 2. bekkjar nám á Eiðum en aðrir nemendur eru á Egilsstöðum. Starfsmenn skólans eru 60 og er skólinn einn stærsti vinnustaðurinn á Fljótsdalshéraði. Nemendur eru um 360 talsins, 23 þeirra eru búsettir í dreifbýli og er ekið daglega á milli. Í Barnaskólanum á Eiðum stunda 60 nemendur nám en í Egilsstaðaskóla stunda 300 nemendur 3. til 10. bekkjar nám.



Á sýningunni mátti sjá ýmislegt sem tengist skólahaldi fyrr og nú.

# Kraftmikið atvinnulíf á Austurlandi



Byggingar álversins eru um 90.000 m$^2$. Kerskálarnir tveir eru hvor um sig meira en kílómetri að lengd.

**346.000 tonn af áli**
Álver Alcoa Fjarðaáls er eitt af fullkomnustu og umhverfisvænustu álverum heims. Framleiðsla hófst í apríl 2007 og búið verður að gangsetja öll rafgreiningarkerin í ársbyrjun 2008. Álið er framleitt í 336 rafgreiningarkerum í einni raðtengdri straumrás. Framleiðslugeta er um 346.000 tonn á ári.

**Verðmætar afurðir**
Málmvinnsla Fjarðaáls miðast við að hámarka verðmæti afurðanna. Í steypuskálanum eru fjórir rafkyntir íblöndunarofnar og þrjár framleiðslulínur: hleifasteypa, vírasteypa og lárétt T-barra- og kubbasteypa. Afurðirnar eru fluttar út til Evrópu og Norður-Ameríku.

**Spennandi vinnustaður**
Starfsmenn Fjarðaáls verða um 400 og þar af verða um 160 með iðn- eða háskólamenntun. Konur eru um þriðjungur starfsmanna. Unnið er í teymum og mikið er lagt upp úr fjölbreytni starfa og fjölhæfni starfsmanna.






ÍSLENSKA SIA.IS ALC 39785 10.2007

Alcoa er stærsta álfyrirtæki heims og starfrækir meðal annars 28 álver.
Hjá fyrirtækinu starfa yfir 120.000 manns á meira en 400 stöðum í 42 löndum.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# Kvöldþáttur í beinni

**Lög unga fólksins, kvöldþáttur í beinni, er yfirskrift hinnar árlegu rokkveislu í Egilsbúð í Neskaupstað að þessu sinni. Þar hjálpast söngvarar, hljóðfæraleikarar og dansarar að við að skapa dúndurstemningu að aflokinni dýrindis máltíð.**



Sungið af innlifun. Sturla Már Helgason á hljómborðinu og bak við eru þau Ragna Jara Rúnarsdóttir, Bergey Stefánsdóttir og Benedikt Stefánsson. MYNDIR/ÁSLAUG



Þorvaldur einbeittur á trommunum.



Katrín Sigurðardóttir þáttarstjórnandi fór á kostum.



Hlynur Benediktsson heillaði viðstadda.

Frumsýning rokkveislunnar var síðasta vetrardag að vanda og Áslaug Lárusdóttir, okkar maður á staðnum, var yfir sig hrifin. „Geggjuð sýning," svo notuð séu óbreytt hennar orð. Þeir sem misstu af geta bókað sig um næstu helgi því haldið verður áfram með sýningar fram eftir nóvembermánuði. Nýir menn á vegum Blús-, rokk- og jazzklúbbsins á Nesi (BRJÁN) sjá um skemmtiatriðin en þó slæðast vanir menn með eins og Þorvaldur Einarsson. Við náðum tali af honum.

„Það er mikið lagt í rokkveisluna og fyrir utan tónlistina eru sviðsmynd, ljós og hljóð með allra glæsilegasta móti," segir Þorvaldur, sem rekur sögu rokkveislnanna í Egilsbúð allt aftur til ársins 1989. Þá var þemað „Fyrstu ár rokksins". „Dagskráin er alltaf með svipuðu sniði, eitthvert tónlistarþema og blandað smá leik og fíflagangi með. BRJÁN tók við stjórninni árið 1996 en fastur kjarni hefur tekið þátt frá upphafi, Ágúst Ármann og Smári Geirsson hafa til dæmis verið drjúgir. Þó hafa alltaf verið breytingar á hópnum og í ár er algerlega nýtt fólk í liðinu, nema hvað ég lem húðirnar. Við eigum fjölmargt hæft tónlistarfólk enda erum við með afar góðan tónlistarskóla hér og hann er grunnurinn að þessu öllu saman. Við höfum þar góða kennara sem við getum alltaf leitað til. Svo erum við farin að teygja okkur yfir á næstu firði líka til að auka enn á fjölbreytnina. Menn skutlast yfir Oddsskarðið eins og ekkert sé. Þrír brottfluttir Norðfirðingar að sunnan eru líka með í ár, menn sem hafa verið viðriðnir austfirskar hljómsveitir. Þeir hafa flogið austur í haust og tekið stífar æfingahelgar. Það er mikil stemning sem myndast í kringum þetta," segir Þorvaldur, sem ávallt leggur sitt af mörkum til sýninganna. „Ég hef verið í ljósum og sviðsmynd, sungið og gengið í það sem hefur þurft að gera. Þetta er ómissandi partur af rútínunni á haustin," segir hann.

En það er ekki bara tónlist sem er í boði í Egilsbúð heldur eru líka krásir á borðum. Guðrún Egilsdóttir starfsmaður kann að lýsa þeim: „Það er lax í forrétt, lambafillet í aðalrétt og súkkulaðikaka í eftirrétt og syningin byrjar um leið og fyrsti diskur af eftirréttinum fer inn í sal. Hingað kemur fólk úr allri Fjarðabyggð og við getum tekið á móti 230 manns á hverja sýningu."

*gun@frettabladid.is*


af öllum Nettoline innréttingum 20% afsláttur til 10. nóvember

**Jólin nálgast!**

**20% afsláttur af öllum nettoline innréttingum til 10. nóvember**

**Notaðu tækifærið og nýja innréttingin verður tilbúin tímanlega fyrir jól.**

**NÝJAR SÝNINGARINNRÉTTINGAR - KOMDU OG SKOÐAÐU!**

nettoline AUÐVELT - FLJÓTLEGT - ÓDÝRT



Hlýtt og notalegt — NICE hvítt



BEYKI
HVÍTT MATT
HVÍTT HÁGLANS

Í takt við tímann — PISA höldulaust



Nýtt, ódýrt og spennandi — TORINO hnota





Betra bað - meira úrval - lægra verð



Góð vinnuaðstaða skiptir máli

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS
Veldu um
59 hurðagerðir og - liti



Fataskápar með venjulegum- eða rennihurðum

**ÞITT ER VALIÐ!**
Þú velur um að kaupa innréttinguna ósamsetta eða lætur okkur um samsetninguna. Við önnumst líka uppsetningu og frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG!**
Komdu með málin af eldhúsi, baði, þvottahúsi, anddyri eða svefnherbergi - við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

**25% Jóla AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM!**
þegar þau eru keypt með eldhúsinnréttingu!



Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, m.a. vorum við að fá sendingu af spanhelluborðum, sem við bjóðum á frábæru jólatilboðsverði.

www.nettoline.dk

Opið: virka daga 9 - 18
laugardaga 10 - 16

Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Velkomin í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana


AUSTURLAND
8. - 18. nóvember
DAGAR MYRKURS
Skelltu þér austur!
Skemmtileg dagskrá og ýmis tilboð
sjá www.east.is
KÍKTU Á WWW.EAST.IS
ALCOA
ICELANDAIRHOTELS
Magnað Austurland
Landsvirkjun
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Velkomin um borð!
héraðsprent

## ● AUSTFIRSKU ALPARNIR

Skíðaparadís Austfirðinga í Oddsskarði er eitt af skemmtilegustu skíðasvæðum landsins og oft kallað „Austfirsku Alparnir". Þar eru aðstæður til skíðaiðkunar allar hinar ákjósanlegustu og landslag hrikalegt og fagurt, en af toppnum, í 840 metra hæð, er geysifagurt útsýni yfir Reyðarfjörð.

Skíðalyftur Oddsskarðs geta flutt 1.965 manns á klukkustund. Lengd skíðabrekkna er 1.807 metrar og fallhæð 375 metrar. Brekkur við lyftur eru flóðlýstar og í Brekkuseli, skála skíðasvæðisins, er gistiaðstaða fyrir um 40 manns og boðið upp á léttar veitingar þegar opið er.



Bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti síðastliðinn vetur að veita fé í kaup á snjóvélum til uppsetningar á skíðasvæðinu í Oddsskarði, en snjóbyssurnar eiga að halda byrjendasvæði Oddsskarðs opnu þegar til kastanna kemur.

Símsvari skíðasvæðisins í Oddsskarði er 878 1474.

## ● SUNDLAUGAR Á AUSTURLANDI

Sund má stunda vetur, sumar, vor og haust. Því er ekki öðruvísi farið á Austurlandi, þar sem er töluvert úrval sundlauga. Hér að neðan eru taldar upp þær laugar sem ferðalangar og aðrir geta hvílt í lúin bein eða hresst sig við með nokkrum sundtökum.

- Sundlaugin í Selárdal, Vopnafirði
- Sundlaugin Egilsstöðum
- Sundlaugin Hallormsstað
- Sundlaugin Eiðum
- Sundhöllin á Seyðisfirði
- Sundlaugin Eskifirði
- Sundlaugin Neskaupstað
- Sundlaug Búðahrepps í Fáskrúðsfirði
- Sundlaugin Stöðvarfirði
- Sundlaugin Djúpavogi
- Sundlaugin Höfn í Hornafirði
- Flosalaug, Svínafelli við Fagurhólsmýri



# Grýluarfleifðinni haldið á lofti á Skriðuklaustri

**Lomberspil, herragarðskvöld, bókavaka, veislur og Grýlugleði eru meðal viðburða á Skriðuklaustri.**

„Það er eitt og annað á döfinni," segir Skúli Björn Gunnarsson, staðarhaldari á Skriðuklaustri í Fljótsdal, inntur eftir dagskrá haustsins og lýsir fyrst lomberkvöldunum en lomber er gamalt spil sem endurvakið var á Skriðuklaustri fyrir nokkrum árum. „Við byrjuðum í september að spila á þriggja vikna fresti. Það eru um 25 manns sem stunda þetta en svolítið rokkandi hversu margir mæta hverju sinni. Alltaf næst þó að spila á nokkrum borðum og halda uppi fjöri í fjóra til fimm tíma." Spurður hvort þar sé fólk af báðum kynjum svarar Skúli Björn: „Nei, þetta er nú svolítið einsleitur karlahópur en þó hafa nokkrar konur lært spilið og vonandi næst að virkja þær til þátttöku. Þetta var samt mikið karlaspil og eldri konur á Héraði segja mér að þær hafi ekki fengið að spila með körlunum. Þetta er fjárhættuspil og við spilum upp á plastpeninga. Það tíðkaðist samt í gamla daga að leggja undir, jafnvel heilu jarðirnar. Hvort sem gert var upp eða ekki eftir kvöldið."

Fleira er fram undan. „Grýlugleði er fastur liður hér á aðventunni þar sem þau hjónakornin Grýla og Leppalúði láta yfirleitt sjá sig og hrella börnin. Þau eiga rætur sínar og bústað hér hinum megin í dalnum því Grýlukvæði frá 16. og 17. öld eru til eftir menn héðan úr Fljótsdalnum. Við höldum Grýluarfleifðinni á lofti og í þetta sinn verður smásagnakeppni meðal eldri nemenda grunnskólans þar sem þeir fjalla um Grýlu dagsins í dag. Það kemur örugglega eitthvað skemmtilegt út úr því."



**„Það tíðkaðist hér í gamla daga að leggja undir, jafnvel heilu jarðirnar," segir Skúli Björn um lomberinn sem spilaður er á Skriðuklaustri.**

Bókavaka verður á Skriðuklaustri í nóvember að sögn Skúla Björns og síðan er fastur liður að fá einhvern áheyrilegan til að lesa Aðventu Gunnars Gunnarssonar þriðja sunnudag í aðventu, spjaldanna á milli. „Það tekur tvo til þrjá tíma með góðu kaffihléi," segir Skúli Björn. Um veitingar bætir hann því við að iðulega panti hópar veislur á Klaustri, herragarðskvöld sé fram undan og jólahlaðborð í fyllingu tímans.

*gun@frettabladid.is*




# VÍS þjónusta á Austurlandi

VÍS er með þjónustuskrifstofur í flestum þéttbýliskjörnum á Austurlandi með það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum fyrirmyndarþjónustu.

Komdu á næstu þjónustuskrifstofu VÍS eða hringdu í Þjónustuver okkar í síma 560 5000 sem er opið virka daga milli kl. 8.00–17.30.

| Staður | Sími |
|---|---|
| Borgarfjörður eystri | 472 9872 |
| Djúpivogur | 478 8838 |
| Egilsstaðir | 560 5335 |
| Neskaupstaður | 477 1234 |
| Reyðarfjörður | 560 5374 |
| Seyðisfjörður | 472 1111 |
| Vopnafjörður | 473 1282 |

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

Fiton/SÍA FI017338



Arnarfell ehf Sjafnarnesi 2 603 Akureyri s: 460-7500 www.arnarfell.is arnarfell@arnarfell.is

# Verktakar

í 20 ár

Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð


Vegagerð í Kambanesskriðum


Flutningur brúarboga í Vatnsfelli


Vegagerð


Gerð Hörgárdalsvegar


Svæði Arnarfells ehf á Akureyri


Mölun í Bárðardal


Fnjóskárbrú


Steypt í Reykjadal


Snjóflóðagarðar í Neskaupsstað


Vegagerð í Bröttubrekku


Jarðgangnagerð


Steypt á Akureyri


Jarðgangnagerð í Hraunveitum

1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009

# Fríkað út á landsbyggðinni

**Hátíðin Dagar myrkurs verður nú haldin á Austurlandi í áttunda sinn. Hátíðarhöldin standa yfir frá 8.-18. nóvember um allt Austurland og kennir þar ýmissa grasa.**

„Upprunalega er þetta sameiginleg hugmynd ýmissa aðila á Austurlandi um að lyfta upp skammdeginu með hátíðarhöldum. Þetta hefur tekist það vel að hátíðin nær nú frá Vopnafirði, yfir alla firðina, Fljótsdalshérað, Djúpavog og Breiðdalsvík og er þetta í rauninni allt Austurland sem tekur þátt í þessu,“ segir Ásta Hafberg, verkefnastjóri á Markaðsstofu Austurlands, um hátíðina Dagar myrkurs sem stendur frá 8. til 18. nóvember. Dagskráin er afar fjölbreytt og verða ýmsar uppákomur.

„Það er allt í gangi. Búðirnar eru með opið lengur og ýmis tilboð í gangi, það verða alls konar tónleikar, göngur, leikskólar og skólar taka þátt og það er hellingur að gerast. Það verða kertaljós og notalegheit í sundlaugunum, myrkrakvöld á kránum, ýmsar skemmtanir og svo framvegis,“ útskýrir Ásta, sem er greinilega spennt fyrir hátíðinni.

„Markaðsstofa Austurlands hefur haldið utan um skipulag hátíðarinnar sem er viðamikil en öllum er velkomið að vera með. Í raun stendur þó allt Austurland fyrir hátíðinni,“ segir Ásta og er það undir hverjum og einum komið hvort hann vilji vera með.

Hátíðin er orðin fastur liður á Austurlandi og er líka til þess gerð að lengja ferðamannatímann. Flugfélagið hefur til að mynda verið með tilboð í sambandi við Daga myrkurs. Erfitt er að telja upp alla dagskrárliði þar sem dagskráin er afar viðamikil. Ásta nefnir þó nokkur atriði sem dæmi:

„Á Dögum myrkurs hefur alltaf verið bílabíó á Eskifirði og hefur það fallið vel í kramið. Á Djúpavogi er síðan svokölluð Sviðamessa sem er ákaflega skemmtileg. Hún byggist á hinni gömlu hefð sem tengist Allra heilagra messu en þá var boðið upp á svið til hátíðarbrigða eftir messu og hefur nafninu nú verið breytt í Sviðamessu. Þá eru í boði sviðahausar og -lappir og fyrir þá sem þora ekki eru pitsur. Það er aðeins búið að poppa þetta upp og fólk mætir í búningum og það er mikil hrekkjavökustemning,“ útskýrir Ásta kímin og segir hlæjandi að þegar svona uppákomur séu úti á landi þá taki allir þátt í því og fríki út þegar þeir fá loks tækifæri til. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á www.east.is.

*hrefna@frettabladid.is*


Lugtir lýsa upp myrkrið á Afturgöngunni á Seyðisfirði.


Kertafleytingar við Voginn.


Ekki stóð öllum á sama þegar draugar fóru á stjá í hinu árlega Faðirvorhlaupi í Skógræktinni. Nafnið á hlaupinu er tilkomið vegna þess að Stefán Jónsson heitinn, rithöfundur og alþingismaður, sagði frá því að sem unglingur hefði hann hlaupið í myrkri frá bænum Teigarhorni heim að Rjóðri á þremur faðirvorum en Stefán var mjög myrkfælinn.


Bílabíóið á Mjóeyri á Eskifirði nýtur mikilla vinsælda á hátíðinni.


Gestir ylja sér við Ástareldinn á Mjóeyri á Eskifirði.

LANDSNET




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / LJÓSMYND BIRT MEÐ LEYFI NASA

LANDSNET ÞAKKAR ÍBÚUM Á AUSTURLANDI

**Landsnet leggur nú síðustu hönd á framkvæmdir við Fljótsdalslínur 3 og 4, breytingar á Kröflulínu 2 og framkvæmdir í aðveitustöðinni í Hryggstekk. Af þessu tilefni vill Landsnet þakka bæði fólki, fyrirtækjum og forsvarsmönnum sveitarfélaga á Austurlandi fyrir ágæta samvinnu og væntir góðs af samstarfinu á komandi árum.**

Landsnet er nýtt fyrirtæki á raforkumarkaði og gegnir lykilhlutverki í markaðsvæðingu raforku. Starfsemi þess snertir hvert byggt ból og Íslendinga alla. Landsnet rekur flutningskerfi raforku, annast kerfisstjórnun og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsnet býður landsmönnum þjónustu þrautreynds og þjálfaðs starfsfólks og ræður yfir fullkomnum tæknibúnaði.

Með breytingum á raforkulögum geta nú allir raforkunotendur, stórir sem smáir, þar með talin heimilin í landinu, ráðið því af hvaða framleiðanda raforkan er keypt.







Höfuðstöðvar Landsnets eru að Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík. Síminn er 563 9300. Heimasíða: www.landsnet.is.



ENNEMM/SÍA/NM29933

## > Saman náum við árangri – um allan heim

Hjá Samskipum fara saman kraftur og sóknarhugur nýrrar kynslóðar og ómetanleg áratuga reynsla. Við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum áreiðanlegar heildarlausnir á sviði flutninga um allan heim og höfum byggt upp samhentan hóp og traust flutningakerfi sem tryggja skjóta og örugga þjónustu jafnt innanlands sem utan.

Skrifstofur Samskipa: Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Danmörk, England, Eistland, Færeyjar, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kína, Lettland, Litháen, Noregur, Rússland, Skotland, Spánn, Suður-Kórea, Svíþjóð, Úkraína, Víetnam, Þýskaland. Umboðsmenn: Finnland, Portúgal.

SAMSKIP

Saman náum við árangri

www.samskip.com

# Egilsstaðir

## Raðhús 3ja–4ra herbergja 96–130 fm

ÍAV



- Glæsileg hönnun
- Viðhaldslítið
- Fullbúin eða skemmra komin
- Vandaðar innréttingar
- Allur frágangur sérlega vandaður

Ítarlegar upplýsingar um eignirnar á vefsíðu okkar www.iav.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## Hagstætt verð

**frá 13.1 millj. tæplega tilbúið til innréttinga**

**frá 18.3 millj. fullbúið án gólfefna**

INNI FASTEIGNASALA

**www.iav.is**

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík og Miðvangi 1-3, 700 Egilstöðum, sími 530 4200



Leitaðu ekki lengra. Erum með rétta bílinn fyrir þig!
BÍLASALAN
HÖFÐAHÖLLIN
DIESEL.IS
Sími: 567-4840/660-0565
Opið virka daga frá kl. 10:00-19:00 og laugardaga frá kl. 12:00-17:00
TILBOÐ
BMW 320DT Dísel 10/2001
Verð 1.990
Tilboðsverð 1.550
TILBOÐ
BMW 320CD Dísel 3/2004
Verð 3.690
Tilboðsverð 2.890
TILBOÐ
BMW 520DT Dísel 6/2001
Verð 2.190
Tilboðsverð 1.590
TILBOÐ
JEEP GRAND CHEROKEE LTD 2006
Verð 4.290
Tilboðsverð 3.490
TILBOÐ
BMW X5 4.4 11/2000
Verð 3.750
Tilboðsverð 3.290
TILBOÐ
CHEVROLET G1500 EXPL. 4x4´05
Verð 4.990
Tilboðsverð 3.990
TILBOÐ
CHRYSLER PT CRUISER LTD 2001
Sjálfsk. Verð 1.490
Tilboðsverð 990
TILBOÐ
HYNDAI SANTA FE 10/2002
Verð 1.790
Tilboðsverð 1.590
TILBOÐ
JEEP CHEROKEE LAREDO 11/2006
Verð 3.990
Tilboðsverð 3.390
TILBOÐ
VOLVO V50 Dísel 2005
Verð 2.990
Tilboðsverð 2.490
TILBOÐ
VOLVO XC70 2004
Verð 3.590
Tilboðsverð 2.990
TILBOÐ
VW TOUAREG V8 DVD
Verð 4590
Tilboðsverð 4.190
TILBOÐ
MMC PAJERO 1997 Dísel
Verð 690
Tilboðsverð 590
TILBOÐ
VW PASSAT 11/1998
Verð 580
Tilboðsverð 480
TILBOÐ
BMW 520i TOURING 2000
Verð 1.650
Tilboðsverð 1.440
TILBOÐ
CADILLAC ELDORADO 1995
Verð 490
Tilboðsverð 390
TILBOÐ
CHRISLER SEBRING 2003
Verð 1.880
Tilboðsberð 1.680
TILBOÐ
FORD EXPLORER XLT 2004
Verð 2.690
Tilboðsverð 2.390
TILBOÐ
JAGUAR X TYPE 1/2002
Verð 3.200
Tilboðsverð 2.590
TILBOÐ
JEEP GRAND CHEROKEE V8 2005
Verð 3.790
Tilboðsverð 3.490
TILBOÐ
L. ROVER RANGE ROVER 4.0 1998
Verð 1.890
Tilboðsverð 1.490
TILBOÐ
M.BENZ VITO 111 CDI 2007
Verð 2.990
Tilboðsverð 2.790
TILBOÐ
MMC PAJERO DID 6/2000
Verð 2.560
Tilboðsverð 2.190
TILBOÐ
SUZUKI GRAND VITARA 3/1999
Verð 1.290
Tilboðsverð 990
TILBOÐ
M.BENZ ML230 1/1999
Verð 1.290
Tilboðsverð 1.090
TILBOÐ
HYNDAI H-1 12/1999
Verð 990
Tilboðsverð 890
VETRARPAKKI
FRÁ BÍLKÓ
FYLGIR HVERJUM BÍL
TILBOÐ
JEEP GRAND CHEROKEE LTD 2002
Verð 2.290
Tilboðsverð 1.890
TILBOÐ
MMC L200 2007 Nýr
Verð 2.990
Tilboðsverð 2.790
Birt með fyrirvara um ritvillur
NÝR!
MMC PAJERO DÍSEL NÝR 2007
VERÐ: 5.580
NÝR!
MMC OUTLANDER DÍSEL NÝR 2007
VERÐ: 3.490
NÝR!
MMC L200 30 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA SJÁLFSK.
VERÐ: 3.590
VETRARPAKKI
Negld vetrardekk, smurþjónusta og teflonbón
frá Bílkó fylgir hverjum bíl.
BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Klettháls 2 www.hofdahollin.is www.diesel.is

# bílaland B&L

bíla land B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

# Tilboðsbílar



**HYUNDAI SONATA**
Nýskr: 05/2005, 2400cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 149.000 þ. Verð: 1.680.000
Tilboðsverð 1.360.000



**HYUNDAI TRAJET**
Nýskr: 05/2006, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn
27.800 þ. Verð: 2.150.000
Tilboðsverð 1.850.000



**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 06/2004, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn
57.000 þ. Verð: 1.930.000
Tilboðsverð 1.580.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 06/2005, 1600cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn
66.000 þ. Verð: 1.630.000
Tilboðsverð 1.350.000



**RENAULT SCENIC II**
Nýskr: 05/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrænn,
Ekinn 64.000 þ.Verð: 1.590.000
Tilboðsverð 1.280.000



**TOYOTA COROLLA**
Nýskr: 04/2001, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósbrúnn,
Ekinn 150.000 þ. Verð: 690.000
Tilboðsverð 530.000

# Verð frá 500.000 til 1.500.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 02/2001, 2400cc
5 dyra, Beinskiptur, Brúnn / Grár,
Ekinn 143.000 þ.
Verð: 1.290.000



**HYUNDAI STAREX**
Nýskr: 06/2001, 2400cc
4 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 120.000 þ.
Verð: 1.340.000



**PEUGEOT 307**
Nýskr: 11/2003, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Blár, Ekinn
119.000 þ.
Verð: 850.000



**RENAULT LAGUNA II**
Nýskr: 11/2003, 1800cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 70.000 þ.
Verð: 1.530.000



**RENAULT MEGANE II**
Nýskr: 09/2004, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár,
Ekinn 99.000 þ.
Verð: 1.360.000



**SUZUKI IGNIS**
Nýskr: 06/2002, 1300cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn,
Ekinn 70.000 þ.
Verð: 780.000

# Verð frá 1.500.000 til 3.000.000



**BMW 116I**
Nýskr: 04/2007, 1600cc
5 dyra, Beinskiptur, Rauður,
Ekinn 10.000 þ.
Verð: 2.700.000



**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur,
Ekinn 24.000 þ.
Verð: 2.890.000



**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr: 10/2004, 2900cc
5 dyra, Beinskiptur, Svartur / Grár,
Ekinn 34.000 þ.
Verð: 2.780.000



**RENAULT CLIO**
Nýskr: 11/2006, 1400cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 7.000 þ.
Verð: 1.920.000



**SUBARU LEGACY**
Nýskr: 03/2005, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósblár,
Ekinn 42.000 þ.
Verð: 2.250.000



**TOYOTA COROLLA VERSO**
Nýskr: 11/2006, 0cc
5 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 10.000 þ.
Verð: 2.570.000

# 3.000.000 +



**BMW 318I**
Nýskr: 05/2007, 2000cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 4.000 þ.
Verð: 3.500.000



**BMW X3**
Nýskr: 08/2004, 2500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 56.000 þ.
Verð: 3.900.000



**BMW X5**
Nýskr: 05/2006, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 27.000 þ.
Verð: 5.900.000



**HUMMER H3**
Nýskr: 07/2005, 0cc
5 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 38.000 þ.
Verð: 4.380.000



**MERCEDES C350**
Nýskr: 06/2006, 3500cc
4 dyra, Sjálfskiptur,
Ekinn 5.500 þ.
Verð: 5.700.000



**TOYOTA LAND CRUSIER**
Nýskr: 11/2001, 4700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 104.000 þ.
Verð: 3.550.000

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Allt að 100% lán í boði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Selfoss S: 575 1460 - Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 431 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

**www.bilamarkadurinn.is**
**Smiðjuvegur 46-e**
**s: 567-1800 GUL GATA**



**TOYOTA HILUX D4D 38"**
04/04 EK. 125.þkm. Ný dekk, læstur að aftan, gormafjöðrun. Tilbúinn á fjöll.
V. 3,990,- Lán. 3,236,-




**MERCEDES BENZ C200 K**
'06 Ek.31.þkm. SSK.
Ásett 4,200,- Lán. 3,600,-
TILBOÐ: 3,900,-



**FORD ESCAPE LIMITED**
´03 Ek. 83.þm. Sjálfskiptur.
V. 1,990,- Lán. 1,700,-
Afb. 36




**RANGE ROVER HSE 35"**
4,6 '00 Ek.98.þkm. Ný dekk,
Sjálfsk. V. 2,690,-
TILBOÐ: 2,100,-



**FORD EXPLORER E.B.**
Árgerð **2004**
Ek.61.þkm.
GULLFALLEGUR BÍLL.
V. 2,950,-




**FORD EXPEDITION E.B.**
'04 Ek.64.þkm. Ssk. 260HÖ
V. 3,890,- Lán.1,470,-
TILBOÐ: 3,090,-




**TILBOÐ 100% Lán**
Nissan Murano ´05 Ek.11.þm.
Leður, lúga, sjónvarp o.mfl.
100% LÁN.



**FORD F-150 LARIAT**
'04 Ek. 60.þkm.
Einn með öllu, ný vetrardekk.
V.3,050,- Lán.1,900,-




**NISSAN TERRANO II TDI**
Mjög góður dísel jeppi.
´98 Ek.161.þkm. 5 gíra.
V. 800,000,-
TILBOÐ: 695,000,-

LÍKLEGA STÆRSTA SÖLUSKRÁIN Á NETINU!!
1500 bílar á skrá á einum stað
Finndu bílinn á
www.bilamarkadurinn.is

Opnunartími:

Mánud.-Föstud. 10:00 - 19:00
Laugard. 10:00 - 17:00
Sunnud. 13:00 - 17:00

## Hjólhýsi




## Vinnuvélar




## Hjólbarðar



Til sölu 4 nagladekk á felgum. 175/65 R14 Kumho. Kr. 30.000. Uppl. Garðar í s. 898 4805.

Vetrardekk undir Opel OPC og nagladekk á felgum undir Opel Astra. Selst á hálfvirði. Uppl. í s .891 6020.

Ársgömul negld jeppavetrardekk BFGoodrich 235/75R15 á 20 þ. Einnig góð notuð vetrardekk af Opel 185/70R14 á 7þ. Uppl. í s. 898 5725.

Pirelli nagladekk á 16" VW álfelgum. Selst á hálfvirði. S. 862 1020.

## Varahlutir



**Vélar ehf.**
**Vatnagarðar 16**
**Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlþj. S. 568 6625. www.velarehf.is**

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Einnig airbag. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Óska eftir gírkassa í Volvo 98 V40/S40 sími 894 4915 eða unnodd@simnet.is

## Viðgerðir

**Bílaverkstæðið Skúffan.**
Allar almennar bílaviðgerðir. Fljót og góð þjónusta. Smiðjuvegur 11e, 200 Kóp. S. 564 1420.

# KEYPT & SELT

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

## Tölvur



**Umboðssala**
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Vélar og verkfæri

2ja pósta bílalyfta og ballenseringarvél óskast keypt. Uppl. í s. 868 5922.

Til sölu Zedor 4718 árg.'74. Verð 70 þús. Er á Höfuðborgarsvæðinu. S. 697 5850.

## Til bygginga

Ný Sakkaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2. Uppl. í 8473798 og ulfurinn.is, Halldór

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Stjörnuþrif ehf Tökum að okkur gólfbónun og bónleysingu, einnig allar almennar hreingerningar, svo og reglubundna ræstingu fyrir fyrirtæki og stofnanir S:8671730 & 8499600 www.stjornuthrif.is

## Garðyrkja




**Tökum að okkur ýmsa Jarðvegsvinnu**
**Tökum að okkur ýmsa jarðvegsvinnu, td. Hellulagningar, sökklar, dremlagnir ofl. ofl. Fljót og örugg þjónusta. Upplýsingar gefur Ingólfur í síma 868 2204 & Óskar í síma 898 9027.**

Gröfuþjónusta, hellulagnir, þökulagnir, drenlagnir, jarðvegsskipti og öll almenn lóðavinna. Skjót og góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. SS- hellulagnir. S. 691 8907 & 690 2742.

## Málarar

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

**Búslóðaflutningar**
Og allir almennir flutn. Aukamaður/menn ef óskað er. Uppl. í s. 661 1977 & 659 1047.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN**
**Sími 892-1565**

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. -öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)




**Nýsmíði - Viðhald húsa**
**Trésmíði. viðhald húsa, parketlagnir,flísa- nýsmíði á gluggum og ísetning. Föst tilboð eða tímavinna.**
**Uppl. í s. 864 5920.**

**Viðhald, breytingar úti og inni. Sólpallar. gerum tilboð. Smíðalausnir s. 899 3011.**

**Glerjun/gluggaviðgerðir!**
**Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Einstaklingar og fyrirtæki. Kem á stað. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf - Ríkharður S. 615-2000

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun**
**Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

## Dulspeki-heilun




## Nudd

Massage. Maria, tel. 862 0283.

## Spádómar




**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

**Hanna 908 6040 & 555 2927**
Símaspá, fyrirbænir, draumar, tarot. Andleg leiðsögn. 555 2927 Visa/euro.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Rafvirkjun







## Trésmíði

Getum bætt við okkur stærri og smærri verkefnum í smíðum. Vanir menn, vönduð vinna. S. 863 6062.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR veitir ráðgjöf um LR- vörurunar, hvernig þú gerist söluaðili. Anna Snyrtifræðingur 699 7379.

LR Henningskúrinn, Frábær árangur! Uppl. í s. 869 3846.

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife!Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Ökukennsla. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu Borðstofuborð úr gegnheilli furu og 7 stólar. Hentar vel í sumarbústaðinn. Verð 40.000. Uppl. í s. 699 1311.

## Heimilistæki

AEG tvískiptur ísskápur hæð 180 cm á 5.000 kr. og Edesa 250 l. frystikista á 10.000. Uppl. í s. 692 0367.

## Barnagæsla

**HENDUR.IS**
Tek að mér að fylgjast með börnum, hjálpa með heimanám, elda mat og get tekið létt heimilisþrif. Uppl. á www.hendur.is

## Ýmislegt

Ertu að fara í innanhúsframkvæmdir ? Vantar þig ódýrar, góðar og vandaðar vörur frá Póllandi? Kíktu á www.betapol.is eða hringdu í s. 422 7035 & 896 3039.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

**Rjúpa**
Veiðimenn! Vekjum athygli á heimasíðu skotvís. www.skotvis.is Skotveiðifélag Íslands

# HÚSNÆÐI

## Gisting

Langtíma gisting Long term rental Gistihús/Guesthouse Flóki Inn Sími:552 1155, netf:info@innsoficeland.is, www.innsoficeland.is

## Húsnæði í boði




**Fyrirtæki Íslensk - erlend**
**Glæsileg íbúð, 104 fm í opnu rými með glæsilegu panorama útsýni yfir Rvk. á svæði 104. Leigist með eða án húsgagna, til lengri tíma. Leiguverð 200 þ. á mánuði. Íbúðin er laus strax Áugasamir hafi samband við Fréttablaðið á smaar@frettabladid.is merkt 2727.**

Ný endubætt 50 fm íbúð til sölu að Efstasundi 85. Glæsileg eign á góðum stað. Komið og skoðið. Uppl. hjá Gunnari í s. 861 5777.

Lúxus herb. með útsýni á besta stað í 101 Reykjavík. V. frá 48 þús. Uppl. í s. 898 5179 e. kl. 17.

Luxury rooms w. a view in the best part of 101 Reykjavik, from 48.000 - 85.000 isk. Tel. 898 5179 after 5pm.

Lítil stúdíó íbúð nálægt HÍ, til leigu. Laus strax. Leiga 85 þús, allt innifalið. Ísskapur á staðnum. Uppl. í s. 696 1767

## Atvinnuhúsnæði

Verslunarhúsnæði til leigu í Árbæ, ca 87-175 fm. Upplýsingar í síma : 4878000

Lagerhúsnæði til leigu 800 m2, brettarekkar fyrir ca 250 Europalla, leigutími amk 1 ár, höfuðborgarsvæði. Útipláss fyrir gáma. Uppl. 661 3131.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Húsvagnafólk - Síðustu plássin**
Fyrsta flokks upphitað hús á EyrarbakkaTökum allar stærðir. Vefmyndavélar.S. 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir aðstoð við heimilisþrif einu sinni í viku. Uppl. í s. 860 2350 & 863 2308.

**House Cleaning**
Seeking assistance in houscleaning once a week. Inf. in tel. 860 2350 & 863 2308

Byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum og verkamönnum vönum flekauppslætti og mönnum vönum járnabindingum. Uppl. í s. 856 5555.

**Fullt starf eða auka vinna**
**Viljum bæta við þjónustufólki í fullt starf og auka vinnu. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is & Uppl. í s. 893 2323.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**HENDUR.IS**
Gistiheimili vantar aðstoð við framreiðslu þann 2. nóv. milli 16-22. Uppl. á Hendur.is

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
**Óska eftir starfsmanni í steinsteypusögun og kjarnaborun. Góð í laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar í s. 893 3236.**

Vanan Háseta og annanstýrimann vantar strax á 160 tonna netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 892 0367.

**Sælgætis og videohöllin Garðatorgi**
**Óskum eftir að ráða fólk í kvöld- og helgarvinnu hentar vel skólafólki. Einnig vantar fólk í dagvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Einnig hægt að hringja í síma 565 6677.**

**Helgarvinna og jólavinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga. Einnig í jólavinnu. Uppl. á staðnum og í s. 568 9040.**

**Leikskólinn Seljakot Rangárseli 15**
**Óskum eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda í 100% stöðu og hlutastöðu eftir hádegi. Upplýsingar í s. 557 2350 eða 693 9811.**

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR - KRINGLAN**
**„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu. Einnig vantar okkur starfsfólk í nýtt bakarí okkar í Kringlunni strax. Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Óska eftir verkamönnum strax í byggingavinnu Upplýsingar í síma 892 2221.

Matráður óskast! Matráður óskast í 100% starf í leikskólann Hvarf sem er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi. Áhugasamir hafa samband við Áslaugu Leikskólastjóra í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst í aslaug@natturuleikskolinn.is

**Stýrimenn/bátsmenn**
Traust útgerðarfyrirtæki óskar eftir stýrimanni eða bátsmanni á skip fyrirtækisins. Uppl. í s. 843 5640.

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Aðstoðum við að finna rétta fólkið í öll verkefni. Uppl. á www.hendur.is

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Hvítur Sony-Ericsson K610i. Farsími glataðist þegar ég fékk far sunnudaginn 14. okt. til Akureyrar á puttanun með silfruðum jeppa. Ef þú hefur fundið símann minn, vinsamlegast hafðu samband í síma 462 7751. Anke Buttgereit.

## Ýmislegt

80-90% útsala. Engihjalla 8, 1. hæð. Kl. 15-20 alla daga! Uppl. í s. 861 4082.

## Einkamál




Nýleg grófmunstruð negld jeppadekk til sölu. 33 x12,5R-15LT. 40.000. Uppl. í s. 664 1632.

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

LANDIC PROPERTY

## Hluthafafundur í Landic Property hf.

Hluthafafundur í Landic Property hf. verður haldinn þriðjudaginn 6. nóvember næstkomandi kl. 10:00 á starfsstöð félagsins í Kringlunni 4-12, í Reykjavík.

### Dagskrá:

1. Breytingar á samþykktum félagsins:

   a. Tillaga er lögð fram um breytingu á grein 2.1. þannig að hluthafafundar félagsins heimili stjórn að hækka hlutafé félagsins um allt að 1.430.000.000 kr (eða samsvarandi fjárhæð í evrum taki stjórnin ákvörðun um að nýta sér framangreinda heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum) með áskrift nýrra hluta vegna fyrirhugaðs útboðs og skráningar félagsins í kauphöll. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi og greiðsluskilmála. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Heimild þessi skal gilda fram til næsta aðalfundar félagsins.

   b. Lagt er til að felld verði úr gildi eftirstandandi heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins til að mæta greiðslum til hluthafa Keops A/S í grein 2.1.

   c. Samkvæmt núgildandi samþykktum hefur stjórn félagsins heimild hluthafafundar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 209.140.000 kr. til að mæta greiðslum við frekari fjárfestingar, og til að mæta kaupréttarsamningum. Lagt er til að þessi heimild hækki í 750.000.000 kr. (eða samsvarandi fjárhæð í evrum taki stjórnin ákvörðun um að nýta sér framangreinda heimild til að skrá hlutafé félagsins í evrum). Jafnframt hafi stjórn félagsins heimild til að ákveða að greitt verði fyrir hina nýju hluti með öðru en reiðufé, enda liggi fyrir sérfræðiskýrsla endurskoðanda um verðmæti endurgjaldsins. Í þessu felst að hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinu nýja hlutafé. Heimild þessi skal gilda fram til næsta aðalfundar félagsins, en falla þá niður að því leyti sem hún hefur ekki verið nýtt.

   d. Lagt er til að stjórn félagsins verði heimilt ákveða að hlutafé félagsins verði gefið út í evrum í stað íslenskra króna, og að verði sú heimild nýtt skuli hver hlutur nema 10 evru centum, í stað einnar krónu.

   e. Aðrar breytingar á samþykktum félagsins: Tillaga er um að breyta ákvæðum samþykktanna að öðru leyti en að framan er talið, til nánari útlistunar á nokkrum ákvæðum þeirra, og til samræmis við fyrirhugaða skráningu félagsins í kauphöll. Helstu efnislegu breytingar eru þessar skv. tillögunum:
   - að senda skuli kauphöll tilkynningu um boðun hluthafafunda
   - að boða skuli til hluthafafunda með minnst 7 daga fyrirvara og mest 4 vikna fyrirvara.
   - að hluthafafundir skuli vera opnir fulltrúum frá fjölmiðlum og kauphöll. Kauphöll skuli tilkynnt um hluthafafund um leið og ákvörðun hefur verið tekin um að halda slíkan fund.
   - að heimilt skuli að ákveða að hluthafafundur skuli haldinn utan Reykjavíkur eða utan Íslands.
   - að gera skuli grein fyrir því hversu margir hluthafar eða umboðsmenn hluthafa eru mættir á hluthafafund þannig að ljóst sé hverju sinni hverjir eru mættir og hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver og einn ræður yfir.

   Lagt er til að stjórn félagsins verði veitt heimild til að breyta samþykktum félagsins til samræmis við ákvarðanir fundarins og ganga frá tilkynningum til Hlutafélagaskrár.

2. Heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

3. Staðfesting á skiptingu félagsins.
   Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund að staðfesta skiptingu félagsins, samkvæmt skiptingaráætlun sem stjórn félagsins skrifaði undir þann 27. september 2007. Auglýsing um fyrirhugaða skiptingu var birt í Lögbirtingar blaðinu þann 1. október 2007 og hafa skiptingargögn legið frammi á skrifstofu félagsins frá sama tíma. Samkvæmt skiptingaráætluninni tekur einkahlutafélagið Stoðir fasteignir ehf., kt. 510907-0940 við hluta eigna félagsins, ásamt tilheyrandi skuldum. Hluthafar Landic Property hf. láta af hendi hluti að nafnverði kr. 1.000.000 og fá í staðinn hluti að sama nafnverði í Stoðum fasteignum ehf.

4. Önnur mál, löglega upp borin.

Framangreindar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins til frekari kynningar fyrir hluthafa.

*Stjórn Landic Property hf.*

# FASTEIGNIR / ATVINNA







Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

## Rekstrarstjóri hjá Jóa Fel í Kringlunni

Óskum eftir rekstrarstjóra í nýtt „Take away" **bakarí Jóa Fel í Kringlunni,** þarf að geta hafið störf strax.

Viðkomandi þarf að sjá um vaktaskipan, starfsmannaráðningar, uppgjör, innkaup og allan daglegan rekstur í bakaríinu.

Æskilegt er að viðkomandi sé ekki yngri en 25 ára og hafi starfsreynslu úr bakaríi.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á **joifel@joifel.is** eða hafið samband við Lindu í síma **863 7579.**

www.joifel.is
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.158 **-0,54%**

**Fjöldi viðskipta:** 364
**Velta:** 5.009 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETROL. | 3,39% | ICELANDAIR | 5,12% |
| CENTURY ALUMIN. | 2,94% | EXISTA | 1,35% |
| SPRON | 2,33% | GLITNIR | 0,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,16 -0,54% ... Bakkavör 66,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 42,30 -0,47% ... Exista 32,80 -1,35% ... FL Group 24,70 +0,00% ... Glitnir 27,85 -0,71% ... Icelandair 25,00 -5,12% ... Kaupþing 1.126 +0,00% ... Landsbankinn 44,25 +0,11% ... Straumur-Burðarás 19,15 +0,26% ... Össur 104,00 +0,48% ... Teymi 6,36 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Segir viðbrögð markaðarins of sterk

Gengi bréfa Icelandair lækkaði um rúm 5 prósent í gær í kjölfar þess að stjórn félagsins gaf frá sér yfirlýsingu um að afkoma félagsins yrði undir áætlunum á þriðja fjórðungi.

Í tilkynningu frá Icelandair síðastliðinn föstudag kemur fram að tekjur í farþegaflugi Icelandair hafi verið minni en áætlað var meðal annars vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar og lægri meðalfargjalda. Þá sé viðhaldskostnaður einnig hærri í samstæðunni en reiknað var með að hann yrði.

Sterk staða krónunnar hefur haft áhrif á útflutning frá landinu og þar með á afkomu Icelandair Cargo. Greining Glitnis segir þetta ekki góð tíðindi fyrir Icelandair þar sem þriðji fjórðungur sé jafnan sá mikilvægasti í rekstri félagsins. Markaðurinn brást illa við fréttum Icelandair í gær.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, viðbrögðin í raun allt of sterk og lagði áherslu á að þótt uppgjörið verði aðeins lakara en gert var ráð fyrir verði það alls ekki slæmt og að mikill gangur sé í fyrirtækinu. Uppgjör félagsins verður birt 13. október næstkomandi.

Jón Karl mun sitja fyrir svörum í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í hádeginu í dag, þriðjudag. **- sisi**



**JÓN KARL ÓLAFSSON** Forstjóri Icelandair segir mikinn uppgang innan Icelandair og uppgjör félagsins aðeins lakara en gert var ráð fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**REYNIR GRÉTARSSON, FORSTJÓRI CREDITINFO** Creditinfo kaupir 51 prósents hlut í pólska fyrirtækinu Creditfact.

## Creditinfo vex

Íslenska fyrirtækið Creditinfo group hefur keypt 51 prósent í pólska upplýsingafyrirtækinu Creditfact. Auk þess hafa fyrirtækin samið um að Creditinfo eignist 34 prósenta hlut til viðbótar snemma á næsta ári. Fram kemur í fréttatilkynningu að Creditfact sé eitt helsta fyrirtæki Póllands á sínu sviði, en það selur upplýsingar um skuldastöðu fyrirtækja. 25 manns starfa hjá Creditfact í Varsjá. Auk þeirra eru 25 verktakar á snærum fyrirtækisins víðs vegar um Pólland. Creditinfo starfar nú í yfir tuttugu löndum, þar á meðal í mörgum löndum í Austur-Evrópu. **- ikh**

## Boða breytingar

FL Group birti yfirtökutilboð sitt í Tryggingamiðstöðina í Kauphöllinni í gær. Fá hluthafar í TM 47 krónur fyrir hvern hlut sinn í félaginu taki þeir yfirtökutilboðinu. Þangað til í lok ágúst var gengi TM undir 40 krónum á hlut. Einnig geta hluthafar TM fengið greitt með hlutabréfum í FL.



**HANNES SMÁRASON**

Í tilboði FL Group kemur fram að breytingar verða gerðar á stjórn og framkvæmdastjórn TM. Nýlega hafi átt sér stað slíkar breytingar og fleiri breytingar kunni að eiga sér stað í náinni framtíð. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir verulegri endurskipulagningu á sjálfum rekstrinum. **- bg**

## Leggja Dash-8 flugvélunum

Gengi hlutabréfa SAS-flugfélagsins lækkaði um 2,42 prósent í gær og er það rakið til nauðlendingar Dash-8 vélarinnar í Kaupmannahöfn á laugardag. Í kjölfarið tilkynnti SAS að vélar af þessari gerð yrðu teknar úr notkun hjá félaginu.

Óljóst er hve mikill kostnaður mun fylgja því að taka vélarnar úr notkun. Félagið þarf að fella niður fjölda fluga og vinna í að fá nýjar vélar í stað þeirra 27 sem hætt verður að nota. Það verður flugfélaginu dýrt, kostar allt að 400 milljónir sænskra króna. Miðað við gengisskráningu í gær nemur það tæpum fjórum milljörðum íslenskra króna. **- bg**




*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir og amma,*

**Kristín S. Kvaran**

kaupmaður, Skipholti 15, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 28. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Einar B. Kvaran**
**Bertha G. Kvaran** **Jón Þ. Ólafsson**
**Ragna E. Kvaran** **Egill Erlendsson**
**Thelma Kristín Kvaran** **Ingvar B. Jónsson**
**Guðrún V. Kvaran**
**og barnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gróa Jóhanna Salvarsdóttir,**

Flókagötu 12,

lést á líknardeildinni á Landakoti laugardaginn 27. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. nóvember kl. 15.00.

**Aðalheiður Auðunsdóttir** **Guðmundur Lárusson**
**Hákon Örn Halldórssson** **Pálfríður Benjamínsdóttir**
**Ragnar Jóhann Halldórsson** **Karen Q. Halldórsson**
**Björn Halldórsson** **Árnína Sumarliðadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartanlegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hlýhug og stuðning við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Reynis Guðjónssonar**

Hlíðargötu 20, Fáskrúðsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Uppsölum á Fáskrúðsfirði og á lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fyrir alúð og góða umönnun.

**Lára Hjartardóttir**
**börn og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Árni Friðfinnsson**

bókari, Herjólfsgötu 10, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 28. október.

**Elín Eggerz Stefánsson**
**Elín Árnadóttir** **Stefán Hákonarson**
**Vilborg Þórey Styrkársdóttir**
**Árni Reynir Styrkársson**
**Viðar Pétur Styrkársson**
**Rakel Stefánsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingiberg Egilsson**

flugvirki, Lækjasmára 4, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. október, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 31. október klukkan 13.00.

**Hrönn Jóhannsdóttir**
**Jóhann Ingibergsson** **Kristín Andrea Einarsdóttir**
**Anna Ingibergsdóttir** **Ari Jóhannsson**
**Arna Ingibergsdóttir** **Eyþór Einar Sigurgeirsson**
**Elfa Ingibergsdóttir** **Elvar Jónsson**
**og barnabörn.**

**CLIFFORD BROWN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1930**

*„Mínir einu lestir eru skák og kleinuhringir."*

***Clifford Brown var dáður djasstrompetleikari sem hafði mikil áhrif þrátt fyrir stutta ævi en hann lést í bílslysi einungis 25 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 30. OKTÓBER 1938**

## *Innrásin frá Mars*



Sunnudagskvöldið 30. október 1938, kvöldið fyrir hrekkjavöku, flutti bandaríska útvarpsstöðin CBS leikritið „Innrásin frá Mars" sem hét á frummálinu „War of the Worlds". Leikritið byggðist á vísindaskáldsögu H. G. Wells og að því stóðu Orson Welles, sem síðar varð frægur kvikmyndaleikstjóri, og leikhópurinn Mercury Theatre. Um níu milljónir fullorðinna og þrjár milljónir barna lögðu við hlustir þegar leikritinu var útvarpað. Leikritið fjallaði um innrás Marsbúa á Bandaríkin og var leikritið flutt í fréttaformi og hlustendum fluttar „fréttir" af tortímingu bæja og borga. Skelfing greip um sig víðs vegar um Bandaríkin og talið er að minnsta kosti ein milljón Bandaríkjamanna hafi orðið skelfingu lostin við „fréttirnar" en þeir trúðu því að þeir væru að hlusta á raunverulegan fréttatíma. Viðbrögð fólks báru þess einnig vitni að það hélt að innrás Marsbúa stæði raunverulega yfir. Símalínur fjölmiðla voru rauðglóandi og hundruð New York búa flúðu heimili sín.

**ÓSKAR EGGERT ÓSKARSSON:** ERASMUS STÚDENTASKIPTI 20 ÁRA

# Gríðarlegar breytingar



**ÓSKAR EGGERT ÓSKARSSON** Segir að Erasmus hafi haft í för með sér gríðarmiklar umbætur á háskólanámi í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haldið var upp á tuttugu ára afmæli Erasmus stúdentaskipta á Íslandi nýverið en hátíðahöld hafa verið víða um Evrópu frá því í vor.

Erasmus hófst á Íslandi árið 1992 og fyrsta árið fóru um 35 nemendur frá Íslandi og um þrír nemendur komu til landsins. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins er landsskrifstofa menntaáætlunar Evrópusambandsins og sér um stúdentaskiptin.

„Í dag eru um 300 nemendur sem koma til Íslands og 200 sem fara þannig að þetta er ótrúleg breyting á stuttum tíma. Fáir hefðu búist við að það kæmu svona margir til Íslands vegna tungumálavandræða en það hefur breyst til dæmis vegna kennslu á ensku," útskýrir Óskar Eggert Óskarsson, verkefnastjóri Erasmus.

Stúdentaskiptin ganga út á að senda háskólanema erlendis þar sem hægt er að taka hluta af námi við annan evrópskan háskóla. Þetta nám fæst síðan að fulllu metið við heimaskólann. „Þetta er hluti af menntaáætlun Evrópusambandsins og markmiðið er að auka hreyfanleika í álfunni og tengja löndin betur saman," segir Óskar og heldur áfram: „Erasmus hefur haft gríðarleg áhrif og hefur meðal annars stuðlað að einingakerfið ECTS var tekið upp og er nú ráðandi í Evrópu og hjá flestum íslenskum skólum," útskýrir Óskar, sem segir jafnfram að þessi þróun hafi ýtt af stað hinu svokallaða Bologna-ferli sem er endurskipulagning á öllu háskólanámi í Evrópu. Í dag eru þrjú ár í BA, tvö ár í master og þrjú ár í doktor en áður var gjörólíkt kerfi og má nefna Þýskaland sem dæmi þar sem var nánast ómögulegt að klára nokkurt nám á innan við fjórum árum. „Markmiðið er að gera Evrópu að einu heildstæðu menntasvæði þannig að það geti til dæmis keppt við Bandaríkin," segir Óskar.

En hvernig tekur maður þátt í Erasmus-nemendaskiptum?

„Þá hefur maður samband við alþjóðaskrifstofu síns skóla og við sína námsbraut. Það er tiltölulega auðvelt að fara og sem betur fer höfum við náð að styrkja nánast alla sem vilja fara. Styrkir á næsta skólaári, 2008-2009, munu líklega hækka verulega þannig að þeir geti farið að skipta raunverulegu máli," segir Óskar bjartsýnn.

Ef nemandi er við Háskóla Íslands þá sér skólinn eða alþjóðaskrifstofan um samskipti við gestaskólann og að koma nemanda inn í skólann.

„Það getur verið mjög strembið ferli ef maður er að gera þetta á eigin vegum. Þegar viðkomandi er kominn út í gestaskólann þá fær hann meðhöndlun sem skiptistúdent sem er meiri heldur en ef hann væri að koma á eigin vegum. Í flestum tilfellum útvega skólarnir húsnæði eða aðstoða að minnsta kosti við að finna það," segir Óskar og hvetur alla sem hafa áhuga að kynna sér Erasmus stúdentaskiptin nánar. **hrefna@frettabladid.is**



*Ástkær fósturfaðir okkar og bróðir,*

**Sigurður Alexandersson**

frá Suðureyri við Súgandafjörð,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Hilmar Harðarson**
**Jóhannes Þór Hilmarsson**
**Jóhann Alexandersson**
**Björgvin Alexandersson**

## *Metaðsókn*

Norrænum tölvuleikjaframleiðendum fjölgar ört og hafa aldrei fleiri sótt um styrk vegna leikjaverkefna en nú í ár, eða samtals 101. Á sama tíma hefur aldrei reynst jafn örðugt að útvega stofnfjármagn til að þróa leikina.

Í fyrri umferð á þessu ári fengu sjö norræn verkefni styrki. Í næstu umferð munu sérfræðingar meta umsóknirnar áður en 2,5 milljónum danskra króna verður úthlutað.



Norræna tölvuleikjaverkefnið hóf göngu sína árið 2006 og er á öðru starfsári af sex ára tímabili.

MYND/MAGNUS FRÖDERBERG FYRIR NORDEN.ORG



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Benný Guðjónsdóttir**

Lilla frá Ási, Nestúni 2, Hvammstanga,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Hvammstanga föstudaginn 26. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Hallgeir S. Pálmason** **Helga Jakobsdóttir**
**Jakob Hallgeirsson** **Sandra Guðlaug Zarif**
**Berglind Þóra Hallgeirsdóttir** **Sigurður Flosason**
**Alex Rafn Guðlaugsson** **Ísak Geir Jakobsson**

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Magnúsdóttir**

frá Langabotni,

verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 31. október kl.13.00.

**Sæmundur Valdimarsson**
**Valdimar Sæmundsson** **Auður Björnsdóttir**
**Hildur Sæmundsdóttir** **Sigurjón Halldórsson**
**Magnús Sæmundsson** **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Gunnar Sæmundsson** **Lára Björnsdóttir**
**og ömmubörn.**


Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið
pitstop
Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta
TILBOÐ
FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK
Afsláttur
15% afsláttur af öllum Michelin dekkjum undir fólksbíla og jeppa og 20% afsláttur af allri vinnu við að gera þau tilbúin og koma þeim undir bílinn, þar með talið umfelgun og míkróskurður og negling ef um slíkt er að ræða.
MICHELIN
MICHELIN
BFGoodrich
Tires
Kleber
Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi
HELIX
Við notum Shell Helix smurolíur
pitstop
Dugguvogi 10
Sími: 568 2020
pitstop
Skeifunni 5
Sími: 568 2025
pitstop
Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121
pitstop
Opnar 12. nóvember!
Rauðhellu 11 Hfj.
Sími: 568 2035
Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Reykingarnar ekki rót alls

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SEGIR FYRIRMYNDUM STRÍÐ Á HENDUR



Kvikmyndastjörnum hefur oft verið legið á hálsi fyrir að vera slæmar fyrirmyndir. Þær reyki, drekki og stundi stóðlífi fyrir augum almennings og hafi þannig áhrif á lifnaðarhætti unga fólksins. Og kannski er líka bara einfaldast að kenna þessu fólki sem er alltaf fyrir augum okkar um alla lestina. Þannig gæti ég til að mynda farið í mál við Ray Winstone og heimtað af honum skaðabætur. Sá ágæti maður er í miklu uppáhaldi en holdafar hans er ávísun á hjartaáfall eða kransæðastíflu. Þannig að hann er öruggt skotmark líkt og of heiti kaffibollinn á McDonald's.

Fyrir nokkrum árum var hrint af stað mikilli herferð gegn reykingum í kvikmyndum. Fram að þeim tíma höfðu allir svölustu og flottustu leikararnir verið með sígarettu í kjaftinum á meðan þeir björguðu heiminum en þegar reykingafasisminn hófst varð meira að segja James Bond að drepa í.

En í dag eru aðrar og hættulegri ímyndir komnar fram á sjónarsviðið. Og það sem er verra: þeim er haldið að áhrifagjarnasta markhópnum: nefnilega barnungum stúlkum. Um helgina varð ég nefnilega þess heiðurs aðnjótandi að sitja undir eins og hálfs tíma vitleysu sem kallast Bratz. Þar var hópur vinkvenna sem er tvístrað af því að þær passa ekki inn í klíku hverrar annarrar. Þrátt fyrir að boðskapurinn á yfirborðinu hafi verið vinátta og gildi hennar þá blikkuðu aðvörunarljós í hverju myndskeiði. Til að mynda voru þær allar þvengmjóar og gengust upp í því að klæða sig á sem glennulegastan hátt. Allar sögupersónurnar voru eins og klipptar út úr tískublaði og fyrir unglingsstúlku yrði það eflaust erfitt að reyna að troða sér í þær skíðabuxur sem stúlkurnar spókuðu sig í.

Þó að reykingar séu varla af hinu góða þá er sú útlitsdýrkun sem predikuð er í kvikmyndum það ekki heldur. Þær ala á litlu sjálfstrausti hjá aldurshópnum sem er að reyna að stíga sín fyrstu skref meðal manna.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Engin átröskun

Catherine Zeta-Jones hefur vakið athygli undanfarið fyrir að fara minnkandi með hverjum degi. Hún vísar sögusögnum um átraskanir hins vegar algjörlega á bug og segir eiginmann sinn, Michael Douglas, gera slíkt hið sama. „Michael hló að mér. Hann sagði mér hvað fólk hefði sagt – sögur um að ég væri með anorexíu. Lít ég út fyrir það?“ sagði hún í viðtali við tímaritið People.

Zeta-Jones viðurkennir þó að hafa lést. Hún segist hafa borðað mikið af brauði á árum áður, en hafi síðan reynt að breyta venjum sínum. „Ég fer í líkamsrækt og belgi mig ekki út af því sem ég geri venjulega,“ sagði hún.


**HLÆR AÐ SÖGUSÖGNUM** Catherine Zeta-Jones segir ekkert til í því að hún þjáist af átröskun.

# Walk the Line besta myndin

Kvikmyndin Walk the Line, sem fjallar um ævi kántrísöngvarans Johnny Cash, hefur verið kjörin besta myndin sem gerð hefur verið um ævi tónlistarmanns.

Í öðru sæti varð 8 Mile sem fjallar um Eminem, næst kom Amadeus um ævi Mozarts og í því fjórða varð Ray sem fjallar um Ray Charles. Í fimmta sætinu lenti síðan The Doors þar sem Val Kilmer fór með hlutverk rokkgoðsagnarinnar Jim Morrison.

Rúmlega tvö þúsund kvikmyndaaðdáendur tóku þátt í könnuninni, sem var gerð á vegum DVD-netfyrirtækisins Lovefilm. Nýlegasta myndin sem komst inn á topp tíu var Control, sem fjallar um ævi Ian Curtis, söngvara Joy Division.

Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon fóru með aðalhlutverkin í Walk the Line. Witherspoon lék eiginkonu Cash, June Carter, og fékk hún óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína á síðasta ári.

„Kvikmyndir og tónlist passa vel saman og hafa margir leiksigrar unnist í slíkum myndum,“ sagði talsmaður Lovefilm.com. „Þessi könnun sýnir það besta sem þessi kvikmyndategund hefur upp á að bjóða, hvort sem það er blótandi rappari, goðsögn úr Motown-heiminum eða klassískt tónskáld.“


**WALK THE LINE** Kvikmyndin Walk the Line fjallar um ævi kántrísöngvarans Johnny Cash.


**VILL EKKI SAMBAND VIÐ ANISTON** Angelina Jolie veldur brestum í hjónabandi sínu við Brad Pitt með innihaldslausum loforðum um bætt samband við fyrrverandi konu hans.

# Svikul Angelina Jolie

Leikkonan Angelina Jolie hefur ekki í hyggju að semja frið við fyrrverandi eiginkonu spúsa síns, Brad Pitt, þrátt fyrir ítrekuð loforð hennar um betra samband við Jennifer Aniston. Vinur hjónakornanna segir Angelinu sífellt valda manni sínum vonbrigðum með slíkum loforðum sem hann geri sér nú grein fyrir að séu orðin tóm. Vinurinn segir helstu ástæðuna fyrir brestum í sambandinu hversu svikul Angelina sé.

Ólík sýn hjónanna á barnauppeldi og álag vegna hinnar stóru nýtilkomnu fjölskyldu þeirra þykja einnig álagsvaldar en Brad og Angelina eiga saman fjögur börn, þar af þrjú ættleidd. Brad mun hafa sagst ætla að taka með sér einu blóðskyldu dóttur þeirra, Shiloh, skyldi flosna upp úr hjónabandinu. Hann hafi ekki endilega hug á sameiginlegu forræði.

# Kylie heiðruð

**Söngkonan Kylie Minogue fær á næstunni afhent heiðursverðlaun í London fyrir framlag sitt til tónlistarinnar. Verðlaunin eru veitt árlega af samtökunum Music Industry Trust sem safna fé til góðgerðamála. Á meðal þeirra sem hafa fengið verðlaunin eru Sir Elton John og Peter Gabriel.**


**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan fær heiðursverðlaun afhent í London á næstunni.

**Kylie, sem er 39 ára, á að baki tuttugu ára feril í tónlistinni.**

**„Ég er virkilega ánægð með að fá þennan heiður,“ sagði hún. Söngkonan er um þessar mundir að snúa aftur í sviðsljósið eftir að hafa sigrast á brjóstakrabbameini sem hún greindist með fyrir tveimur árum.**




**Útsölustaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík • Fóðurblandan, Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum.




# Endastöðin á ferðinni

Fyrir helgi kom hingað leikflokkur frá umdeildu og frægu leikhúsi í Berlín, Volksbühne, sem flutti í tvígang leikverkið Endstation Amerika sem byggist að mestu á kunnu leikverki eftir Tennessee Williams, A Streetcar Named Desire. Leikstjórinn Frank Castorf er þjóðfrægur maður í þýsku leikhúslífi. Það er snobbað mikið fyrir þýskum leikstjórum og hefur sú aðdáun læðst hingað með þeim sem sækja þýskar leiksýningar af fínni sortinni. Í Þýskalandi er leikhús lagskipt. Castorf er hluti af elítunni þótt hann hafi í upphafi sótt áhorfendur sína til yngra fólks.

Endstation Amerika er orðin sex ára gömul og er safngripur. Hún er fræg og fer víða sem dæmi um stíl Castorfs: brot á uppbyggingu, rof af ýmsu tagi, skrumskælingar, leik á móti ætlun höfundar, breytta atriðaröð, nýjar forsendur með innskotum. Hann víkur harkalega frá naturalískum stíl og fullyrðir að hending ráði niðurröðun, sem er eins og hvert annað skrök: í þessari gerð fylgdi hann framvindu eins og hún er í orginalnum en höfundarréttur er honum ekki helgur. Slíkt háttalag kallar á athygli og deilur þótt síendurtekin brot hans hafi í seinni tíð reynst þreytandi til lengdar.

Okkur sem sáum þessa tilraun í vikunni fannst þetta um margt hressandi: notkun á sjónvarpi var ekki nýstárleg en skemmtilega notuð. Tónlist var kunnugleg enda þótt flest sem þar heyrðist væri harla gamalt: manni heyrðist Castorf vera dálítið stökk í tónlist frá þeim árum þegar hann var ungur og hafði hár.

Leikstíllinn var eins og maður hefur séð í þýskum sýningum: áherslur skýrar, markmið mótuð og engin vöf eða töf, þessi tegund af þýsku leikhúsi stendur enda á fornum merg þar sem greining texta og skýrleiki er í hávegum hafður. Þetta er intellektual leikhús, jafnvel þegar það er í andófi. Svo hér var nekt, hávaði, tónlist, skopstæling í bland við uppáklædda alvöru.

Á þessum vetri ætlar Guðjón Pedersen að ljúka ferli sínum í Borgarleikhúsinu með minnst tveimur þýskum heimsóknum: þegar hann tók við spurði ég mann honum eldri hvort honum litist ekki vel á? „Nei, það fyllist allt af einhverjum þýskum tangósýningum,“ sagði sá. Í DV í gær vék Jón Viðar Jónsson að ferli Pedersen í húsinu í Sogamýri og andaði heldur köldu til leikhússtjórans. Mér finnst fínt að fá hingað erlenda leikflokka, það er þessum fáu sem nenna að sækjast eftir erlendum gestasýningum gleðigjafi að sjá önnur tök en hér tíðkast.

Endstation vekur margar spurningar: um leyfi til endurvinnslu, um tilgang hennar, um réttmæti þess að enduryrkja verk eins og lengi tíðkaðist í leikhúsi vesturálfu, um stílfærslu í beitingu ljósa, leikmáta, um tónlistarnotkun í sýningum, gagnrýnisleysi á hið aðflutta og heimóttarhátt. Allt þetta verður þeim að umtalsefni sem sáu þessa gestasýningu. Á seinni sýningunni var verkinu forkunnar vel tekið af hálfum sal og þriggja tíma sýning án hlés hafði liðið á örskotsstund. Volksbühne-hópurinn var því kærkominn gestur og sýningin verður ugglaust flestum sem sáu minnisstæð.

**Páll Baldvin Baldvinsson**



**LEIKLIST**

**Endstation Amerika**

Volksbühne í Berlín í boði Leikfélags Reykjavíkur sýnir gerð Franks Castorf á A Streetcar Named Desire eftir Tennessee Williams.

★★★★

Uppátektarsöm og spurul sviðsetning á sígildum texta.

# Hvernig varð íslenska þjóðin til?

**Þjóð verður til er titill grunnsýningar Þjóðminjasafnsins. Á sýningunni er saga Íslendinga rakin frá landnámi til dagsins í dag og er fornminjum og textum beitt til þess að setja söguna fram á línulegan hátt.**

Lengi má þó velta fyrir sér hugmyndinni um þjóð. Sverrir Jakobsson sagnfræðingur er einn af þeim sem það hafa gert og býðst gestum Þjóðminjasafnsins að ganga með honum um grunnsýninguna í dag kl. 12.05 og hlýða á umfjöllun hans um þjóðarhugmyndina og stöðu hennar á ólíkum tímum.

„Útgangspunkturinn í vangaveltum mínum er þessi grunnsýning og sú þjóðarhugmynd sem sett er fram í henni. Að mínu mati er fullmikil samfella í framsetningu á þjóðarhugtakinu í sýningum sem þessari. Mig langar sérstaklega til að fjalla um hvort sú hugmynd sem við höfum í dag um fyrirbærið þjóð sé í einhverju samræmi við hugsun fyrri tíma um þetta sama fyrirbæri.“



**SVERRIR JAKOBSSON SAGNFRÆÐINGUR** Gestir Þjóðminjasafnsins eiga þess kost að heyra hann fjalla um grunnsýningu safnsins í dag kl. 12.05

Sýningin reynir að brjótast undan hefðbundinni söguskoðun með því að skipta sögu þjóðarinnar jafnt niður í sjö tímabil. Þessi aðferð verður til þess að tímabilin hljóta jafnari umfjöllun en ella og er þannig sneitt hjá því að umbrotatímar og áhrif þeirra á þjóðina hljóti mesta athygli. En betur má ef duga skal og ætlar Sverrir að bjóða gestum Þjóðminjasafnsins gagnrýnið sjónarhorn á þjóðarhugmyndina sem birtist í sýningunni.

„Þjóðminjasafnið er náttúrlega stofnað í kringum þjóðarhugtakið. En í erindi mínu bendi ég á að þetta hugtak er í raun frekar nýtt og verður til samhliða fyrirbærum eins og lýðræði og fjölmiðlum sem hafa ekki verið hluti af lífinu hér á landi nema í hlutfallslega stuttan tíma. Íslenska þjóðin eins og hún er í dag virðist vera rökrétt niðurstaða þeirrar þróunar sem sett er fram á þessari sýningu, en svo er ekki endilega,“ segir Sverrir.

Hver sá sem hefur áhuga á sögu lands og þjóðar má til með að nýta hádegið í dag og fylgja Sverri um Þjóðminjasafnið og velta fyrir sér þróun þjóðarhugmyndarinnar.

**vigdis@frettabladid.is**

# Ókeypis á stuttmyndir

Það er sannarlega ekki á hverjum degi sem fólki býðst að fara frítt í bíó, en í dag og á fimmtudag getur fólk fengið að berja íslenskar stuttmyndir augum í Regnboganum á Hverfisgötu sér að kostnaðarlausu.

Dagskráin báða dagana samanstendur af þremur stuttmyndum sem eiga það sameiginlegt að vera tilnefndar til Edduverðlaunanna í ár. Um er að ræða íslenskar stuttmyndir sem sýndar voru á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík og hafa einnig verið sýndar á kvikmyndahátíðum víðs vegar um heiminn. Myndirnar hafa allar hlotið frábærar viðtökur hvert sem þær fara.

Fyrsta ber að nefna mynd leikstjórans Gríms Hákonarsonar, Bræðrabylta. Hún fjallar um samkynhneigða bændur í afskekktri sveit sem fá útrás fyrir forboðna ást sína með ástundun íslenskrar glímu.

Önnur myndin sem sýnd verður ber nafnið Skröltormar og er í leikstjórn Hafsteins G. Sigurðssonar. Myndin fjallar um bílasalann Anton sem lætur draum sinn um að eignast kúrekastígvél rætast með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þriðja myndin sem sýnd verður heitir Anna og er leikstjóri hennar Helena Stefánsdóttir. Í myndinni kynnumst við Önnu sem ætlar að bjóða Adam nágranna sínum í kaffi en uppgötvar sér til mikillar skelfingar að hún á engan sykur.

Áhugafólk um íslenskar kvikmyndir ætti ekki að láta þetta tækifæri framhjá sér fara. Sýningarnar hefjast kl. 18 báða dagana. **- vþ**



**ÁSTIR GLÍMUKAPPA** Úr stuttmyndinni Bræðrabylta.









DYNAMO REYKJAVIK

## Komdu við hjá okkur og sparaðu pening á leiðinni í bíó!



ÍÞRÓTTAHETJAN er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna og okkur hjá Byr er sönn ánægja að bjóða þér á myndina.

Komdu í heimsókn, tæmdu baukinn þinn og þú færð 2 miða á myndina.*
– góða skemmtun!

BYR
SPARISJÓÐUR

*Gildir á meðan birgðir endast.

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



## > HEBRESKIR DRAUMAR

Natalie Portman er fædd í Jerúsalem og á ísraelskan föður. Hún hefur sagt að þó að hún dái Bandaríkin sé hjarta hennar í Jerúsalem. „Ég tala reiprennandi hebresku og mig dreymir á hebresku þegar við förum þangað, einu sinni eða tvisvar á ári,“ segir leikkonan.

# Áhyggjufullur faðir Amy

Mitch Winehouse, faðir söngkonunnar Amy Winehouse, ræddi vandræði dóttur sinnar í sjónvarpsþættinum This Morning á ITV í gærmorgun. Hann sagði meðal annars að Amy hefði ekki tekið of stóran skammt eiturlyfja þegar hún var flutt skyndilega á sjúkrahús í ágúst, heldur hefði verið um að ræða flogakast af völdum eiturlyfjaneyslu. Hann segir það nú ljóst að Amy hafi prófað eiturlyf á unga aldri.

„Hún var algjör andstæðingur eiturlyfja og sagðist reyndar ekki skilja af hverju fólk í tónlistarbransanum væri í harðri neyslu. Það breyttist fyrir um sex mánuðum þegar hún giftist Blake,“ sagði Mitch, sem segist þó ekki kenna eiginmanni Amy um breytinguna. „Amy ber ábyrgð á hegðun sinni, en það er samt sem áður staðreynd að þessi mikla eiturlyfjaneysla hófst á sama tíma og hjónabandið,“ segir hann.

Mitch hefur einnig áhyggjur af holdafari dóttur sinnar, sem þjáist af lotugræðgi. „Þó að hún sé búin að bæta á sig um sex kílóum hefur það enn áhrif á heilsu hennar,“ segir hann. Mitch flaug til Noregs þegar Amy var handtekin fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum, þó að hann segi þau ekki hafa tilheyrt henni. „Þeim var ekki sleppt fyrr en þau undirrituðu skjal sem þeim var sagt að væri bara til að leysa þau úr haldi. Það var á norsku. Það var reyndar játning svo það er verið að vinna í því núna,“ útskýrði Mitch, en játningin kemur í veg fyrir að Amy geti snúið aftur til Bandaríkjanna.



**Í VANDRÆÐUM** Faðir Amy Winehouse hefur áhyggjur af dóttur sinni og segir hana hafa verið gallharðan andstæðing eiturlyfja á yngri árum.

# Samsýning frændsystkina

Frændsystkinin Björg Vigfúsdóttir ljósmyndari og Stefán B. Stefánsson, hönnuður og gull- og silfursmiður, opnuðu sýningu saman á laugardag. Sýningin er í nýlegu galleríi, Við Mýrargötu, þar sem verslunin Liborius var áður til húsa. Á sýningunni sýnir Björg abstrakt landslagsmyndir sem eru prentaðar á striga. Stefán sýnir aftur á móti skúlptúrseríu úr látúni. Sýningin stendur yfir til 4. nóvember en nánari upplýsingar má finna á Vidmyrargotu.is. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var fjölmenni samankomið til að fagna opnuninni á laugardag.



**LISTAMENNIRNIR** Frændsystkinin Björg Vigfúsdóttir og Stefán Bogi voru ánægð á opnuninni.



**GESTIR** Hrefna Hauksdóttir og Hans Kristján Einarsson voru á meðal gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STOLTUR PABBI** Vigfús Þór Árnason var að sjálfsögðu mættur á opnun sýningar dóttur sinnar.



**ÞRÍR LJÓSMYNDARAR** Kristín Bogadóttir, Rakel Ósk og Eggert Þór Jónsson skoðuðu verk kollega síns.




# Ísland slær í gegn með snyrtivörum

**Húðvörur undir nafninu Skyn Iceland hafa slegið í gegn á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því að þær litu dagsins ljós.**

Þó að Ísland sé í aðalhlutverki í húðlínunni er hún hugarfóstur bandarískrar konu að nafni Sarah Kugelman, sem hefur lengi starfað í förðunar- og snyrtiheiminum ytra, meðal annars fyrir L'Oréal og Estée Lauder. Kugelman kom hingað til lands árið 2004 og heillaðist svo af hreinleika landsins að hana langaði ekkert frekar en að tappa honum á flöskur. Þá var reyndar svo komið að Kugelman var nokkuð hrjáð af veikindum og öðrum kvillum, eftir að hafa fengið hlaupabólu á gamals aldri. „Læknirinn minn sagði mér að ef ég næði ekki tökum á stressinu, myndi ég ekki ná fertugsaldri,“ sagði Kugelman í viðtali við Time í haust.

Lausnina sá hún í tæru, íslensku vatni og fjallagrösum, en Skyn Iceland stærir sig af því að vera eina húðlínan sem er sköpuð til þess að ráðast gegn fylgifiskum stress. Vörurnar innihalda allar það sem Kugelman kallar „biospheric complex“, sem er kokkteill af íslensku vatni, lækningajurtum og plöntum með miklum andoxunarefnum.

Frá því að Skyn kom á markað hafa vörurnar fengið afar góðar móttökur og gríðarlega umfjöllun í fjölmiðlum. Á meðal tímaritanna sem hafa bent lesendum sínum á þær eru Time, Tatler, W Magazine, Elle Girl, Allure og Cosmopolitan. Þær hafa meðal annars ratað í gjafapoka á tískuvikunni í Los Angeles og á MTV-kvikmyndaverðlaununum. Í ár vann Skyn Iceland svo verðlaun að nafni CEW, fyrir bestu jaðarsnyrtivörulínuna.

Ísland er því í mikilli sókn á snyrtivörumarkaðnum í dag, þótt fáir, ef nokkrir, Íslendingar hafi haft hönd í bagga í þeirri velgengni.

**ÍSLENSKT SVAR VIÐ STRESSI**

Vörurnar úr Skyn Iceland eru hannaðar með það fyrir augum að ráðast gegn fylgifiskum stress og róa húðina.





**SLAPP MEÐ SKREKKINN** Orlando Bloom verður ekki lögsóttur vegna áreksturs sem hann lenti í fyrr í mánuðinum.

# Sleppur við lögsókn

Orlando Bloom verður ekki lögsóttur vegna áreksturs sem hann lenti í í Los Angeles fyrr í mánuðinum, en hann ók bíl sínum á kyrrstæðan bíl þegar hann var á flótta frá ljósmyndurum. Hann slapp ómeiddur úr árekstrinum en einn farþega hans hlaut hálsmeiðsli.

Mál Blooms var í rannsókn vegna gruns um að hann hefði stungið af slysstað. Myndir blaðaljósmyndara af atburðinum sýna greinilega að Bloom gekk frá slysstað eftir að hafa tilkynnt óhappið. Ljósmyndarar sannfærðu hann svo um að snúa aftur. Lögregla hefur hins vegar ákveðið að halda rannsókn ekki áfram sökum „ónægilegra sannana“ fyrir því að glæpsamlegt athæfi hafi átt sér stað.

Volvo XC70 er samruni ólíkra hugmynda. Nýr og endurhannaður Volvo XC70 er fagurt dæmi um 1 + 1 = 3. Tvær gáfur renna saman í eina sérgáfu. Nýtt verður til. Vertu hvort tveggja.

Veldu nýjan Volvo XC70 - sérstakan bíl sem örugglega brúar bilið á milli lúxus jeppa og lúxus fólksbíls. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Komdu í Brimborg. Skoðaðu nýjan, endurhannaðan Volvo XC70 AWD.

Volvo. For life.




**Volvo XC70 3.2i** 238 hö 320 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.690.000 kr.* Bensíneyðsla í blönduðum akstri 11.4 l/100 km CO2 losun 272 g/km. **Volvo XC70 D5** 185 hö 400 Nm 6 þrepa sjálfskipting. Verð 5.890.000 kr.* Dísileyðsla í blönduðum akstri 8.3 l/100 km CO2 losun 219 g/km.
*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru 18" álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Á toppnum hjá Soundclick

Raftónlistarmaðurinn Marteinn Bjarnar Þórðarson fór beint í toppsæti electronica- og ambient-lista heimasíðunnar Soundclick. com með nýjasta lag sitt Eta Carinea sem kom út fyrir helgi.

„Ég er mjög ánægður með þetta. Maður fær styrk til að gefa sér kannski meiri tíma í þetta,“ segir Marteinn Bjarnar, sem býr í Svíþjóð um þessar mundir. „Mér finnst þetta skemmtilegt „jump start“. Ef maður horfir á þetta sem viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera þá fær maður að minnsta kosti athygli þarna. Netið er ljómandi góð afsökun til að gera ekki tónlist. Maður er óháður tónlistarmaður og ekki undir neinum regnhlífarsamtökum. Maður stendur á eigin fótum í þessu og skákar heiminum með sinni tónlist,“ segir Marteinn, sem gaf á síðasta áratug út tvær plötur sem náðu vinsældum á heilunarmarkaðnum erlendis.

Marteinn, sem gefur út lög undir nafninu Harmonics of Frequency Modulation, á fleiri lög á listunum tveimur, þar á meðal Útópíum sem er í 21. sæti experimental-listans. Hann hefur verið lengi í tónlistinni og spilað með hljómsveitum á borð við Svartlist og hinni fjölþjóðlegu Sen City, auk þess sem hann hefur trommað með Gulla Falk. „Ég er búinn að vera í tónlist frá því ég bjó til minn fyrsta trommuheila og synthesizer tólf ára gamall. Síðan þá hef ég alltaf verið að fitla við tóntónir af ýmsu tagi,“ segir hann. - fb



**MARTEINN BJARNAR ÞÓRÐARSON** Marteinn fór beint á toppinn hjá Soundclick.com með lag sitt Eta Carinea.

# Minnisspeglun í Höllinni

**Goðsögnin Rúnar Júlíusson hélt afar vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll um síðustu helgi. Hann er vitaskuld í skýjunum yfir því hvernig til tókst.**

„Þetta gekk allt fullkomlega upp. Það er ekki hægt að biðja um betra. Þetta var eins og að fara í minnisspeglun, sem er svona svipuð og magaspeglun,“ segir Rúnar og hlær.

Á tónleikunum flutti Rúnar ásamt stórri hljómsveit alla sína þekktustu slagara. Lög Hljóma, Trúbrots, Lónlí Blú Bojs GCD, Áhafnarinnar á Halastjörnunni, Baggalúts og af sólóferli Rúnars fengu að njóta sín í Höllinni og á meðal gestasöngvara voru Bubbi Morthens, Björgvin Halldórsson, Shady Owens og Gylfi Ægisson.

„Það er gaman að þetta skyldi ganga svona vel.

Hljómsveitin var stórkostlega góð og söngvararnir allir,“ segir Rúnar, sem var einnig mjög ánægður með frammistöðu Björgvins Franz Gíslasonar, sem hermdi eftir honum með miklum tilþrifum.

## Hjartnæmur dúett

Undir lok tónleikanna söng Rúnar dúett með eiginkonu sinni, Maríu Baldursdóttur. „Það var mjög sérstök tilfinning.

Ég heyrði af því að fólk hefði tárast í salnum því þetta var svo hjartnæmt,“ segir hann.

Tónleikarnir voru teknir upp og verða hugsanlega gefnir út á geisla- og mynddiski. Rúnar segist vel geta hugsað sér að endurtaka leikinn seinna meir:

„Ef það kemur einhver þrýstingur á þá gerum við það.“



**RÚNAR JÚLÍUSSON** Goðsögnin Rúnar Júlíusson fór á kostum í Höllinni um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Glæný jólaplata

Fram undan hjá Rúnari eru upptökur á hans fyrstu jólaplötu í þrjátíu ár. Á henni syngur hann með kammerkórnum Schola cantorum lög í útsetningum Þóris Baldurssonar.

Einnig syngur hann lagið Í Bítlabænum á plötunni Sögur af Suðurnesjum sem er væntanleg.



**BROSMILD** Ragnheiður og Heimir voru brosmild enda skemmtilegir tónleikar í vændum.



**KÚREKI** Kúrekinn Kristján mætti í Höllina með þennan forláta kúrekahatt ásamt Önnu Maríu.



**FÉLAGAR** Félagarnir Jói og Gulli létu sig ekki vanta á stórtónleika Rúnars Júlíussonar.

# Þúsund á Eve Online-ráðstefnu

Aðdáendur tölvuleikjarins vinsæla Eve Online ætla að hittast á árlegri ráðstefnu sem verður haldin í Laugardalshöll dagana 1. til 3. nóvember og bera saman bækur sínar.

Þetta verður í fjórða sinn sem ráðstefnan er haldin. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Fjöldinn hefur verið að tvöfaldast á hverju ári, næstum því eins og leikurinn, og við erum að spá því að þetta verði þúsund manns sem komi,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sem framleiðir leikinn.

Flestir gestanna koma frá Bretlandi en einnig koma um tvö hundruð manns frá Bandaríkjunum, auk gesta frá Japan, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Rússlandi og Suður-Ameríku. „Margir hafa farið í sína fyrstu utanlandsferð til Íslands. Ég hef hitt einn kolanámuverkamann frá Bretlandi á fimmtugsaldri á öllum ráðstefnunum sem er mjög flughræddur. Hann yfirvann það til að koma til Íslands og hafði mjög gaman af,“ segir Hilmar Veigar. „Fólk er oft að leggja í mikinn kostnað til að koma hingað en enginn hefur verið svikinn og margir koma aftur og aftur.“

Á ráðstefnunni verður haldið góðgerðaruppboð og fær sigurvegarinn að skoða höfuðstöðvar CCP. Einnig munu frægir framkvæmdastjórar úr tölvuleiknum kynna sín störf auk þess sem framtíð leiksins næstu tvö árin verður kynnt. - fb



**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Hilmar Veigar býst við um eitt þúsund manns á Eve Online-ráðstefnuna.





SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.15 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10.20 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 - 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 | 14 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| THE INVASION | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8 - 10 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| THE TRANSFORMERS | kl. 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION | 6D-8:20D-10:30D | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 - 8 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 - 10:10 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 | L |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10:10 | L |
| SUPERBAD | kl. 8 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 8 og 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

# Lost-leikarar úti á þekju í umferðinni

**Daniel Dae Kim varð á dögunum fjórði leikarinn úr sjónvarpsþáttaröðinni vinsælu Lost til að lenda á bak við lás og slá. Þrjár af handtökunum hafa verið vegna ölvunaraksturs á tökustaðnum, Havaí-eyjum.**

Daniel Dae, sem leikur Jin-Soo Kwon í Lost, var fullur eftirsjár eftir að hann var tekinn fyrir ölvunarakstur af lögreglunni í Honolulu. „Mér þykir það mjög leitt hvernig ég hef lagt hina ljúfu íbúa Havaí í hættu með hegðun minni. Havaí er samfélag sem mér þykir afar vænt um og lít ég á það sem mitt heimili,“ sagði Dae.

Var áfengismagnið í blóði hans tvöfalt það sem leyfilegt er við handtökuna. „Ég vil þakka vinum mínum, fjölskyldu, samstarfsfélögum og aðdáendum fyrir stuðninginn. Ykkur sem ég hef valdið vonbrigðum með hegðun minni bið ég innilegrar afsökunar,“ sagði hann.

### Hver á fætur öðrum

Svo virðist sem leikararnir úr Lost eigi erfitt með að fylgja settum reglum því Daniel er fjórði leikarinn úr Lost sem er handtekinn á Havaí fyrir umferðarlagabrot. Fyrst voru stöllurnar Michelle Rodriguez og Cynthia Watros, sem fóru með hlutverk Ana Lucia og Libby, teknar með stuttu millibili fyrir ölvun við akstur eftir undarlegt aksturslag þeirra. Í fótspor þeirra fetaði síðan Adewale Akinnuoye-Agbaje, sem lék Hr. Eko. Var hann tekinn höndum fyrir að vera ekki með ökuskírteini á sér og fyrir að hlýða ekki lögregluþjóni. Þurfti hann að dúsa í sex klukkutíma í fangelsi þar til honum var sleppt gegn lausnarfé.

### Sex til viðbótar

Sex leikarar til viðbótar hafa verið áminntir fyrir umferðarlagabrot en annars sloppið með skrekkinn. Þeir eru Josh Holloway (Sawyer), Dominic Monaghan (Charlie), Naveen Andrews (Sayid), Ian Somerhalder (Boone), Christian Bowman (Steve Jenkins) og Harold Perrineau (Michael Dawson). Hlýtur þessi fjöldi að gefa í skyn að eitthvað mikið sé að hjá leikaraliðinu, sem virðist vera gjörsamlega úti á þekju þegar kemur að akstri bifreiða. Kannski þurfa þau bara á góðri og gildri umferðarfræðslu að halda?



**LOST** Sjónvarpsþáttaröðin Lost hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár.



**HR. EKO** Adewale Akinnuoye-Agbaje var handtekinn fyrir umferðarlagabrot.



**TEKIN** Cynthia Watros á lögreglustöðinni á Havaí eftir handtökuna.



**FULLUR IÐRUNAR** Daniel Dae Kim var fullur iðrunar eftir að hann var handtekinn.



**RODRIGUEZ** Þessi mynd var tekin af Michelle Rodriguez þegar hún var bókuð fyrir ölvunarakstur.



**SAW** Fjórða Saw-myndin hitti vel í mark vestanhafs rétt eins og forverar hennar.

# Hryllingur á toppinn

**Hryllingsmyndin Saw IV fór beint á toppinn í Norður-Ameríku eftir frumsýningarhelgi sína. Í öðru sæti lenti nýjasta gamanmynd Steve Carrell, Dan in Real Life.**

**Í þriðja sætinu lenti síðan vampírumyndin 30 Days of Night, sem var í efsta sætinu um síðustu helgi. Saw IV náði álíka miklum aðsóknartekjum og forveri sinn og virðast vinsældir þessa hryllingsmyndabálks engan endi ætla að taka. „Það er eitthvað sérlega ógeðslegt og stuðandi við þessar myndir. Ég veit ekki hvað það segir um samfélagið en þetta virkar í miðasölunni,“ sagði forseti kvikmyndafyrirtækisins Media by Numbers.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýfædd Boratdóttir hefur fengið nafnið **Olive**, en þau **Isla Fisher** og **Sacha Baron Cohen** eignuðust sitt fyrsta barn saman í síðustu viku. „**Isla** og **Sacha** eru himinlifandi yfir nýfæddri dóttur sinni. Þau vildu bíða með að velja nafn þangað til að þau sæju barnið. Þau voru sammála um að Olive væri fullkomið fyrir hana,“ segir heimildarmaður.



Nýr kærasti **Siennu Miller**, leikarinn **Rhys Ifans**, hefur beðið hennar fimm sinnum nú þegar. „Vinir þeirra halda að Sienna líti ekki alvarlega á sambandið en Rhys sé ástfanginn,“ segir heimildarmaður. Sambandið við Siennu hefur orðið þess valdandi að tveir bestu vinir Rhys, leikararnir **Ioan Gruffudd** og **Matthew Rhys**, tala ekki við hann lengur. Þeir segja hann hafa stolið Siennu af Matthew.



**Clive Owen** er hvergi á förum frá heimalandi sínu, Englandi, þó að hann sé reglulega við tökur á stórmyndum í Bandaríkjunum. „Ég hef aldrei fundið neina þörf til að flytja til Hollywood,“ segir hann. „Fyrir mér er London heimili mitt og mun alltaf vera. Ég hef verið hér í tuttugu ár, frá því að ég var í leiklistarskóla. Ég get ekki ímyndað mér að búa annars staðar,“ segir hann.



Bresku leikkonunni **Kelly Brook** liggur ekkert á að giftast heitmanni sínum, **Billy Zane**. Þau hafa verið trúlofuð frá því í febrúar 2005. „Við erum ánægð með að lifa í synd þangað til við ákveðum að leggja í þetta,“ segir hún. „Samband okkar virkar fyrir okkur, sem er það sem skiptir máli,“ segir hún.





## > Sigfús snýr aftur

Stórleikur kvöldsins í N1-deildinni í handknattleik er viðureign Fram og Vals í Safamýri. Margir hafa beðið spenntir eftir endurkomu Sigfúsar Páls Sigfússonar í Safamýrina en hann fór frá Fram með miklum látum í sumar og fékk ekki leikheimild fyrr en eftir að tímabilið byrjaði. Hafði mál hans þá þurft að fara fyrir héraðsdóm meðal annars. Þess utan er gríðarleg kergja á milli Fram og Vals enda hafa Valsmenn verið duglegir að næla sér í leikmenn úr Safamýri og gildir einu hvort það er í handbolta eða fótbolta. Hafa gárungar haft á orði að gamli góði rígurinn væri kominn aftur og má búast við látum í Fram-heimilinu.




sport

sport@frettabladid.is

**LEIKMAÐUR 6. UMFERÐAR N1-DEILDARINNAR:** FRIÐRIK ÞÓR SIGMARSSON, ÍBV

# *Ætlar að verða betri en pabbi*

Friðrik Þór Sigmarsson hefur vakið athygli í marki Eyjamanna en þessi 17 ára strákur hefur staðið sig vel og var besti maður 6. umferðar N1-deildar karla að mati Fréttablaðsins þar sem hann varð 23 skot á móti Íslandsmeisturunum á útivelli. „Þetta er klárlega besti leikurinn sem ég hef spilað en svo var Fram-leikurinn einnig góður hjá mér. Hinir leikirnir eru síðan búnir að vera ágætir. Það er mjög gaman að spila í úrvalsdeildinni og gott að fá tækifæri,“ segir Friðrik, sem deilir markvarðarstöðunni með jafnaldra sínum, Kolbeini Aroni Arnarssyni. „Við skiptum þessu á milli okkar. Hann er hærri en ég en ég er sneggri. Við erum búnir að standa okkur ágætlega það sem af er,“ segir Friðrik, sem vonast eftir því að fá spila gegn Akureyri í kvöld.




„Akureyri er næsta lið í töflunni þannig að við ætlum okkur að vinna þennan leik. Það hentar mér betur að spila á móti Akureyri þar sem er meira um skot fyrir utan. Ég tel mig vera betri í því að verja slík skot,“ segir Friðrik, sem fetar í fótspor föður síns, Sigmars Þrastar Óskarssonar, sem var þjóðþekktur markvörður hér á árum áður. „Ég held að við séum svipaðir markmenn. Hann var betri en ég en ég ætla að verða betri. Ég ætla að reyna að ná lengra en hann,“ segir Friðrik sem fær góð ráð frá föður sínum. „Hann er alltaf úti á sjó en þegar hann er í landi þá kemur hann og hjálpar manni eitthvað. Hann mætir stundum á æfingar og kennir manni einhver brögð,“ segir Friðrik, sem hefur varið 40 prósent skota sem hafa komið á hann í fyrstu sex leikjunum.

## TÖLURNAR TALA

**Markahæstir í umferðinni:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Baldvin Þorsteinsson, Val | 11/4 |
| 2. | Magnús Stefánsson, Akureyri | 8 |
| 2. | Heimir Örn Árnason, Stjörn. | 8/2 |

**Flest varin skot í umferðinni:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Friðrik Sigmarsson, ÍBV | 23/0 |
| 2. | Pálmar Pétursson, Val | 21/1 |
| 2. | Egidijus Petkevicius, HK | 21/0 |

**Grófasta liðið:** Akureyri út af í 10 mínútur.
**Prúðasta liðið:** HK, Valur og Afturelding út af í 2 mínútur.
**Besta sóknarliðið:** Valur, 31 mark.
**Besta varnarliðið:** Valur, 19 mörk
**Hraðasta liðið:** Valur og Haukar, 9 hraðaupphlaupsmörk.



**SÁU UM ÞETTA** Ólafur Jónas Sigurðsson var góður í lokin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Iceland Express deild karla:

## ÍR og Grindavík unnu í gær

**KÖRFUBOLTI** ÍR og Grindavík unnu heimasigra í fjórðu umferð Iceland Express deildar karla í gær. ÍR-ingar léku án erlendu leikmanna sinna og unnu 76-74 sigur á Skallagrími í spennuleik. Á sama tíma unnu Grindvíkingar öruggan sigur á Hamar, 85-67, og var það þriðji sigur liðsins í röð.

Hreggviður Magnússon var með 19 stig fyrir ÍR og þeir Sveinbjörn Claessen og Steinar Arason gerðu 13 stig hvor. Ólafur Jónas Sigurðsson var dýrmætur í lokaleikhlutanum en fimm stig og einn risastór stolinn bolti áttu mikinn þátt í sigri Breiðhyltinga. Erlendu leikmenn Skallagríms, Miljoca Zekovic (24 stig), Darrel Flake (21 stig og 19 fráköst) og Alan Fall (12 stig og 7 stoðsendingar) skoruðu 77 prósent stiga liðsins í gær en tap þýðir að Borgnesingar hafa tapað þremur af fyrstu fjórum leikjum sínum.

- óój

**N1 DEILD KARLA**
**Þriðjudagur 30. okt.**
Framhús kl. 20:00
**Fram - Valur**
Mýrin kl. 20:00
**Stjarnan - Afturelding**
Vestmannaeyjar kl. 20:00
**ÍBV - Akureyri**

# Legg mínar þjálfaraaðferðir undir

**Geir Þorsteinsson er mjög ánægður með að fá einn sigursælasta þjálfara okkar til starfa fyrir landsliðið og segir Ólaf Jóhannesson hafa verið fyrsta kost í stöðunni og þann eina sem rætt var við um starfið. Tímapressa vegna Danaleiksins útilokaði að leitað yrði að erlendum þjálfara. Ólafur samdi til 31. desember 2009.**

**FÓTBOLTI** Nýráðinn landsliðsþjálfari, Ólafur Jóhannesson, lék á als oddi þegar Knattspyrnusambandið kynnti hann á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í gær.

Ólafur hefur náð frábærum árangri með FH-liðið undanfarin fimm sumur en nú bíður hans að reyna að rífa upp gengi landsliðsins, sem hefur verið afleitt undanfarið. Ólafur stjórnar sínum fyrsta landsleik gegn Dönum á Parken 21. nóvember næstkomandi og er með samning til 31. desember 2009.

„Ég er þakklátur þessum mönnum fyrir að sýna mér þann heiður að bjóða mér þetta starf. Ég tel það vera mikinn heiður að mér sé treyst fyrir því. Það fylgja auðvitað einhverjar breytingar nýjum mönnum,“ sagði Ólafur, sem var fyrsti kostur hjá Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ.

„Við vorum í þeirri stöðu sem mér fannst ekki ákjósanlegt að vera að fara að spila við Dani eftir nokkrar vikur og ekki með neinn þjálfara. Ég gat ekki séð annan kost fyrir okkur en að ganga vel og hratt til verksins. Það komu nokkrir þjálfarar til greina.

Ólafur var í mínum huga sá sem við áttum að ræða fyrst við. Hann hefur náð glæsilegum árangri sem þjálfari, hann á langan og farsælan feril að baki bæði sem leikmaður og þjálfari. Hann er með mikla reynslu og hefur náð góðum árangri,“ segir Geir, sem taldi betra að ráða íslenskan þjálfara en að leita erlendis.

„Það kom vel til greina að ráða erlendan þjálfara en við vorum undir ákveðinni tímapressu núna og eftir að hafa hugsað málið fannst mér það eina rétta að bjóða þjálfara hér starfið til framtíðar en ekki yfir einn leik eða tímabundið. Ólafur var fyrsti kostur og eini maðurinn sem hefur verið rætt við um starfið,“ sagði Geir.



**ÁNÆGJA** Ólafur Jóhannesson fór á kostum á blaðamannafundinum í gær og formaðurinn Geir Þorsteinsson er augljóslega mjög ánægður með að hafa krækt í sigursælasta þjálfara landsins undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur gerir sér grein fyrir að hann er að fara að takast á við öðruvísi þjálfarastarf en hann er vanur.

„Ég hef bara þjálfað félagslið og ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er pínulítið öðruvísi. Ég nota mínar aðferðir og legg þær undir. Þegar maður er að þjálfa félagslið hefur maður úr að velja 20 til 25 leikmönnum en nú getur maður valið úr 200 leikmönnum. Auðvitað eiga allir jafna möguleika og í mínum huga skiptir ekki máli hvar menn spila heldur hvað þeir geta í fótbolta,“ sagði Ólafur og hann ætlar að einbeita sér að varnarleik liðsins.

„Íslenska landsliðið þarf að verjast. Það er númer eitt, tvö og þrjú í mínum huga. Íslenska landsliðið er ekki þekkt fyrir að gera mikið af mörkum þannig að við þurfum að verjast. Það er algjört skilyrði og það er málið sem ég kem til með að leggja mikla áherslu á,“ sagði Ólafur Jóhannesson á blaðamannafundinum sem var einmitt haldinn í salnum sem ber nafnið Vörnin.

Ólafur ætlar að ræða við fyrrverandi þjálfara liðsins, Eyjólf Sverrisson, um það sem má betur fara í sambandi við liðið.

„Ég fer inn í þetta starf sem þjálfari og beiti mínum aðferðum. Það kemur mér ekki við hvað hefur gengið á. Ég átti mjög gott samtal við Eyjólf og kem til með að setjast niður með honum og spjalla við hann. Hann getur kannski sagt mér eitthvað,“ sagði Ólafur, sem ætlar að sinna smíðunum með landsliðsþjálfarastarfinu.

„Ég mun reyna að hagræða því að ég geti gripið eitthvað í hamarinn,“ segir Ólafur, sem játaði að konunni hans hefði ekki alveg litist á að hann væri að fara að bjóða mikilli gagnrýni heim með því að taka að sér þetta starf.

„Síðustu þrír landsliðsþjálfarar hafa verið afhausaðir af fréttamönnum og það var gott sem konan mín sagði við mig þegar ég bar þetta upp við hana. Hún spurði hvort ég ætlaði að koma mér í þá stöðu að þora ekki að fara út úr húsi eftir tvö ár. Ég vona að það verði ekki,“ sagði Ólafur í léttum tón en hann á enn eftir að finna sér aðstoðarmann.

Ólafur ætlar ekki að nota Danaleikinn í tilraunastarfsemi heldur stilla þar upp vió hana... 

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar
fyrir íslenskar aðstæður...



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31” TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar




...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Eyðsla í blönduðum akstri
aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

Bílasalan Ós, Akureyri, sími 462 1430
Bílahornið hjá Sissa, Keflavík, sími 420 3300
Bílasala Vesturlands, Borgarnesi, sími 437 2100
Bílasala Austurlands, Egilsstöðum, sími 471 3005


Nýr
BMW X5
BMW X5 línan
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5. Nýtt meistaraverk á ferð.
Framúrskarandi hönnun er ekki aðeins veisla fyrir augað, heldur felur hún einnig í sér fágætt samspil forms og notagildis. Nýi BMW X5 úrvalsjeppinn er sannkölluð völundarsmíði, þar sem hugað hefur verið að hverju atriði, sama hversu smátt. Breitt úrval aukahluta gerir þér jafnframt kleift að sníða hann að persónulegum þörfum þínum.
BMW X5 3.0si kr. 6.450.000
BMW X5 3.0d kr. 6.750.000
BMW X5 3.0si LUX kr. 7.530.000
BMW X5 3.0d LUX kr. 7.830.000
BMW X5
B&L
Með bílinn handa þér
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

## > Arnold Schwarzenegger

„Ég væri frekar til í að vera ríkisstjóri Kaliforníu en að eiga allt Austurríki,“ sagði austuríska vöðvatröllið Arnold Schwarzenegger eitt sinn. Hann leikur í annarri myndinni um Tortímandann sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í dag.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR **FAGNAR ENDURKOMU GRAY'S ANATOMY.**

## *Smá íslenskt með því ítalska*

Loksins getum við tekið gleði okkar á ný því uppáhaldsþáttur okkar flestra er að byrja aftur. Grey's Anatomy hefst á morgun! Samkvæmt lýsingu verður þessi fjórða syrpa uppfull af skemmtilegri dramatík og ég rétt vona að þættirnir nái að halda sama dampi. Það er fátt jafn sorglegt og vinsæl þáttaröð sem er orðin útteygð og útjöskuð. Þáttunum verður komið fyrir á miðvikudögum, sem gerir miðvikudagskvöld að sjónvarpskvöldum vikunnar og nammidögum á mínu heimili. Hin ítalskættaða Giada hefur orðið fyrir þó nokkurri gagnrýni sem mér finnst hún alls ekki eiga skilið. Mér finnst hún langbest! Í Giada's Everyday Italian lýsir Giada öllu afar ítarlega á svolítinn „besserwissera-hátt“ sem mér finnst fínt. Ég næ að skrifa niður áhugaverðar uppskriftir hennar um leið og ég græði sniðug ráð um hitt og þetta. Þema Jóa Fel í ár er einnig ítalskur matur.

Ég hefði ekkert á móti því að þessir tveir uppáhaldsmatreiðsluþættir mínir myndu taka hvor sinn vinkilinn. Í rauninni finnst mér íslenska snúninginn vanta, sjónvarpsþátt um hefðbundna íslenska matargerð. Einhver húsfreyjan, til dæmis Margrét úr Allt í drasli, gæti kennt okkur að elda kjötsúpu a la amma, baunasúpu með saltkjötinu eða jafnvel gamaldags hrossagúllas með kartöflustöppu. Ég er viss um að flest okkar kunna betur að framkalla flókna ítalska pastarétti eða útbúa girnilega japanska sushi-diska en þennan ekta íslenska mat, sem án efa kemur í tísku innan tíðar þar sem svo fáir kunna þessa list.



**ÍTALSKT MEÐ JÓA FEL** Bæði Jói og Giada kenna okkur ítalska matargerð.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.00** **The Horse Whisperer** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.10** **Hollyoaks** SIRKUS



▶ **20.15** **Extreme Makeover: Home Edition** STÖÐ 2



▶ **22.00** **Heartland - Lokþáttur** SKJÁREINN



▶ **22.25** **Ríki í ríkinu** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**

**17.50 Sögurnar okkar** (11:13)

**18.00 Geirharður bojng bojng**

**18.25 Nægtaborð Nigellu** (7:13)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Mæðgurnar** (14:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.

**21.05 Söngvaskáld** Jón Ólafsson píanóleikari og lagasmiður flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í Sjónvarpssal.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.25 Ríki í ríkinu** (2:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.

**23.20 Glæpurinn** (3:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós.

**00.20 Kastljós**

Endursýndur þáttur.

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Kin**

**08.00 The Horse Whisperer**

**10.45 Tom Thumb & Thumbelina**

**12.00 Casanova**

▶**14.00 The Horse Whisperer** Aðalhlutverk: Robert Redford, Kristin Scott Thomas, Scarlett Johansson og Sam Neill. Leikstjóri: Robert Redford.

**16.45 Tom Thumb & Thumbelina**

**18.00 Casanova**

**20.00 Kin**

**22.00 Æon Flux**

**00.00 Back in the Day**

**02.00 The Terminator**

**04.00 Æon Flux**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (52:120)

**10.15 Numbers** (3:24)

**11.00 Freddie** (11:22)

**11.25 Ástarfleyið** (8:11)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar** (Neighbours)

**13.10 Homefront** (18:18)

**13.55 America's Got Talent** (6:15)

**15.15 America's Got Talent** (7:15)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 Simpsons** (6:21)

**19.50 Friends** (8:24) (Vinir 8)

▶**20.15 Extreme Makeover: Home Edition** (21:32) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurbyggir heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa. Homes-fjölskyldan rekur góðgerðarstofnum en heimili þeirra er skemmt eftir fellibyl og eldsvoða. 2006.

**21.35 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

**22.10 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.

**22.55 NCIS** (10:24) Lík raðmorðingja finnst í ofni á herstöð bandaríska hersins en sveitin gerir skelfilega uppgötvun við rannsókn málsins. 2006.

**23.40 See No Evil: The Story of the Moor Murder (2.2)**

**00.50 Big Love (9.12)**

**01.45 Ghost Whisperer (35.44)**

**02.30 Medicine Man (e)**

**04.10 Moving Target**

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.15 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

**18.45 Heights of Passion** (Erkifjendur) Í þessum þætti er fjallað á vandaðann hátt um viðureignir River Plate og Boca Juniors í gegnum tíðina og hið sérstaka samband sem ríkir á milli þessara keppinauta í Argentínu. Bæði þessi félög hafa alið af sér mikla snillinga.

**19.40 League Cup 2007-2008** Bein útsending frá leik Coventry og West Ham í 4. umferð enska deildarbikarsins.

**21.40 King of Clubs** (Konungar félagsliðanna) Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðið Bayern Munchen og hvernig því hefur tekist að halda sér í fremstu röð.

**22.10 Augusta Masters Official Film**

**23.05 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.

**00.00 League Cup 2007-2008** Útsending frá leik í Coventry og West Ham í enska deildarbikarnum.

## SÝN2

**07.00 Coca-Cola Championship** Upptaka af leik Crystal Palace og Watford í ensku 1. deildinni sem fram fór mánudaginn 29. október.

**14.40 Coca-Cola Championship** Upptaka af leik Crystal Palace og Watford í ensku 1. deildinni sem fram fór mánudaginn 29. október.

**16.20 Tottenham - Blackburn** (e)

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.00 Bolton - Aston Villa** (e)

**20.40 Liverpool - Arsenal** (e)

**22.20 Ensku mörkin 2007/2008** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**23.15 Man. Utd. - Middlesbrough (e)**

## SKJÁREINN

**07.30 Dýravinir** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.25 Vörutorg**

**17.25 How to Look Good Naked** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**20.00 According to Jim** (7:18) Jim, Ryan og Andy eru agndofa þegar komast að því að Dana og Cheryl koma fram í myndbandi sem kallast Chicks Gone Wild.

**20.30 Allt í drasli** (6:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Nú mæta þær galvaskar til fjölskyldu sem er að drukkna í drasli í íbúð sinni í Mosfellsbæ. Vinir og vandamenn segja að íbúðin sé eins og eftir sprengingu með föt og drasl um alla í íbúð. Nú þarf að bretta upp ermar og skúra, skrúbba og bóna.

**21.00 Innlit / útlit** (6:13) Að þessu sinni er m.a. kíkt í heimsókn til stórhuga fólks í Vestmannaeyjum sem breytti fjósi í stórglæsilegt einbýlishús. Einnig er listakona á Akureyri heimsótt og kíkt á Grand Hótel eftir glæsilegar breytingar. Þá eru Safnasafninu á Akureyri gerð góð skil og fágætur sófi skoðaður.

▶**22.00 Heartland - Lokaþáttur** Dramatísk læknasería með Treat Williams í aðalhlutverki. Það er komið að lokaþættinum um dr. Grant og félaga. Það gengur á ýmsu á sjúkrahúsinu þegar í ljós kemur að líffæragjafi var með krabbamein og líf líffæraþega eru í hættu. Kate finnst hún bera ábyrgð á klúðrinu og reynir ákaft að finna nýja líffæragjafa.

**22.50 Fyrstu skrefin**

**23.15 Silvía Nótt**

**23.40 C.S.I. New York** (e)

**00.40 Charmed** (e)

**01.40 C.S.I.**

**02.25 Vörutorg**

**03.23 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35
### Kompás




Kompás rannsakar mál sem kemur öllum við í þætti kvöldsins. Veggjalús er blóðsuga sem leggst á mannfólk. Þessi óværa kemur sér fyrir í svefnherbergjum fólks og fjölgar sér hratt. Þær lifa á blóði þess sem í rúminu sefur. Þessum tilfellum hefur verið að fjölga mjög hratt síðustu ár og dæmi eru um að heilu búslóðunum hafi verið fargað. Tryggingafélögin greiða ekki bætur vegna tjóna sem þessa og því geta fórnarlömbin staðið uppi allslaus. Ekki missa af verðlaunaþættinum Kompás.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Innlit/útlit
### Skjáreinn kl. 21.00



Innlit/útlit er einn af þessum þáttum sem orðinn er fastur liður í íslenskri sjónvarpsmenningu. Hver þáttur er spennandi og forvitnilegur og hugmyndirnar virðast endalausar. Í þættinum í kvöld verður sérstaklega gælt við landsbyggðina og kíkt í heimsókn til bæði Vestmannaeyja og Akureyrar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**

▶**19.10 Hollyoaks** Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 The George Lopez Show** (14:22)

**20.30 Jake 2.0** (16:16) Jake Foley er bara venjulegur maður þar til dag einn þegar hann lendir í furðulegu slysi sem gefur honum óvenjulega krafta. Nú er hann sterkari og sneggri en nokkur annar og leyniþjónusta Bandaríkjanna ákveður að nýta sér krafta hans.

**21.15 Windfall** (7:13) Ný bandarísk þáttaröð um 20 manna hóp vina og kunningja sem dettur í lukkupottinn og vinnur 386 milljónir dollara í lottói. Hópurinn á þó eftir að komast að því að hamingjan er ekki föl og vandræðin eru rétt að hefjast.

**22.00 Side Order of Life** (3:13) Samband Jennyar við fyrrum unnustan heldur áfram að flækjast fyrir henni en þau eiga erfitt með að slíta sig frá hvort öðru. 2007.

**22.45 Saving Grace** (8:13)

**23.30 Janice Dickinson Modelling Agency**

**00.15 E-Ring** (13:22)

**01.00 Ren & Stimpy**

**01.25 Ren & Stimpy**

**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Hetty Wainthropp Investigates **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **15.55** One Foot in the Grave **16.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **17.00** Little Angels **17.30** Little Angels **18.00** Silent Witness **19.00** Broken News **19.30** The Mighty Boosh **20.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **20.30** Nighty Night **21.00** Silent Witness **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** Broken News **23.00** The Mighty Boosh **23.30** One Foot in the Grave **0.00** Some Mothers Do 'Ave 'Em

## DR 1

**11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.50** Harry - med far i køkkenet **12.20** Familien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM - Singsstars of the Internet **14.30** Den lyserøde Panter **14.35** Tintin **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Politiskolen **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig VI **21.40** Forbrydelsen **4.30** Gurli Gris

## NRK 1

**12.00** Skjergardsdokteren **13.00** Hemmelig agent på moped **13.25** Ghost Trackers **13.45** Grusomme grøss **14.00** Gatefotball **14.30** Erstatterne **14.55** Minikryp **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang: Fastfood til sjøs **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dyrlege Due **16.10** Småspøkelsene **16.20** Angelina Ballerina **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Drømmerollen **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Heroes **21.55** Filmplaneten **22.25** Why Democracy?: Taxi til skyggesiden **23.15** Kulturnytt **23.25** Autofil jukeboks

## SVT 1

**11.55** Matiné: Moa **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Türkisch für Anfänger **15.25** Baby-Tiere **15.30** Krokomax **16.00** BoliBompa **16.10** Småkryp **16.20** Lauras stjärna **16.30** Seaside hotell **16.45** Rekordbyrån **17.00** Bobster **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Skild! **20.00** Dr. T. och kvinnorna **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Örnen **23.15** Mia och Klara **23.45** Sändningar från SVT24



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Maturinn á Domo er frábær. Í fyrstu hafði ég áhyggjur af því að þeir næðu ekki að viðhalda þessum gæðum, en kokkarnir hafa aldrei klikkað. Þarna er líka þægilegt og skemmtilegt andrúmsloft og langt á milli borða svo maður er ekki alveg ofan í næsta manni.“*

**ARI ALEXANDER ERGIS MAGNÚSSON, KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR**

# Þorgrímur til liðs við Regnbogabörn

Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson hefur tekið sæti í stjórn Regnbogabarna en töluverðra breytinga er að vænta á starfsemi samtakanna. „Þeir komu að máli við mig í ágúst, þeir Valgeir Skagfjörð og Stefán Karl, og báðu mig um að taka þátt í starfinu en það er verið að móta það upp á nýtt,“ segir Þorgrímur, sem hingað til hefur verið þekktastur fyrir forvarnastarf sitt gegn reykingum. „Þetta er þarft og gott málefni sem ég vil glaður leggja lið,“ útskýrir Þorgrímur. Rithöfundurinn vill þó ekki gera mikið úr því að bæði hann og Valgeir hafi verið í fremstu víglínu þeirra sem berjast á móti reykingum. „Nei, ég myndi frekar segja að við værum einfaldlega miklir forvarnamenn.“



**STOFNANDINN** Stefán Karl Stefánsson stofnaði Regnbogabörn árið 2001. Miklar endurbætur verða á starfi samtakanna í ár.

Þorgrímur segist ekki hafa kynnt sér mikið stöðu eineltismála hér á landi en hann hafi, eins og aðrir landsmenn, fylgst með ósérhlífnu starfi Stefáns Karls í fjölmiðlum. Regnbogabörn eru fyrst og fremst hugarfóstur Stefáns Karls en þau voru stofnuð árið 2001. Stefán mun gegna stöðu varaformanns Regnbogabarna en Valgeir verður stjórnarformaður. Meðal annarra í stjórn má nefna Björk Vilhelmsdóttur, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar. - fgg



**TILBÚINN** Þorgrímur segir starf Regnbogabarna vera bæði spennandi og þarft.



**LÁRÉTT**
**2.** mylsna **6.** á fæti **8.** kvikmyndahús **9.** hlaup **11.** berist til **12.** safna saman **14.** kambur **16.** pot **17.** sægur **18.** af **20.** ekki heldur **21.** kropp.

**LÓÐRÉTT**
**1.** reigingslegur gangur **3.** í röð **4.** land í Suðvestur-Asíu **5.** leikföng **7.** limlesta **10.** þunnur vökvi **13.** hjör **15.** skældi **16.** ónn **19.** tímaeining.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sáld, **6.** il, **8.** bíó, **9.** gel, **11.** bt, **12.** smala, **14.** spöng, **16.** ot, **17.** mor, **18.** frá, **20.** né, **21.** nart.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** áb, **4.** líbanon, **5.** dót, **7.** lemstra, **10.** lap, **13.** löm, **15.** grét, **16.** ofn, **19.** ár.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Christina Fernandez.
2. Scarlett Johansson.
3. Klovn.









**HNEYKSLI Í BRETLANDI:** KONUNGSFJÖLSKYLDAN Í VANDRÆÐUM

# Íslendingur sakaður um fjárkúgun við bresku krúnuna

„Ian er saklaus, ég veit það fyrir víst,“ segir lögmaðurinn Giovanni Di Stefano í samtali við Fréttablaðið. Di Stefano er verjandi Ians Strachan, hálf-íslensks karlmanns um þrítugt sem handtekinn hefur verið fyrir tilraun til að kúga fé út úr meðlim bresku konungsfjölskyldunnar með kynlífsmyndbandi úr síma. Ian var handtekinn ásamt meintum vitorðsmanni sínum, Sean McGuigan, á Hiltonhótelinu í London 11. september síðastliðinn og hefur síðan þá setið í gæsluvarðhaldi í Belmarsh-fangelsinu en reiknað er með að málið komi til kasta dómstóla í lok desember.

„Við ætlum að fá hann lausan gegn tryggingu,“ segir Giovanni og bætir því við að honum komi málið spánskt fyrir sjónir og ítrekar að skjólstæðingur sinn sé alsaklaus. „Hann líður fyrir það að það er einhver aðalborinn sem á hlut að máli. Þetta væri ekki svona ef þetta væri bara ég og þú,“ segir Giovanni.

Ian er betur þekktur sem Paul Einar Ian Aðalsteinsson og er sonur Elizabeth Strachan og Aðalsteins Aðalsteinssonar sem nú er, eftir því sem Fréttablaðið best veit, búsettur í Aberdeen. Samkvæmt Di Stefano skildu foreldrarnir þegar Ian var aðeins þriggja ára og tók hann í kjölfarið upp nafn móður sinnar, Strachan. „Pabbinn lét sig hverfa,“ segir Di Stefano, sem hingað til hefur varið menn á borð við Slobodan Milosevic og var í lögfræðingateymi Saddams Hussein. Í Bretlandi er hann gjarnan kallaður The Devil‘s Advocate eða málsvari myrkrahöfðingjans. Di Stefano upplýsir jafnframt að sonur sinn og Ian séu bestu vinir og þess vegna taki hann málið að sér.



**BUCKINGHAM** Talið er víst að prinsarnir tveir, Harry og Vilhjálmur, séu ekki viðriðnir málið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Ian hafi komið hingað til lands fyrir sex árum og hitt ættingja sína en síðan hafi verið lítill samgangur. Strachan-mæðginin bjuggu um stund í Bandaríkjunum en hafa nú hreiðrað um sig í Chelsea-hverfinu í glæsilegri íbúð.

Málið hefur vakið gríðarlega mikla athygli í Bretlandi og öll stærstu blöðin þar fjalla ítarlega um málið enda fyrsta fjárkúgunarmálið af þessu tagi sem kemur upp í tengslum við Buckingham síðan 1891. Þeir McGuigan og Strachan eru sagðir hafa komist yfir myndbandsupptöku úr síma af meðlim konungsfjölskyldunnar í munnmökum með aðila af hinu kyninu og þar sést einnig kókaín notað í gríð og erg á meðan á ástarleikjunum stendur. Talið er að þeir félagar hafi ætlað að hafa fimmtíu þúsund pund upp úr krafsinu eða sem samsvarar sex milljónum íslenskra króna. Bæði Strachan og McGuigan eru sagðir hafa komið á fundi með umræddum aðila á Hilton-hótelinu en þegar þeir komu þangað biðu þeirra óeinkennisklæddir lögregluþjónar.

freyrgigja@frettabladid.is



**MÁLSVARI KÖLSKA** Giovanni Di Stefano er sannfærður um sakleysi skjólstæðings síns. Skjólstæðingurinn er hálfur Íslendingur um þrítugt.



**ÍSLENDINGUR Í AÐRA ÆTTINA** Ian Strachan var skírður Paul Einar Ian Aðalsteinsson en skipti um nafn eftir að foreldrar hans skildu. Di Stefano er hneykslaður á íslenska föðurnum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fegurðardrottningin **Unnur Steinsson** er í glæsilegu viðtali við tímaritið Lífið heil sem gefið er út af Birtingi á vegum Lyfju. Þar ræðir hún um barneignir á fimmtugsaldrinum. „Meðgangan hefur verið auðveld og skemmtileg og gengið ótrúlega vel fyrir utan ógleði fyrstu fjóra mánuðina,“ segir Unnur en viðtalið er tekið í brjáluðu veðri milli Egilsstaða og Reykjavíkur. Unnur lætur þó fárviðrið lítið á sig fá þótt hún sé komin átta mánuði á leið og segist vera harður nagli. „Kannski er ég meiri nagli út á við en inn á við. Ég má ekkert aumt sjá án þess að ég taki það nærri mér,“ viðurkennir Unnur.





Jafnframt kemur fram að Unnur og eiginmaður hennar, **Ásgeir Jón Ásgeirsson**, hafi gert upp hundrað ára gamalt hús á Stykkishólmi. Og að hún kunni ákaflega vel við sig á Snæfellsnesinu en hún var meðal annars ferðamálafulltrúi Stykkishólms áður en hún tók við starfi vörustjóra hjá Lyfju fyrir tveimur árum. Unnur segist njóta þess að vera barnshafandi og hlakka til að fylgjast með nýjum einstaklingi vaxa úr grasi. „Ætli aðalvandinn verði ekki að passa upp á að litla krílið verði ekki ofdekrað með þennan stóra hóp af hálfsystkinum í kringum sig,“ segir Unnur en meðal þeirra er alheimsfegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir**. - fgg



# Afskekkt sveit í aðalhlutverki

Á meðal þeirra rita sem forlagið Skuggi, þar sem Illugi Jökulsson situr við stjórnvölinn, sendir frá sér fyrir jólin er bókin Þar sem vegurinn endar. Hana skrifar Hrafn Jökulsson, bróðir Illuga, sem lítur þar yfir farinn veg. Hann beinir sjónum sérstaklega að Árneshreppi á Ströndum, afskekktustu sveit landsins, þar sem hann hefur einmitt vetursetu í ár. Hrafn segir þó ekki vera um eiginlega ævisögu að ræða.



**GEFUR HRAFN ÚT** Illugi segir ekki um sérstakt samstarfsverkefni þeirra bræðra að ræða, en hefur hvatt Hrafn til dáða.

„Þetta er eiginlega sambland af minningum og sögubrotum, frásögnum af fólki bæði lífs og liðnu. Þetta spannar allt frá tíundu öld og til þeirrar sem við lifum á,“ útskýrir Hrafn, og því má þykja ljóst að hugtakið ævisaga nái ekki yfir efnistök bókarinnar. Árneshreppur, þar sem vegurinn endar, er í aðalhlutverki. „Þetta er sú sveit sem fóstraði mig á árum áður, og mig hefur lengi langað að reisa þessu mannlífi örlítinn bautastein,“ segir Hrafn.

Líf Hrafns sjálfs er þó einnig veigamikill hluti af bókinni. „Ég kem inn á ýmsa atburði sem hafa mótað mig og fólk sem ég hef verið samferða,“ útskýrir hann. „Rás atburðanna getur teygt sig alla leið í stríðið í Bosníu og Addiction Foundation of Manitoba í Winnipeg. Ég leyfi mér flakk bæði í tíma og rúmi,“ segir Hrafn.

Illugi segir ekki vera um sérstakt samstarfsverkefni þeirra bræðra að ræða. „Ég hef bara hvatt hann til dáða,“ segir hann. „Hitt get ég sagt að bókin sjálf er sérlega falleg og mjög skemmtileg,“ bætir hann við. - sun



**VIÐ ENDA VEGARINS** Hrafn segist hafa miklar taugar til Árneshrepps á Ströndum, þar sem hann hefur einmitt vetursetu í ár.

BÆJARÚTGERÐIN · A3 / HGM



# Atvinnuhúsalóðir undir Úlfarsfelli

Mosfellsbær býður nú glæsilegar lóðir fyrir atvinnuhúsnæði að Desjamýri sem er norðan undir Úlfarsfelli í Mosfellsbæ, austan við iðnaðarhverfið í Flugumýri. Mikið verður lagt upp úr því að nýta landkosti svæðisins og að byggð verði sem fallegust. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um átta hektarar. Landið er með aflíðandi halla og boðnar verða tíu lóðir af þremur mismunandi gerðum.

**Lóðum verður einungis úthlutað til lögaðila og einstaklinga með rekstur.**
**Horft verður til eftirfarandi þátta við valið:**

- Hvort umsækjandi er að byggja til eigin þarfa.
- Að starfsemin hafi sem minnsta sjónræna mengun í för með sér.
- Að fjöldi starfsmanna verði sem mestur.
- Að starfsemin sé líkleg til að auka fjölbreytni í atvinnumálum innan bæjarfélagsins.
- Að byggingartími sé sem stystur.

**UMSÓKNARGÖGN MÁ NÁLGAST Í ÞJÓNUSTUVERI MOSFELLSBÆJAR Á 1. HÆÐ Í KJARNA, ÞVERHOLTI 2 EÐA Á HEIMASÍÐU MOSFELLSBÆJAR WWW.MOS.IS OG SKAL UMSÓKNUM SKILAÐ TIL ÞJÓNUSTUVERS FYRIR 15. NÓVEMBER 2007.**




| GÖTU-NÚMER | STÆRÐ LÓÐAR | HÁMARKS-STÆRÐ HÚSS |
|---|---|---|
| Desjamýri 1 | 7.420 m² | 2.970 m² |
| Desjamýri 2 | 3.140 m² | 1.570 m² |
| Desjamýri 3 | 8.580 m² | 3.430 m² |
| Desjamýri 4 | 3.320 m² | 1.660 m² |
| Desjamýri 5 | 8.780 m² | 3.510 m² |
| Desjamýri 6 | 3.500 m² | 1.750 m² |
| Desjamýri 7 | 8.780 m² | 3.510 m² |
| Desjamýri 8 | 3.870 m² | 1.935 m² |
| Desjamýri 9 | 7.010 m² | 2.800 m² |
| Desjamýri 10 | 4.400 m² | 2.220 m² |

MOSFELLSBÆR

MOSFELLSBÆR ER ÖRT STÆKKANDI BÆJARFÉLAG OG ERU ÍBÚAR TÆPLEGA 8000 TALSINS. ALLS STAÐAR ER STUTT Í ÓSNORTNA NÁTTÚRU OG FALLEGT UMHVERFI Í MOSFELLSBÆ. Á NÆSTU ÁRUM ER FYRIRHUGUÐ MIKIL UPPBYGGING Í TENGSLUM VIÐ NÝ ÍBÚÐAHVERFI Í BÆNUM. JAFNFRAMT ÞVÍ ER LÖGÐ MIKIL ÁHERSLA Á AÐ STUÐLA AÐ ÖFLUGRI ATVINNUUPPBYGGINGU.

WWW.MOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Illmenni og kýr*

Íslenska landnámskýrin er eins og þjóðin. Lítil, krúttleg og afskaplega dugleg. Hún kom með forfeðrum okkar til landsins í opnum báti yfir Atlantshafið. Á skinnum afkvæma hennar er saga okkar rituð og mjólk hennar hélt lífi í þjóðinni öldum saman. Í Íslendingasögum eru mjólkurafurðir oft drifkraftur sögunnar og þeir sem hafa lesið Sjálfstætt fólk eftir sjálft Nóbelsskáldið vita að sjaldan er dauðinn jafn harmrænn í skáldsögu og þegar hann hittir kálf fyrir.

**ÞAÐ** var löngun Hallgerðar Höskuldsdóttur í góðan ost í Hlíðarendabúr sem varð til þess að spádómurinn um þjófsaugun rættist. Það að eiginmaður hennar hafði rekið henni kinnhest fyrir það eitt að sækja mjólkurafurðir sýnir best hversu mikil liðleskja Gunnar var og slíkur búskussi að halda ekki almennilegri nyt í kúnum. Kýr eru næsta guðlegar verur í bókmenntum og því ekki að undra þótt Gunnar hafi verið drepinn skömmu síðar.

**ÍSLENDINGASÖGURNAR** greina frá því að aðeins truflað fólk kunni ekki að meta mjólkurafurðir – fólk eins og Egill Skallagrímsson. Hann hefur ábyggilega ekki drukkið nægilega mikið af mjólk, líklega verið með mjólkuróþol ofan á drykkjusýkina. Þið munið nú hvað gerðist þegar Egill fékk skyr að drekka hjá fjandmanni sínum Ármóði. „Síðan þeysti Egill upp úr sér spýju mikla og gaus í andlit Ármóði, í augun og nasarnar og í munninn; rann svo ofan um bringuna.“ Daginn eftir skar Egill svo skeggið af Ármóði og krækti úr honum augað. Fleiri svipuð atvik gerast eftir mjólkurdrykkju í sögunni og enn fleiri í öðrum Íslendingasögum. Af lýsingunum dreg ég þann lærdóm að aðeins illmenni fúlsi við mjólk. Hún getur þó orðið þeim til lífs eins og sjá má þegar Egill hyggst svelta sig í hel en misheppnast þegar honum er gefin mjólk að drekka fyrir misgá.

**MJÓLK** er drykkur góðs fólks og á kálfskinn eru rituð stórvirki – um það tjáir ekki að deila. Í samtímanum gorta íslenskir matvælaframleiðendur mest af gæðum íslenskra mjólkurafurða. Það að vilja blanda hinni dásamlegu landnámskú við aðrar kýr og óæðri hljómar eins og drottinsvik í mín eyru. Stígum varlega til jarðar og minnumst kvæðis Sigurðar Sigurðssonar dýralæknis: Búkolla mín baular nú/og biður menn að hafa trú/ á litskrúðugri landnámskú/sem lífið þakka megum./ Hennar mjólk er holl og góð/ heilsubrunnur vorri þjóð./Kynið hreina sýnir sjóð/sem við bestan eigum.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 30. október, 303. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.03 | 13.11 | 17.19 |
| Akureyri | 8.57 | 12.56 | 16.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
HEKLA